

Rannsóknarrit nr. 3:

Áfangaskýrsla I – Stöðulýsing og upphaf framkvæmda á Austurlandi



Desember 2006

Ritstjóri
Kjartan Ólafsson



BYGÐARANNSÓKNASTOFNUN
ÍSLANDS



Próunarfélag Austurlands



Bygðastofnun



lónaðar- og
viðskiptaráðuneytið

Kjartan Ólafsson (ritstjóri)
Enok Jóhannsson
Jón Þorvaldur Heiðarsson
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir
Valtýr Sigurbjarnarson

Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi

Áfangaskýrsla I – Stöðulýsing og upphaf framkvæmda á Austurlandi

Eftirtaldir aðilar standa að verkefninu:

Byggðarannsóknastofnun Íslands
Þróunarfélag Austurlands
Byggðastofnun
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið

Áfangaskýrsla I – Stöðulýsing og upphaf framkvæmda á Austurlandi

Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi - Rannsóknarrit nr. 3

Allur réttur áskilinn ©2006

Byggðarannsóknastofnun Íslands
Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri,
Sími 460-8900, Fax 460-8919
Netfang: rha@unak.is
Veffang: <http://www.brsi.is>

Áður hafa komið út:

1. Jón Þorvaldur Heiðarsson (2005) *Íbúafjöldi og þörf á íbúðarhúsnæði á Austurlandi árið 2008.* Akureyri, BRSÍ
2. Kjartan Ólafsson (2005) *Könnun meðal fólks á Austur- og Norðausturlandi haustið 2004.* Akureyri, BRSÍ

EFNISYFIRLIT:

- Ágrip og helstu niðurstöður	7
- Formáli	11
1. Inngangur	13
2. Saga stóriðjuframkvæmda á Austurlandi	19
3. Samfélagsleg áhrif stóriðjuframkvæmda	33
4. Gögn og aðferðir	47
5. Íbúafjöldi	57
6. Efnahagur	75
7. Vinnumarkaður	87
8. Húsnæðismarkaður	105
9. Opinber grunngerð	119
10. Sveitarfélög	123
11. Þjónusta	133
12. Samfélag og lífsstíll	143
13. Ferðaþjónusta	161
14. Niðurstöður og umræða	169
- Heimildir	175

ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Þann 15. mars 2003 voru undirritaðir á Reyðarfirði samningar sem marka upphaf einhverra umfangsmestu framkvæmda í Íslandssögunni. Kjarninn í þessum framkvæmdum er annars vegar álver Alcoa og hins vegar Kárahnjúkavirkjun en heildarfjárfesting þessara tveggja framkvæmda nemur um 195 milljörðum króna.
- 11. mars 2003 var samþykkt þingsályktun um að fela Bygðarannsóknastofnun Íslands, í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands, að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi gætir mest. Rannsóknin fer fram á tímabilinu 2004-2009.
- Saga stóriðjuuppbyggingar á Austurlandi á sér langa sögu en aldrei náðist að hefja þar slíka starfsemi fyrr en með þeim framkvæmdum sem rannsóknin snýr að. Ýmsar hugmyndir um virkjun fyrir stóriðju í landshlutanum komu fram á undanförunum áratugum, m.a. 1973 um gríðarstóra virkjun í Fljótsdal. Þessar endurteknu tilraunir til uppbyggingar orkufreks iðnaðar í landshlutanum hafa sett sitt mark á samfélagið og eiga líklega sinn þátt í að skapa miklar væntingar til framkvæmdanna.
- Áhrifasvæði rannsóknarinnar skiptist í þrennt eftir vegalengd frá framkvæmdasvæðunum og er miðað við tveggja klukkustunda akstur tíma. Þetta eru *miðsvæði Austurlands* að Vopnafjarðarhreppi í norðri og að Breiðdalsvík í suðri, *norðursvæði* frá og með Vopnafjarðarhreppi til og með Þingeyjarsveit og *sudursvæði* frá og með Breiðdalshreppi til og með sveitarfélaginu Hornafirði. Rannsóknin byggir m.a. á gögnum úr tveimur almennum úrtakskönnunum á áhrifasvæði framkvæmdanna og einni á landsvísu, könnun meðal fyrirtækja, viðtalskönnunum meðal almennings og ýmsum opinberum gögnum.
- Þróun íbúafjölda á Austurlandi frá 1998 eftir undirsvæðum hefur verið þannig að miðsvæði Austurlands sker sig algerlega úr. Íbúafjölgun er nær algerlega bundin við Hérað og Fjarðabyggð.

- Aldurssamsetning mannfjöldans á Austurlandi hefur m.a. einkennst af því að hlutfall einstaklinga sem eru á virkustum vinnualdri (18-62 ára) er heldur lægra en á landinu í heild, m.a. vegna brottflutnings fólks á þessum aldri. Árið 1998 voru 25% íbúa á Austurlandi 18-62 ára samanborið við 30% á landinu í heild og 33% í Reykjavík. Þessi þróun hefur snúist við frá 2002 og hefur fjölgað áberandi í þessum aldurshópum. Mannfjöldapýramídi fyrir miðsvæði Austurlands árið 2005 gefur til kynna mikla fjölgun karla á aldrinum 25-65 ára.
- Búferlaflutningar frá útlöndum til svæðisins hafa verið afar miklir eða 2.100 manns frá árinu 1998 og síðastliðin ár er fyrst og fremst um erlenda starfsmenn við framkvæmdirnar að ræða. Búferlaflutningar gagnvart öðrum landshlutum hafa á miðsvæði Austurlands verið nánast í jafnvægi og nokkur aðflutningur umfram brottflutning árið 2003. Á norður- og suðursvæðum hafa brottfluttir hins vegar verið fleiri en aðfluttir frá öðrum landshlutum frá upphafi framkvæmdanna.
- Erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað mjög á rannsóknarsvæðinu frá árinu 2000. Í árslok 2005 voru þeir tæplega 2.600, þar af tæplega 2.300 á miðsvæðinu. Fjölgun erlendra ríkisborgara er öll á miðsvæði Austurlands og mun meiri meðal karla en kvenna. Tíu karlar með útlent ríkisfang á miðsvæði eru á móti hverri konu með útlent ríkisfang.
- Atvinnutekjur á einstakling á vinnualdri hafði verið rétt undir landsmeðaltali á Austurlandi frá 1998 en árið 2005 varð hins vegar sú breyting að Austurland fór upp fyrir landsmeðaltal. Tekjur í úrvinnslu hækka mikið eftir 2002 en tekjur í frumvinnslu hafa farið lakkandi. Í einstökum atvinnugreinum hækka mjög tekjur í fasteigna- og viðskiptaþjónustu sem og mannvirkjagerð. Hvort tveggja er auðskiljanlegt og eðlilegt í ljósi framkvæmdanna á Austurlandi. Atvinnutekjur í aðalstarfi hækka töluvert meira á Austurlandi þessi ár en á landinu öllu.
- Samkvæmt úrtakskönnun árið 2004 er mikill munur á ánægju íbúa með atvinnutekjur sínar eða fjölskyldna sinna eftir svæðum. Ánægja með tekjur er áberandi mest á miðsvæði en minnst á norðursvæðinu.
- Aðspurðir um trú á bætta afkomu sína í tengslum við stóriðjuframkvæmdirnar skera íbúar miðsvæðis sig úr. Þar telur mun stærri hluti íbúanna að framkvæmdirnar bæti fjárhagslega afkomu þeirra en á öðrum svæðum. Góð fylgni er á milli fjarlægðar frá framkvæmdunum og afstöðu íbúanna til þessara þátta.

- Hvað varðar trú íbúa á Austurlandi á bættri afkomu sinni vegna reksturs álversins sker miðsvæðið sig einnig úr. Þar hafa 35% íbúanna frekar eða mjög mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni vegna starfrækslu álvers á Reyðarfirði. Litlar væntingar eru um þetta annarsstaðar á rannsóknarsvæðinu en það vekur athygli að á öðrum svæðum (svæði utan rannsóknarsvæðis þangað sem hluti fólks í úrtakinu hafði flutt áður en spurt var) virðast vera töluverðar væntingar um þetta.
- Í viðtalskönnun sem gerð var árið 2002 kom fram að viðmælendur töldu hlutfallslega lág laun og einhæfni atvinnulífs neikvæða þætti hvað varðar vinnumarkað.
- Skráð atvinnuleysi hefur verið lægra en landsmeðaltal á Austurlandi undanfarin 10 ár og breyst í sama takti. Það hefur verið hverfandi lítið undanfarin 3 ár, eins og vænta mátti í því þensluástandi sem ríkt hefur. Munur á atvinnuleysi karla og kvenna hefur haldist í hendur. Framkvæmdirnar virðast því ekki síður hafa haft áhrif á atvinnu kvenna á Austurlandi en karla.
- Með því að skoða þá sem eru skráðir á vinnumarkaði (starfandi auk skráðra atvinnulausra) sem hlutfall af öllum á vinnualdri vekur athygli að svo virðist sem atvinnuþátttaka sé meiri á Austurlandi en á landinu öllu sem nemur um þremur prósentustigum og er þó atvinnuþátttaka á Íslandi með því hæsta sem þekktist.
- Í könnun haustið 2004 var spurt um hvert fólk sótti til vinnu. Eins og eðlilegt er sóttu langflestir vinnu á sama stað og þeir bjuggu, en mjög lítil atvinnusókn reyndist vera á milli landfræðilegra nálægra staða. Sú þróun sem víða hefur orðið, að fólk búi ekki endilega þar sem það vinnur, virðist ekki enn hafa átt sér stað á Austurlandi en mun greinilega breytast með tilkomu álvers þegar tekið er tillit til áhuga íbúa annarra bæja en Reyðarfjarðar á að sækja þar um vinnu.
- Í könnun haustið 2004 voru þátttakendur spurðir hvort þeim þætti það líklegt eða ólíklegt að þeim myndu sækjast eftir vinnu við álver í Reyðarfirði. Þegar niðurstöður eru greindar eftir aldri og búsetu telja um 3% fólks á aldrinum 18-27 ára, sem búsett er á Mið-Austurlandi, það mjög líklegt að það muni sækja um vinnu við álver í Reyðarfirði og um 16% til viðbótar telja það frekar líklegt. Ekki kemur á óvart að hlutfall þeirra sem telja þetta mjög eða frekar líklegt er langhæst í bæjunum í Fjarðabyggð eða 15-31% íbúa á aldrinum 18-62 ára.
- Fyrir framkvæmdir var verð á húsnæði lágt, og fyrir þá sem vantaði húsnæði var það gjarnan fyrsti valkostur að leigja í stað þess að kaupa. Lítið var byggt. Í könnun 2004 var spurt um væntingar til hækkunar húsnæðisverðs. Væntingarnar

reyndust mestar nálægt álverinu en mun minni þegar komið var út fyrir atvinnusóknarsvæði þess.

- Húsnæðisverð hækkaði almennt á Austurlandi eftir 2003. Hornafjörður sker sig þó úr. Þar hefur verðið stöðugt lækkað frá 1999. Verð á Fljótsdalshéraði hefur alltaf verið hærra en í Fjarðabyggð. Árið 2005 minnkaði þessi munur verulega. Verð íbúðarhúsnæðis á Mið-Austurlandi virðist stefna í að verða svipað og á Akureyri en er þó enn aðeins lægra. Minni gerjun virðist hafa átt sér stað á markaði með atvinnuhúsnæði og hefur ekki verið byggt áberandi meira af því síðastliðin 2-3 ár en árin þar á undan.
- Áhrif á rekstur sveitarfélaga virðast fyrst og fremst eiga sér stað á mesta áhrifasvæði framkvæmdanna. Í grófum dráttum má segja að þeirra gæti aðeins með beinum hætti í Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppi og Fljótsdalshéraði og að hluta til í Austurbyggð. Samkvæmt skoðanakönnunum og viðtölum við einstaklinga eru áhrifin staðbundnari en flestir höfðu reiknað með. Þetta á sérstaklega við um skammtímaáhrif en meiri óvissa er um áhrifin til lengri tíma lítið.
- Samhliða fjölgun íbúa, auknum umsvifum og samgöngubótum hefur verslun á miðsvæði Austurlands orðið fjölbreyttari og samkeppnishæfari, íbúum til hagsbóta enda mikilvægur þáttur í búsetuskilyrðum. Þá hafa margar sérvöruverslanir og þjónustufyrirtæki sett upp útibú á undanförunum árum.
- Ferðaþjónusta hefur sótt í sig veðrið á Austurlandi. Milli árána 2001 og 2004 fjölgaði gistinóttum um 29 % á Austurlandi samanborið við 24% á landinu öllu og 12% á Norðurlandi eystra. Nærtækt er að álykta að þessi aukning skýrist fyrst og fremst af stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi en fleira gæti komið til, s.s. að ný Norröna hóf siglingar til og frá Seyðisfirði vorið 2003
- Þegar sjónum er beint að andanum í samfélaginu, eða þeirri óáþreifanlegu upplifun sem fólk hefur af sínu nánasta umhverfi, má ráða að stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hafi haft og muni hafa mikil áhrif í samfélaginu, þegar til lengri tíma er lítið. Í því sambandi er mikilvæg sú alda bjartsýni sem fór um samfélagið á Mið-Austurlandi við upphaf framkvæmdanna og sem gæti mögulega virkjað sköpunarkraft einstaklinga á svæðinu en hann er talinn veigamikill þáttur til að skýra mismunandi nýsköpunarvirkni á ólíkum landssvæðum.

FORMÁLI

Þann 11. mars 2003 var samþykkt samhljóða á Alþingi eftirfarandi þingsályktun um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi:

Alþingi samþykkir að fela Bygðarannsóknastofnun Íslands, í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands, að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi gætir mest. Verkefninu verði ætlað fé í fjárlögum í sex ár frá og með árinu 2004. Bygðarannsóknastofnun skili formlegum skýrslum til ráðherra byggðamála í lok árs 2005 og 2007 og síðan í lok verkefnisins. Þá verði stofnunin stjórnvöldum til ráðuneytis á tímabilinu verði þess óskað.

Í kjölfarið óskaði Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið eftir því við Bygðarannsóknastofnun að hafinn yrði undirbúningur slíkrar rannsóknar. Stofnunin skilaði verkáætlun fyrir rannsóknina haustið 2003 og var þá hafist handa við fjármögnun verksins. Það var þó ekki fyrr en í apríl 2004 að samningur var undirritaður og vinna gat hafist. Fjórir aðilar koma að verkefninu, Bygðarannsóknastofnun, Þróunarfélag Austurlands, Bygðastofnun og Iðnaðarráðuneytið. Rannsóknarverkefnið mun standa í sex ár eða frá árinu 2004 til loka ársins 2009.

Rannsókn á samfélagsáhrifum virkjana- og álversframkvæmda á Austurlandi er mikilvæg fyrir margra hluta sakir, en þrennt skiptir þó mestu.

- Í fyrsta lagi gefst með henni einstakt tækifæri til að safna gögnum sem geta orðið grundvöllur að mati sambærilegra (eða áþekkra) stórverkefna í framtíðinni.
- Í öðru lagi gefast stjórnvöldum með slíkri rannsókn, bættar forsendur til að lágmarka neikvæðar afleiðingar sem kunna að hljótast af verkefnum en hámarka hinar jákvæðu.
- Í þriðja lagi hefur rannsókn af þessu tagi mikilvægt vísindalegt gildi í alþjóðlegu samhengi og rennir stoðum undir íslenskt rannsóknasamfélag um byggðatengd málefni.

Í þeirri verkáætlun sem lögð er til grundvallar er miðað við að gagnaöflun standi til loka ársins 2008 en rannsókninni sé að fullu lokið árið 2009. Rannsóknin tekur í öllum

meginatriðum mið af þeim skýrslum sem ritaðar hafa verið í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna hvað varðar efnistöð. Þannig er sjónum beint að þróun mannfjölda, efnahag, vinnumarkaði, sveitarfélögum, húsnæðismálum, margvíslegri þjónustu, opinberri grunngerð, nýtingu lands og auðlinda og anda samfélagsins almennt. Notast er við ýmsar rannsóknaraðferðir með það að markmiði að afla fjölpættra gagna. Gögnum er safnað frá opinberum aðilum og framkvæmdaaðilum, gerðar eru úrtaksrannsóknir og tekin viðtöl við einstaklinga jafnt sem forsvarsmenn fyrirtækja.

Sú skýrsla sem hér liggur fyrir er fyrri áfangaskýrsla verkefnisins. Áður hafa komið út tvær skýrslur á vegum verkefnisins. Annars vegar skýrsla um könnun meðal fólks á Austur- og Norðausturlandi 2004 (Kjartan Ólafsson, 2005) og hins vegar skýrsla um íbúafjölda og þörf á íbúðarhúsnæði árið 2008 (Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2005). Aðeins hluti þess efnis sem birt var í þessum skýrslum er endurtekið í þeirri áfangaskýrslu sem hér liggur fyrir.

Upphaflega skipuðu verkefnistjórnina Grétar Þór Eypórsson af hálfu Bygðarannsóknastofnunar og var hann formaður, Stefán Stefánsson fyrir Þróunarfélag Austurlands, Snorri Björn Sigurðsson fyrir Bygðastofnun og Baldur Pétursson fyrir Iðnaðarráðuneyti. Svanfríður Jónasdóttir hefur nú tekið við af Grétari Þór Eypórssyni sem fulltrúi Bygðarannsóknastofnunar og formaður og Andrés Svanbergsson komið inn í stjórnina sem fulltrúi Iðnaðarráðuneytis í stað Baldurs Péturssonar. Þá hefur Hjalti Jóhannesson sérfræðingur hjá RHA tekið við stjórn rannsókna af Kjartani Ólafssyni sem er ritstjóri þessarar skýrslu.

1. INNGANGUR

1.1. Aðdragandi

Þann 15. mars 2003 voru undirritaðir á Reyðarfirði samningar sem marka upphaf einhverra umfangsmestu framkvæmda í Íslandssögunni. Kjarninn í þessum framkvæmdum er annars vegar álver Alcoa og Kárahnjúkavirkjun en heildarfjárfesting þessara tveggja framkvæmda nemur um 195 milljörðum króna. Á undirbúningstíma bar nokkuð á því að upplýsingar skorti um samfélags- og efnahagslega þætti. Þetta kom m.a. fram í nokkuð umfangsmikilli¹ rannsóknarvinnu sem fram fór til að meta möguleg áhrif þessara framkvæmda hvorrar fyrir sig það er að segja Kárahnjúkavirkjunar (Grétar Þór Eyþórsson, Kjartan Ólafsson og Hjalti Jóhannesson (2001) og álvers Alcoa (Nýsir hf., ráðgjafarþjónusta (2002)². Mikilvæg forsenda þess að ráðist er í framkvæmdir við álver og virkjun á Austurlandi eru hins vegar einmitt þau áhrif sem vænta má af þessum framkvæmdum, bæði á þjóðarhag og samfélag á Austurlandi. Í fréttatilkynningu frá Alcoa (www.alcoa.com, 2003) var enda lögð sérstök áhersla á einmitt þetta atriði en þar sagði:

Alls skapast 750 ný störf á Austurlandi með tilkomu álversins, þar af um 450 í álverinu sjálfu og um 300 í tengdum iðnaði, þjónustu og verslun. Þessi nýju störf munu renna styrkum stöðum undir atvinnulíf á Austurlandi en á undanförunum árum hefur störfum fækkað þar samhliða breytingum í sjávarútvegi og landbúnaði. Bygging og starfsemi álversins mun snúa við neikvæðri byggðapróun á Austurlandi.

Gangi þetta eftir er ljóst að í þessum framkvæmdum er fólgið tækifæri fyrir stjórnvöld til að hamla gegn þeirri neikvæðu þróun byggðar Austurlandi sem hefur átt sér stað á undanförunum árum. Á fyrstu árum þessarar aldar þegar teknar voru ákvarðanir um upphaf framkvæmda voru um 11.800 íbúar skráðir til heimilis á Austurlandi öllu og hafði þá aðeins fjölgað um 3.300 alla 20. öld. Á sama tíma þrefaldaðist hins vegar íbúafjöldi á

¹ Deila má um hvort umfangið er mikið eða lítið en sé miðað við rannsóknir á samfélagslegum áhrifum framkvæmda á Íslandi má fullyrða að engin framkvæmd hefur verið skoðuð jafn ýtarlega. Þegar hins vegar er miðað við umfang rannsókna á náttúrufarslegu umhverfi þessara framkvæmda er umfang hinna samfélagslegu rannsókna tiltölulega lítið.

² Þessar rannsóknir voru hluti af mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna.

landinu öllu! Síðustu þrjú áratugi 20. aldar hafa skipst á skin og skúrir hvað varðar þróun fólksfjölda á Austurlandi. Tímabilið 1971-1979 var vaxtarskeið og íbúum fjölgaði um 10%. Áratuginn þar á eftir, 1979-1990, fjölgaði íbúum mjög hægt eða aðeins um 1,5%. Frá 1990 hefur íbúum á Austurlandi hins vegar fækkað um nálega 1% á ári eða samtals um rúmlega 10% en á síðasta áratug 20. aldar voru afar miklir búferlaflutningar frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis.

Fólksfækkun þarf í sjálfu sér ekki að vera neikvæð en hins vegar mátti sjá ýmis merki þess að sú fólksfækkun sem orðið hafði á Austurlandi hefði haft ýmsar óheppilegar afleiðingar fyrir samfélagið og afar æskilegt væri að hægja í það minnsta á þessari fækkun. Fólksfækkun sem nemur 1% á ári verður enda að teljast hraðari en svo að samfélagið geti aðlagast breytingunum án þess að hætta skapist á gliðnun þess. Í þessu sambandi skiptir miklu að fólksfækkunin á Austurlandi hafði ekki orðið jöfn í öllum aldurshópum. Væri aldursskipting íbúa á Austurlandi borin saman við aldursskiptingu Íslendinga allra mátti sjá að nokkuð vantaði upp á að hlutfall fólks á aldrinum 20-34 ára væri það sama á Austurlandi og meðal þjóðarinnar í heild. Þetta átti sérstaklega við um konur. Jafnframt mátti sjá merki um að þetta gæti haft stigvaxandi neikvæðu afleiðingar til framtíðar á því að árgangar barna undir fimm ára aldri voru hlutfallslega minni á Austurlandi en meðal þjóðarinnar í heild. Þetta var augljós ógnun við mannlíf á svæðinu til framtíðar. Ekki síst er alvarleg sú staðreynd að ungar konur virtust hafa flutt burt í mun ríkari mæli en eldri konur gerðu þegar þær voru á sama aldri (sjá: Grétar Þór Eypórsson, Kjartan Ólafsson og Hjalti Jóhannesson (2001).

Sú þróun sem orðið hafði á Austurlandi er vitaskuld aðeins hluti af stærra samhengi búsetuþróunar á Íslandi á 20. öld. Á höfuðborgarsvæðinu hefur orðið til vaxtarsvæði með tilheyrandi uppgangi og velmegun í efnahags- og menningarlífi sem laðað hefur til sín stóra hópa fólks, einkum yngra fólk af landsbyggðinni. Hinar dreifðu byggðir geta með engu móti keppt við þá fjölbreytni náms og starfa sem er að finna á höfuðborgarsvæðinu og gerð er sívaxandi krafa um í nútímasamfélagi. Þetta hefur leitt mörg sveitarfélög á Íslandi, sem lakari burði hafa til að bjóða upp á þessa fjölbreytni, inn í vítahring fólksfækkunar og versnandi búsetuskilyrða (Myrdal, 1957; Stefán Ólafsson, 1997; Hjalti Jóhannesson, 2003; Bygðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun, 2003). Þetta er baksvið stóriðjuframkvæmdanna og fullvíst að margir vonast til að með þeim framkvæmdum sem nú eru hafnar skapist möguleikar til að snúa þessari þróun við á Mið-Austurlandi. Hvernig þessi áhrif munu dreifast innan Austurlands og á landsvísu er einnig áleitin spurning. Sú rannsókn, sem þessi rannsóknarskýrsla er hluti, af mun leitast

við að svara þessum spurningum að svo miklu leyti sem breytingar munu eiga sér stað á framkvæmdatíma og fyrstu rekstrarárum virkjunarinnar og álversins.

Þegar rætt er um áætluð áhrif af þeim framkvæmdum sem hér um ræðir er hins vegar brýnt að hafa í huga að fjölmargir þættir hafa áhrif bæði á umfang og eðli þeirra. Best er að lýsa áhrifum framkvæmda af því tagi sem Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði eru, á þann hátt að þær feli í sér mikla **möguleika til breytinga** en ekki endilega fyrirsjáanleg áhrif þar sem áhrifin eru t.d. mismunandi frá einum stað til annars. Áhrifin sem verða, ráðast semsagt að verulegu leyti á því samfélags- og landfræðilega samhengi sem um ræðir hverju sinni. Þetta felur í sér að séu upplýsingar um þróun samfélagsins á hverjum tíma aðgengilegar helstu lykilaðilum (sveitarstjórnnum, ríkisvaldi, framkvæmda- aðilum og fleirum) gefst þeim sem tengjast verkefninu á einn eða annan hátt færi á að halda neikvæðum áhrifum þess í lágmarki en hámarka hin jákvæðu áhrif.

1.2. Um rannsóknina

Þann 11. mars 2003 var samþykkt á Alþingi ályktun þess efnis að fela skyldi Bygðarannsóknastofnun Íslands, í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands (nú Þróunarfélag Austurlands), að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi gætir mest. Rúmu árið síðar eða þann 7. apríl 2004 var undirritaður samningur milli Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, Bygðastofnunar, Bygðarannsóknastofnunar og Þróunarstofu Austurlands um framkvæmd og fjármögnun verkefnisins. Fulltrúar samningsaðila mynda verkefnistjórn sem hefur yfirumsjón með framkvæmd verkefnisins eins og fram kemur í formála. Vinna við rannsóknina fer eftir ítarlegri verkáætlun sem unnin var af Bygðarannsóknastofnun árið 2003 (Bygðarannsóknastofnun, 2003). Helstu kennileiti rannsóknarinnar eru eftirfarandi:

Rannsóknartími: Vinna hófst á árinu 2004 og lýkur síðla árs 2009 en niðurstöðum er reglulega komið á framfæri með ráðstefnum, skýrslum og á netinu.

Rannsóknarsvæði: Áhersla á Austur- og Norðausturland en einnig lítið til nokkurra lykilkþátta, svo sem þróunar búsetu- og atvinnuhátta á landsvísu.

Gagnaöflun: Miðast við að tryggja fjölbreytilega úrvinnslumöguleika og skiptist í eftirfarandi undirþætti:

- **Opinber gögn.** Söfnun margvíslegra tölulegra upplýsinga frá opinberum aðilum; til dæmis Hagstofunni og sveitarfélögum.

- **Gögn framkvæmdaaðila.** Söfnun margvíslegra lykilupplýsinga frá framkvæmdaaðilum, einkum er varða umsvif starfseminnar og atriði er lúta að starfsmönnum þeirra s.s. lögheimili þeirra, menntun o.þ.h..
- **Úrtaksrannsóknir meðal fólks á Austurlandi og landinu öllu.** Spurningalistakannanir þar sem leitast verður við að afla upplýsinga um breytingar á högum fólks og viðhorf þess.
- **Viðtalsrannsóknir meðal fólks og forsvarsmanna fyrirtækja.** Samtöl þar sem leitast er við að fá fram ýmsar upplýsingar sem ekki er unnt að nálgast eftir öðrum leiðum, til dæmis frá forsvarsmönnum fyrirtækja og stofnana en einnig að rannsaka þá merkingu sem fólk leggur í ýmis grundvallarhugtök.
- **Kannanir meðal fyrirtækja.** Sendir spurningalistar til fyrirtækja þar sem aflað verður margvíslegra grunnupplýsinga um rekstur og afkomu.

Sú rannsókn sem hér um ræðir er vafalítið ein sú stærsta héraendis á sviði byggðamála og mikilvæg fyrir margra hluta sakir, en þrennt skiptir þó mestu: Eins og segir í rannsóknaráætluninni gefst með henni einstakt tækifæri til að safna gögnum sem geta orðið grundvöllur að mati sambærilegra (eða áþekkra) stórverkefna í framtíðinni. Í öðru lagi gefast stjórnvöldum með slíkri rannsókn, bættar forsendur til að lágmarka neikvæðar afleiðingar sem kunna að hljóta af verkefnunum en hámarka hinar jákvæðu. Í þriðja lagi hefur rannsókn af þessu tagi mikilvægt vísindalegt gildi í alþjóðlegu samhengi og rennir stóðum undir íslenskt rannsóknasamfélag um byggðatengd málefni.

Verkefnisstjórn stefnir að því að vægi rannsókna á efnahagslegum áhrifum framkvæmdanna verði aukið talsvert fyrir útkomu næstu áfangaskýrslu verkefnisins, jafnvel með sérstakri skýrslu og leitast verði eftir fremsta megni við að greina þau áhrif frá öðrum sem verða í samfélaginu á sama tíma. Sömuleiðis fari fram ítarleg söfnun og úrvinnsla gagna um lýðfræði og vinnumarkaðsmál í tengslum við framkvæmdirnar.

1.2. Rannsóknarvinnan

Eins og áður sagði hófst vinna við rannsóknina vorið 2004 þegar eftir undirritun samnings milli þeirra aðila er standa að verkefninu. Vinna við rannsóknina hefur verið unnin af fræðimönnum við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri og starfsmönnum Þróunarfélags Austurlands. Fagleg verkefnisstjórn hefur verið í höndum Kjartans Ólafssonar félagsfræðings hjá RHA og lektors við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri. en auk hans hafa af hálfu RHA þau Jón Þorvaldur Heiðarsson hagfræðingur, Hjalti Jóhannesson landfræðingur, Hjördís Sigursteinsdóttir rekstrarfræðingur, Valtýr

Sigurbjarnarson landfræðingur og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir einkum unnið af rannsókninni. Af hálfu Þróunarfélags Austurlands hafa þeir Halldór Eiríksson og Enok Jóhannsson einkum starfað að rannsókninni.

2. SAGA STÓRIÐJUFRAMKVÆMDA Á AUSTURLANDI

Í þessum kafla eru rakin í stórum dráttum þau áform sem uppi hafa verið síðustu áratugi um stóriðju og virkjanir á Austurlandi. Gerð er grein fyrir hvaða iðnaður var áætlaður hverju sinni og hvar ætlunin var að afla orku til hans. Hvert mál eða framkvæmd er tekin fyrir með hliðstæðum hætti í undirköflum hér á eftir.

Áður en að því kemur er þó rétt að víkja fáeinum orðum að atvinnustefnu á Íslandi síðast liðna áratugi. Í ljósi hennar og þess sterka ríkisafskiptakerfis sem hér hefur ríkt verða ýmsar ákvarðanir skiljanlegri en ella.

Það stefnumótunarkerfi sem Íslendingar hlutu í arf frá fyrri tíð hefur einkennst af mikilli miðstýringu, sterkri stöðu stjórnmalaflokkanna, miklu pólitísku vægi dreifbýlissjónarmiða og frumvinnslugreina og mikilli áherslu á fyrirgreiðslu fremur en almenna stefnumótun.

(Gunnar Helgi Kristinsson o. fl., (1992) *Atvinnustefna á Íslandi 1959-1991*, bls.29).

Þekktar eru hugmyndir frá fyrri tíð um nýtingu fallvatna og ber þar hæst baráttu Einars Benediktssonar skálds og athafnamanns. Hann sá fyrir sér mikla möguleika á þessu sviði og barðist m.a. fyrir framkvæmdum á Þjórsársvæðinu sem í fyllingu tímans hafa að mörgu leyti gengið eftir. Það gerðist þó ekki á vegum einstaklinga og hins frjálsa markaðar, sem svo er nefndur, heldur á vegum ríkisins.

Frá því á sjöunda áratugnum hefur hér á landi verið lagt kapp á nýtingu orkulinda landsins til iðnaðar. Á því sviði hefur verið um beint forystuhlutverk ríkisvaldsins að ræða, vegna stýringar þess á virkjunarframkvæmdum, áhrifa þess á orkusölu, og vegna beinna samninga þess við erlenda aðila um nýtingu orkunnar.

(Gunnar Helgi Kristinsson o. fl., (1992) *Atvinnustefna á Íslandi 1959-1991*, bls.103).

Allir stjórnmalaflokkar seinni hluta síðustu aldar (fjórflökkarnir) studdu stóriðju hér þó deilt væri um rekstrarform og hlutdeild erlendra aðila í slíkri starfsemi. Ekki virðist sennilegt að stóriðja verði þróuð hér á landi nema í samvinnu við erlend stórfyrirtæki þó að vilji þeirra til að fjárfesta í íslensku atvinnulífi hafi oft ekki verið jafn mikill og stjórnvöld vonuðust eftir. Því er ekki undarlegt þó mikil áhersla hafi verið lögð á að stuðla að slíkri starfsemi í áranna rás, og það hafi verið ein af meginstöðum í stefnu

stjórnvalda í atvinnumálum, þó árangurinn hafi ekki alltof orðið að vonum eins og nánar verður greint frá hér á eftir.

3.1. Almenn áform um stóriðju

Eftir að álverið var reist í Straumsvík á seinni hluta sjöunda áratugar síðustu aldar hafa ýmis áform um stóriðju á Íslandi verið til umræðu. Árið 1973 kom fram uppástunga frá Alusuisse til ríkisstjórnar Íslands um að þessir aðilar legðu saman krafta sína til að skoða ýmsa stóriðjukosti. Þar hefur Alusuisse vafalítið fyrst og fremst horft til mikillar orku sem hægt væri að framleiða hér á landi, enda er í þessum efnum vísað til ekki minna en 8000 GWh af tryggðri orku. Þarna hlýtur að vera átt við „langstærsta drauminn“ sem svo var nefndur, en hann fólst í miklum varnaflutningum norðan Vatnajökuls, vatnsmiðlunum og stórri virkjun í Fljótsdal. Ekkert varð af þessum áformun fremur en ýmsum öðrum eins og nú verður rakið.

3.2. Áform um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði

Í frumvarpi til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, sem lagt var fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981-82 átti að heimila ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutafélags sem mundi reisa og reka verksmiðju á Reyðarfirði til framleiðslu á kísilmálm. Málið átti sér um tveggja ára aðdraganda þar sem í stjórnarsáttmála þáverandi ríkisstjórnar var lögð áhersla á uppbyggingu nýiðnaðar sem byggði á innlendri orku og fyrstu athuganir sem fram fóru þar að lútandi vorið 1980 bentu til þess að framleiðsla á kísilmálm gæti verið hagkvæmur kostur. Skipuð var verkefnistjórn sem vann með ýmsum sérfræðingum og skilaði frá sér áfangaskýrslum á árinu 1981 og lokaskýrslu í mars 1982.

Stefnt var að því að kísilmálmverksmiðja risi við Mjóeyri í Reyðarfirði og var þar m.a. tekið mið af áliti staðarvalsnefndar iðnaðarráðuneytisins frá því í apríl 1981. Þar var möguleiki á stóru iðnaðarsvæði og hafnarskilyrði góð. Jafnframt lá svæðið vel við nálægum byggðarlögum. Ákvæði voru í frumvarpinu um heimild fjármálaráðherra til að kaupa jarðirnar Framnes, Sómastaði og Sómastaðagerði í Reyðarfirði með það fyrir augum að leigja hlutafélagi, sem stofnað yrði um rekstur kísilmálmverksmiðju, lóð undir stóriðnað úr landi jarðanna. Jafnframt átti að selja sérstökum hafnarsjóði, sem stofnaður skyldi, hluta landsins vegna hafnar við Mjóeyri.

Með þessu frumvarpi var stefnt að því að afla ríkisstjórninni nauðsynlegra lagaheimilda vegna iðjuvers, kísilmálmvinnslu, sem væri í meirihlutaeigu ríkisins, enda hefði ríkið forgöngu um stofnun hlutafélags sem byggði og ræki verksmiðjuna. Reiknað var með 25 þúsund tonna verksmiðju og að rekstur gæti hafist vorið 1985. Gert var ráð fyrir að við

verksmiðjuna mundu starfa um 130 manns og orkunotkun var áætluð 345 GWh á ári og mesta aflþörf um 45 MW.

Á þessum tíma var talið að næg orka yrði til staðar í landskerfinu fyrir rekstur kísilmálmverksmiðju. Jafnframt var talið að stoðlínukerfi landsins gæti flutt næga orku til verksmiðjunnar án vandkvæða. Þó var gert ráð fyrir að verksmiðjan gæti þurft að sæta álagstakmörkunum á fyrstu tveimur árunum, þar til Sprengisandslína yrði lögð 1986, eins og áform voru uppi um.

Samfélagsleg áhrif voru skoðuð, bæði tímabundin og varanleg. Áætlað var að eftirspurn eftir starfsliði á byggingartíma gæti orðið um 350 manns þegar flest væri en varanlega um 130 manns. Reiknað var með að fólki á svæðinu fjölgaði um 17% og afleidd þjónustustörf yrðu um 110. Samkvæmt því mundi rekstur verksmiðjunnar skapa með beinum og óbeinum hætti atvinnu fyrir um 240 manns, en það jafngildi 31% af þeim mannafla sem spáð var að kæmi inn á vinnumarkað á Mið-Austurlandi fram til ársins 1990.

Það frumvarp sem hér hefur verið rakið í stuttu máli varð að lögum nr. 70 frá Alþingi 17. maí 1982. Áfram var haldið með málið, sbr. tillögu til þingsályktunar vegna kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði sem lögð var fram á 105. löggjafarþingi 1982-1983. Þar var vísað til laganna frá 17. maí og ályktað að stefna ætti að gangsetningu verksmiðjunnar á árunum 1986-1988. Stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. var falið að gera skýrslu um starfsemi félagsins sem hún skilaði af sér til iðnaðarráðherra 7. janúar 1983. Þar var verksmiðjan talin vænlegur kostur í innlendri orkunýtingu og fyrri áform um hvenær hún tæki til starfa voru áréttað.

Þegar þarna var komið sögu voru efasemdir um að næg orka yrði til staðar fyrr en eftir að Blönduvirkjun kæmist í gagnið, en framkvæmdir við hana hófust 1984 og reiknað var með að hún tæki til starfa haustið 1987. Það varð reyndar ekki fyrr en haustið 1991, en þá hafði komið í ljós nokkru áður að ekki væri kaupandi að orkunni og því ekki ástæða til að hraða framkvæmdum.

3.2.1. Brostnar vonir

Ekkert varð úr þeim framkvæmdum sem stefnt var að með lagasetningunni frá 17. maí 1982. Ýmislegt kom þar til en afdrífarkast var að heimsmarkaðsverð á kísilmálm þótti ekki nægilega hátt til að hagkvæmt væri að láta reyna á rekstur kísilmálmverksmiðju, þrátt fyrir mikinn undirbúning og áherslur íslenskra stjórnvalda.

Væntingar heimamanna á Austurlandi um stóriðju í fjórðungnum enduðu því að þessu sinni með vonbrigðum.

3.3. Stóriðja í samstarfi við Atlantsálshópin

Eftir að hætt var við byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði liðu nokkur ár þar til næsta stóriðnaðarverkefni kæmist á dagskrá á Austurlandi. Það gerðist þegar svokallaður Atlantsáls-hópur sýndi áhuga á að byggja álver á Íslandi, (Alumax Inc., Gränges AB og Hoogovens Aluminium BV). Þau áform sem þá voru uppi snertu Austurland með tvennum hætti. Annars vegar með væntanlegri Fljótsdalsvirkjun, sem var ein af forsendum orkuöflunar fyrir álver, hvar sem það yrði og hins vegar með staðarvali, en þrjú svæði voru skoðuð, Eyjafjörður, Reyðarfjörður og Reykjanes. Í Eyjafirði var Dysnes talið vænlegasti kosturinn, þrjár staðir komu til greina á Reyðarfirði (að Eyri, Hrauni og Leirum) en á Reykjanesi þótti Keilisnes henta best.

3.3.1. Keilisnes valið

Eins og fram hefur komið hófust framkvæmdir við Blönduvirkjun 1984 en vonir stjórnvalda um stórkaupanda orkunnar brugðust þegar ekkert varð af áformum um kísilmálmvinnslu. Við þessar aðstæður var mikilvægt að ná samningum um stóriðju. Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar (MIL) var stofnsett 1988 til þess að tryggja samfelld markaðsstarf við að laða til Íslands erlenda fjárfesta. Sérstök ráðgjafarnefnd um áliðju var og skipuð 14. nóvember 1988 og á sama tíma var einnig skipuð nefnd um athugun á þjóðhagslegum áhrifum orkufrekrar stóriðju á Íslandi. Fleiri nefndir voru skipaðar sem tengdust stóriðnaði svo sem vegna umhverfisáhrifa og orkusölu.

Þetta er í fáeinum orðum forsaga þess að 13. mars 1990 var undirrituð sameiginleg viljayfirlýsing íslenskra stjórnvalda og Atlantsálshópsins. Í samræmi við yfirlýsinguna var Landsvirkjun heimilað að vinna að nauðsynlegum virkjanaundirbúningi á árinu 1990, þannig að hægt væri að sjá nýju álveri fyrir raforku haustið 1994. Um mitt ár 1990 var undirrituð sérstök bókun samningsaðila um stöðu viðræðna þar sem meðal annars var staðfest að athuganir varðandi staðsetningu yrðu eftir þann tíma bundnar við þrjú staði eins og getið hefur verið. Stefnt var að því að ljúka samningum um meginþætti málsins í september. Þeim áfanga lauk aðeins síðar eða í október, þegar lagður var grundvöllur að meginatriðum aðalsamnings. Þar var staðsetning álversins ákveðin á Keilisnesi. Þar með var draumur Austfirðinga um álver úr sögunni í það skiptið, en hins vegar stóðu vonir til þess að miklar framkvæmdir yrðu í fjórðungnum vegna Fljótsdalsvirkjunar.

Samkvæmt áætlunum Landsvirkjunar á þessum tíma var talið hagkvæmast, í framhaldi af Blönduvirkjun, sem eftir langan byggingartíma var loks tekin í notkun 1991, að anna

orkuþörf stóriðju með virkjun í Fljótsdal, framkvæmdum á Þjórsársvæðinu, stækkun Kröfluvirkjunar og 1. áfanga Nesjavallavirkjunar. Samhliða þessum virkjunarframkvæmdum var gert ráð fyrir stórfelldum línulögnum, enda bjó raforkukerfið yfir umframgetu eftir byggingu Blöndu og mikilvægt að línukerfi landsins réði við orkuflutninga milli landshluta til að afhenda orkuna þar sem kaupandi væri til staðar.

Iðnaðarráðherra gaf í apríl árið 1991 út leyfi til Landsvirkjunar fyrir 210 MW virkjun í Jökulsá í Fljótsdal og í framhaldi af því var virkjunin auglýst lögum samkvæmt. Virkjunarleyfið byggði á heimild í lögum um raforkuver sem samþykkt voru á Alþingi árið 1981 og gerði ráð fyrir allt að 330 MW virkjun í Fljótsdal. Í árslok 1991 var framkvæmdum hins vegar slegið á frest þar sem væntanlegur orkukaupandi frestaði áformum sínum um byggingu álvers á Keilisnesi.

3.3.2. Hætt við byggingu álvers

Þann 14. mars 1996 áttu fulltrúar álfyrirtækjanna sem stóðu að Atlantsálsverkefninu fund með fulltrúum ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar þar sem ákveðið var að endurmeta fyrri áætlanir um hagkvæmni þess að reisa álver á Keilisnesi. Skemmst er frá því að segja að þrátt fyrir mikinn undirbúning og að málið væri vel á veg komið, þá dró Atlantsálshópurinn áform sín til baka og hætti við byggingu álvers. Ástæðan var sú að Rússar settu svo mikið ál á markað um þessar mundir að ekki var hagkvæmt að byggja nýtt álver. Það átti ekki eingöngu við hér á landi, heldur var byggingu álvera víðar erlendis slegið á frest, eða hætt við þau.

Þegar hætt var við byggingu álvers á Keilisnesi kippti það grundvelli undan Fljótsdalsvirkjun, með endurteknum vonbrigðum fyrir þá sem séð höfðu fyrir sér uppbyggingu á Austurlandi vegna virkjunarframkvæmda.

3.4. Áætlanir um álver við Reyðarfjörð í samstarfi við Hydro Aluminium

Næsta stóra skrefið í stóriðnaðaráformum á Austurlandi var stigið um mitt ár 1999. Orku- og stóriðjunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (OSSSA) hafði unnið ötullega að athugunum á ýmsum möguleikum í samvinnu við og með stuðningi Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar (MIL), einkum árin 1997 og 1998.

Þessi vinna ásamt ýmsu öðru leiddi til formlegra viðræðna um byggingu álvers við Reyðarfjörð. Að þeim viðræðum komu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjun og Hydro Aluminium AS í Noregi. MIL vann að

Þessum málum og sá um samræmingu fyrir hönd iðnaðarráðuneytisins. Fulltrúar þessara aðila skrifuðu undir yfirlýsingu um þetta efni þann 29. júní 1999.

Það var yfirlýst markmið samstarfsaðila verkefnisins að tryggja eftir föngum að ákvörðun um að ráðast í fyrsta áfanga þess, sem var Fljótdalsvirkjun og 120 þúsund tonna álver við Reyðarfjörð, gæti legið fyrir 1. júní árið 2000 þannig að unnt yrði að taka orkuverið og álverið í notkun fyrir árslok 2003.

Í yfirlýsingunni var gerð grein fyrir viðskiptahugmyndinni sem lá að baki umræddri fjárfestingu, vinnu- og tímaáætlun næstu ellefu mánuði og skuldbindingum og fyrirætlunum samstarfsaðila. Stefnt var að því að árleg framleiðslugeta álversins yrði í upphafi 120 þúsund tonn og að það hæfi rekstur seinni hluta ársins 2003, en síðar væri mögulegt að stækka það í allt að 480 þúsund tonn. Gert var ráð fyrir að íslenskir fjárfestar og Hydro Aluminium ættu sameiginlega meiri hluta í álfyrirtækinu.

Til þess að álverið gæti hafið rekstur á tilsettum tíma þurfti Landsvirkjun að hefja framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun sumarið 2000 en mánuðina þarna á undan hafði verið unnið að gerð skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar. Skýrslan byggði á rannsóknum á náttúrufari á virkjunarsvæðinu sem áttu sér langa sögu. Árið 1975 hófust umhverfisrannsóknir vegna Bessastaðaár- og Fljótdalsvirkjana, en þá var m.a. lagður vegur upp á Fljótdalsheiði frá Bessastöðum inn á Grenisöldu og vinnubúðir reistar þar. Lögum um mat á umhverfisáhrifum sem tóku gildi 1994 voru ekki afturvirk og tóku því ekki til Fljótsdalsvirkjunar. Engu að síður ákvað stjórn Landsvirkjunar 1998 að láta vinna skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar m.a. til að kanna hvort forsendur um umhverfisáhrif virkjunarinnar hefðu breyst frá árinu 1991 þegar framkvæmdir hófust að fengnum öllum tilskildum leyfum samkvæmt þágildandi lögum. Skýrslan *Fljótsdalsvirkjun, umhverfi og umhverfisáhrif* kom út í nóvember 1999. Var hún eitt helsta fylgiskjal með þingsályktunartillögu iðnaðarráðherra sem samþykkt var á Alþingi í desember sama ár og staðfesti þann vilja þingsins að ráðist skyldi í Fljótsdalsvirkjun.

Um mitt ár 1999 hafði verið ákveðið að hefja að nýju undirbúning að útboðum fyrir Fljótsdalsvirkjun í samræmi við áform um að álver yrði byggt á Reyðarfirði sem hefja ætti framleiðslu síðla árs 2003. Unnið var að endurskoðun á fyrri hönnun, m.a. með hliðsjón af nýjum orkukaupanda og einnig til að draga eftir fremsta megni úr umhverfisáhrifum virkjunarinnar.

Áfram var unnið að málum á Austurlandi í takt við framangreinda yfirlýsingu frá 29. júní 1999 og til þess að festa áformin frekar í sessi og skilgreina þau nánar var svokölluðu Noral-verkefni komið á fót.

3.4.1. Noral-verkefnið

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, og fulltrúar Hydro Aluminium as, Hæfis hf. (sérstakt fyrirtæki í eigu hóps íslenskra fjárfesta), Landsvirkjunar og Reyðaráls hf. (sameiginlegt fyrirtæki í helmingaeigu Hydro Aluminium as og Hæfis hf.) undirrituðu viljayfirlýsingu 24. maí 2000 sem staðfesti áhuga og skuldbindingu allra sem að Noral-verkefninu komu, um að meta forsendur og hagkvæmni álvers í Reyðarfirði, nauðsynlegra virkjana og annarra tilheyrandi mannvirkja. Miðað var við að unnt yrði að taka ákvörðun fyrir 1. febrúar 2002 um hvort ráðist yrði í framkvæmdir. Með viljayfirlýsingunni vildu málsaðilar samræma vinnubrögð, með það að markmiði að hægt yrði að taka endanlega ákvörðun um það fyrir 1. febrúar 2002, hvort verkefninu yrði haldið áfram.

Reyðarál hf. annaðist undirbúning vegna álvers í Reyðarfirði. Eigendur Reyðaráls hf. tóku að sér að sjá fyrirtækinu fyrir nauðsynlegu fjármagni og öðru sem til þurfti vegna undirbúningsvinnu félagsins, þar á meðal verkfræði- og arðsemiáætlunum og mati á umhverfisáhrifum álversins í samvinnu við MIL.

3.4.2. Þáttaskil í virkjunarframkvæmdum

Ákveðin þáttaskil urðu í áformum um virkjanaframkvæmdir í lok febrúar 2000 þegar Reyðarál ákvað að miða undirbúning sinn vegna álvers í Reyðarfirði við tvöfalt stærri upphafsáfangu en áður hafði verið áformað, þ.e. að falla frá áformum um byggingu 120 þúsund tonna álvers í Reyðarfirði, en óska jafnframt eftir viðræðum við Landsvirkjun um rafmagnssamning fyrir álvers sem hefði afkastagetu fyrir 240.000 tonn á ári til að byrja með en að hún yrði síðar aukin upp í 360.000 tonn á ári. Tekið var fram í viljayfirlýsingu að álverið kynni í framtíðinni að verða stækkað í 480.000 tonn. Viðræður stóðu yfir meginhluta ársins og gert var ráð fyrir að endanleg ákvörðun lægi fyrir í ársbyrjun 2002 og framkvæmdir við nýja virkjun, Kárahnúkavirkjun hæfust þá um sumarið þannig að álverið og virkjunin gætu tekið til starfa á árinu 2006 ef samningar næðust.

Hugmyndir að virkjunum norðan Vatnajökuls eiga sér lengri sögu en hér er rakin, en margar þeirra tengjast ekki beint þeim framkvæmdum sem þetta vöktunarverkefni tekur til, nema fyrri rannsóknir vegna Kárahnjúkavirkjunar. Rétt er því að fram komi að rannsóknir vegna hennar, og fleiri virkjana á þessu svæði, höfðu staðið lengi yfir, eins og

að hluta til hefur komið fram, t.d. vegna Bessastaðaár- og Fljótdalsvirkjana. Hugsanleg útfærsla á Kárahnjúkavirkjun var meðal annars tekin fyrir í riti iðnaðarráðuneytisins árið 1994 þar sem t.d. segir um virkjunina:

Jökulsá á Brú er stífluð við suðurenda Kárahnjúka þar sem miðlunarlón virkjunarinnar verður (Hálslón). Frá því er vatni veitt í göngum að stöðvarhúsi neðanjarðar yst í Nordurdal í Fljótsdal með frárennslisgöngum út í Jökulsá í Fljótsdal í um 30 m.y.s.

Iðnaðarráðuneytið (1994) *Virkjanir norðan Vatnajökuls*, bls.37).

Á framangreindum grunni gat Landsvirkjun lagt fram breytt áform um virkjun jökulánna í Fljótsdal og á Jökuldal. Nú varð hagkvæmt að virkja fyrst við Kárahnjúka og þar með opnaðist möguleiki á að nota miðlun við Kárahnjúka fyrir vatn úr Fljótsdal í stað svæðisins við Eyjabakka.

Í lok mars árið 2000 var hafist handa við að undirbúa virkjun Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal saman í einni virkjun, Kárahnjúkavirkjun. Í júní lagði Landsvirkjun fram tillögu að matsáætlun vegna virkjunarinnar. Hópur verkfræðifyrirtækja, sem unnið hafði að verkhönnun Kárahnjúkavirkjunar frá því haustið 1999, lagði fram í júní drög að verkhönnun hennar og síðan var samið við hluta þessa hóps og fleiri fyrirtæki um að ljúka verkhönnuninni fyrir 1. júní 2001. Um sumarið var ráðist í margþættar rannsóknir á virkjunarsvæðinu vegna verkhönnunar. Stærstu rannsóknarþættirnir voru gerð 51 m langra jarðganga til að kanna berglög undir stíflustæði Kárahnjúkastíflu, ídælingartilraunir til að kanna þéttleika berglaga undir henni og boranir við væntanlega gangamunna.

Fram fór mikil vinna við mat á umhverfisáhrifum vegna Kárahnjúkavirkjunar. Tillaga að matsáætlun var send til Skipulagsstofnunar í júlí og birti stofnunin niðurstöðu sína í ágúst. Í tengslum við matið var ráðist í frekari rannsóknir á jarðfræði, náttúrufari og vatnafari áhrifasvæðis framkvæmdanna, en það nær frá Héraðsflóa allt inn til jökla. Um var að ræða umfangsmesta mat á umhverfisáhrifum sem fram hafði farið hér á landi. Öllum nauðsynlegum rannsóknum vegna matsins lauk um haustið og voru niðurstöður þeirra birtar í sérfræðiskýrslum sem fylgdu matsskýrslunni. Gert var ráð fyrir að hún yrði send til Skipulagsstofnunar í lok mars árið 2001. Við gerð svæðisskipulags Héraðs, sem unnið var að á þessum tíma, var tekið tillit til fyrirhugaðra mannvirkja virkjunarinnar í Fljótsdal.

Af hálfu Landsvirkjunar fór fram undirbúningur vegna nauðsynlegra breytinga á svæðisskipulagi miðhálandisins og vegna svæðisskipulags fyrir virkjunarsvæðið. Yrði af

uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Reyðarfirði væri nauðsynlegt að ráðast í byggingu tveggja háspennulína, (Fljótsdalslínur 3 og 4), frá tengivirki í Fljótsdal í aðveitustöð í Reyðarfirði sem munu liggja út Fljótsdalinn og yfir Hallormsstaðaháls og Skriðdal en síðan kvíslast um Hallsteinsdal og Þórudal niður í Reyðarfjörð um Áreyjardal, alls um 51 km leið. Skipulagsstjóri ríkisins féllst á framkvæmdina í lok maí en úrskurður hans var kærður til umhverfisráðherra. Umhverfisráðherra staðfesti síðan úrskurð skipulagsstjóra ríkisins í lok nóvember með því skilyrði að línurnar lægju samhliða um Hallormsstaðaháls.

Áfram var unnið samkvæmt þessum áformum og þau undirstrikuð með viðræðum milli íslenskra fulltrúa og fulltrúa norska fyrirtækisins Norsk Hydro í október 2000. Þar var rætt um stöðu verkefnis sem fjallað var um í Noral-yfirlýsingunni frá 24. maí 2000 og staðfest að undirbúningur Noral-verkefnisins gengi vel. Mat á arðsemi álvers í Reyðarfirði benti til þess að fyrirtækið yrði hagkvæmur fjárfestingarkostur en margt þyrfti að kanna nánar áður en unnt yrði að taka endanlega ákvörðun um framhaldið í byrjun árs 2002.

Á þessum tíma, október 2000, var gefin út skýrsla um Noral-verkefnið sem var unnin af starfshópi sem skipaður var í júní sama ár að frumkvæði iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Þar kom m.a. eftirfarandi fram:

Vinnuafliþörf vegna framkvæmda við virkjun og álver yrði um 2.300 störf (ársverk) og samanlagðar fjárfestingar Landsvirkjunar og Reyðaráls allt að 30 milljarðar króna á ári á tímabilinu 2003-2008 og að um 40% fjárfestinganna verði af innlendum uppruna.

Um 1.000 ný störf yrðu til á Mið-Austurlandi í álverinu og í tengslum við starfsemi þess.

Íbúum Mið-Austurlands gæti fjölgað um 2.000-2.500 manns vegna starfsemi álvers í Reyðarfirði. Þannig gætu íbúar þar verið orðnir 9.000-10.000 talsins árið 2010 í stað 7.000-7.500 án álvers eða annarrar uppbyggingar atvinnustarfsemi.

Nefnt er að þörf sé á að minnsta kosti 500 nýjum íbúðarhúsum á svæðinu á árinu 2003-2010 auk verksmiðjubygginga og tilheyrandi skrifstofuhúsnæðis.

Iðnaðarráðuneytið (1994), www.idnadarraduneyti.is/utgefid-efni/greinargerdir/nr/622

Samningaviðræðum við Reyðarál um orkusölu frá Kárahnjúkavirkjun lauk að mestu á árinu 2001. Samkomulag náðist og stefnt var að undirritun samninga fyrir 1. september 2002. Reyðarálssamningurinn yrði, ef þetta gengi eftir, stærsti orkusölusamningur í sögu Landsvirkjunar.

Fram var haldið vinnu við mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar sem hófst vorið 2000. Matsskýrsla var lögð fram hjá Skipulagsstofnun í apríl. Eftir það stóð Landsvirkjun fyrir fjölda kynningarfundum á Austurlandi og í Reykjavík. Þann 1. ágúst úrskurðaði Skipulagsstofnun að hafna bæri framkvæmdinni eins og henni var lýst í matsskýrslu vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa og ófullnægjandi upplýsinga um verkefnið. Landsvirkjun kærði úrskurðinn til umhverfisstjórnar í lok ágúst og lagði fram ítarlegri gögn um ýmsa þætti. Umhverfisstjórn úrskurðaði þann 20. desember að fallast skyldi á framkvæmdina með 20 skilyrðum. Þau veigamestu voru að felldar yrðu niður veitur á Fljótsdalsheiði og austasta hluta Hraunaveitu auk þess sem yfirfall við Háslón skyldi flutt úr Desjarárdal að Kárahnjúkastíflu.

Samhliða mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar var unnið að nauðsynlegum breytingum á svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015, en reyndar var gert ráð fyrir Kárahnjúkavirkjun í skipulaginu. Einnig var unnið að gerð sérstaks svæðisskipulags fyrir virkjunina. Ennfremur var lokið gerð skipulags fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4 milli tengivirkis í Fljótsdal og álvers í Reyðarfirði.

Á árinu 2001 var fram haldið margvíslegum tæknilegum undirbúningi, m.a. rannsóknarborunum og öðrum vettvangsrannsóknnum, þannig að bjóða mætti verkið út veturinn 2001-2002. Að loknu alþjóðlegu útboði var samið við verkfræðiráðunautana Kárahnjúkar Engineering Joint Venture (Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen, Electrowatt, Almenna verkfræðistofan, Harza, Rafteikning) um gerð útboðsgagna fyrir fyrri áfanga Kárahnjúkavirkjunar. Sú vinna hófst í júlí og miðaði vel en í lok árs var unnið að breytingum á verkinu í samræmi við úrskurð umhverfisstjórnar um mat á umhverfisáhrifum. Í ágúst var auglýst eftir verktökum til að taka þátt í forvali vegna aðrennslisganga virkjunarinnar og byggingu Kárahnjúkastíflu. Nokkrir fjölþjóðlegir fyrirtækjahópar sóttu um að taka þátt í útboðunum en þessi útboð voru með þeim stærstu í sögu Landsvirkjunar. Miðað var við að undirbúningsframkvæmdir, svo sem vegagerð og rafvæðing vinnusvæðis, hæfust vorið 2002 en virkjunarframkvæmdir síðla sama ár.

Áfram var unnið að verkhönnun og hönnunarforsendum fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4 milli tengivirkis í Fljótsdal og álvers í Reyðarfirði. Unnið var að vali á legu slóða og að jarðvegsrannsóknnum auk rannsókna á snjóflóðum og skriðuföllum. Línurnar yrðu um 51 km langar, byggðar með hefðbundnum stöguðum stálgrindamöstrum fyrir 420kV

málsþennu en rekstrarspenna línanna yrði í fyrstu 220kV. Einnig lauk að mestu verkhönnun og skilgreiningu á hönnunarforsendum fyrir tengivirki í Fljótsdal.

Í mars 2002 var gefin út sameiginleg yfirlýsing þeirra sem að verkefninu stóðu þar sem sagði:

Noral verkefnið um byggingu álvers á Austurlandi og tilheyrandi orkumannvirkja hefur gengið vel og í samræmi við markmið sem sett voru um að ljúka undirbúningsvinnu fyrir endanlega ákvörðun eigi síðar en 1. september 2002. Undirbúningsvinnan hefur rennt frekari stöðum undir trúverðugleika verkefnisins og niðurstöður hagkvæmniathugana eru uppörvandi.

Engu að síður hefur Hydro tilkynnt samstarfsaðilum sínum að fyrirtækið sé ekki í aðstöðu til þess að taka endanlega ákvörðun varðandi áframhald verkefnisins fyrir 1. september 2002 eins og gert er ráð fyrir í sameiginlegri tilkynningu sem tengdist „Yfirlýsingu um Noral-verkefnið“³. Ástæða þessarar ákvörðunar Hydro er einförðungu sú að fyrirtækið þarf lengri tíma til þess að meta fjárfestingarstefnu sína til næstu ára í kjölfar kaupa þess á þýska fyrirtækinu VAW. Þessi þörf fyrirtækisins fyrir stefnumarkandi endurmat tengist ekki á nokkurn hátt mati á arðsemi Noral-verkefnisins.

Í ljósi þessa munu aðilar að yfirlýsingunni halda áfram að starfa að verkefninu með það að markmiði að ákvarða endurnýjaða tímaáætlun. Þátttakendur í Reyðaráli eru sammála um að það væri ákjósanlegt að fá nýjan aðila að Reyðaráli og þannig minnka eignarhlut íslenskra fjárfesta. Í þeirri vinnu sem er framundan verður því einnig skoðuð aðkoma fleiri aðila. Sú vinna mun taka aukinn tíma, sem erfitt er að setja nákvæm tímamörk.

Þetta millibilsástand dregur fram í dagsljósið ólíka hagsmuni. Hagsmunir íslenskra yfirvalda og Landsvirkjunar hvað varðar tímasetningar fara ekki saman við hagsmuni fjárfesta í sjálfru álverinu. Það er því skilningur þeirra sem standa að Noral-verkefninu að ríkisstjórn Íslands og Landsvirkjun hafi rétt til þess að leita nýrra samstarfsaðila að verkefninu þangað til núverandi aðilar hafa komið sér saman um nýja formlega yfirlýsingu. Þetta breytir hins vegar ekki þeim áformum allra samstarfsaðila að ganga eins skjótt og verða má frá vinnuáætlun til þess að ná endanlegri ákvörðun í Noral-verkefninu. Í samræmi við þetta verður fundur í júníþyrjun þar sem staða mála verður endurmetin.

Iðnaðarráðuneytið (1994),

www.idnadarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/1073

3.4.3. Endalok Noral verkefnisins

Eins og framanrituð yfirlýsing ber með sér var ljóst að sú staðfesta sem hafði virst ríkja um Noral-verkefnið var ekki jafn eindregin ogætlað hafði verið. Eina ferðina enn virtist

³ Noral-verkefnið tekur til byggingar álvers í Reyðarfirði með allt að 400 þúsund tonna framleiðslugetu á ári, byggingar Kárahnjúkavirkjunar og annarra nauðsynlegra staðarframkvæmda. Verkefnið var skilgreint þann 24. maí árið 2000 með yfirlýsingu milli Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins f.h. ríkisstjórnar Íslands, Landsvirkjunar, Hydro Aluminium, Reyðaráls hf. (sem er í eigu Hæfis hf. og Hydro Aluminium) og Hæfis hf. (sem er í eigu íslenskra fjárfesta).

stefna í að væntingar um að stórframkvæmdir á Austurlandi yrðu að engu og eftir stæðu menn með brostnar vonir. Sú varð raunin hvað Norðmennina snerti. Þeir sem fylgdust grannt með framvindu mála á Austurlandi á þessum tíma fundu vel fyrir því hvernig fjaraði undan bjartsýni fólks sem hafði reiknað með því að miklar framkvæmdir væru framundan með tilheyrandi tækifærum fyrir íbúa svæðisins og annarra sem þangað vildu flytja ef atvinnu væri þar að hafa.

Snemma árs 2001 höfðu vaknað grunsemdir um að Norðmennirnir hefðu ekki mikinn áhuga á að standa við fyrri áætlanir um tímasetningar. Þess vegna var hugað að fleiri möguleikum og á vegum MIL var haft samband við aðra aðila sem vitað var að hefðu hug á að byggja álver. Þar af leiðandi leystist úr málinu með skjótari hætti en nokkur þorði að vona þegar í ljós kom að Norsk Hydro mundi ekki standa við fyrri dagsetningar um ákvarðanatöku og framkvæmdir. (Samtal við Garðar Ingvarsson 8. apríl 2006).

Fram kom í apríl 2002 að fulltrúar Alcoa hefðu verið á Íslandi til að kynna sér möguleika á byggingu álvers í Reyðarfirði sem mundi nýta orku frá Kárahnjúkavirkjun. Greint var frá því að Alcoa væri stærsta fyrirtæki á Vesturlöndum í áliðnaði, með starfsemi á öllum sviðum þess iðnaðar, þ.e. súrálframleiðslu, álframleiðslu og úrvinnslu. Eftir frekari samskipti málsaðila var boðað var blaðamannafundar 19. júlí 2002. Þar var kynnt yfirlýsing íslenskra stjórnvalda, Alcoa og Landsvirkjunar um framhald viðræðna um byggingu álvers við Reyðarfjörð eins og nánar verður sagt frá hér á eftir.

3.5. Álverksmiðja í Reyðarfirði í samvinnu við Alcoa.

Þann 7. janúar 2003 samþykkti Ríkisstjórn Íslands tillögu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um að leggja frumvarp til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði fyrir þingflokka stjórnarflokkanna og Alþingi þegar þing kæmi saman þann 21. janúar. Fram kom að samninganefndir iðnaðarráðuneytis, Alcoa og Fjarðabyggðar hefðu áritað samninga vegna byggingar og reksturs álverksmiðju í Reyðarfirði. Í frumvarpinu var leitað heimildar Alþingis til að undirrita fjárfestingar-, lóðar- og hafnarsamninga.

Samtímis þessu (8. janúar 2003) skilaði nefnd af sér greinargerð um málið, en hana skipuðu eigendur Landsvirkjunar til að fjalla um arðsemi og fjárhagslega áhættu Kárahnjúkavirkjunar og sölu raforku til Fjarðaáls sf. (Alcoa). Nefndin taldi arðsemismat Landsvirkjunar vel rökstutt og að aðferðir, sem fyrirtækið beitti við matið, væru faglegar og í fullu samræmi við það sem almennt væri gert við mat á arðsemi fjárfestingarverkefna. Ennfremur taldi nefndin eðlilega þá aðferð Landsvirkjunar, að nota mat viðurkenndra erlendra sérfræðinga til að spá um þróun álverðs.

Landsvirkjun miðaði við 11% ávöxtunarkröfu á eigið fé í arðsemismati á Kárahnjúka-virkjun. Gert var ráð fyrir að núvirt sjóðstreymi yrði jákvætt um 6,6 milljarða króna og að arðsemi eigin fjár yrði 1,8 prósentustigi yfir eiginfjárkröfu, þ.e. 12,8%, að gefnum forsendum um stofnkostnað, álverð, orkusölusamning, gengi, rekstrarkostnað, fjármögnun og líftíma virkjunarinnar. Í niðurstöðukaflanum kom fram að yfirgnæfandi líkur væru á jákvæðri ávöxtun eiginfjár. Fram kom í greinargerðinni að í fyrirbyggjandi samningi um raforkusölu og raforkuverð væri m.a. kveðið á um að Alcoa (Fjarðaál sf.) ábyrgðist kaup á 85% af samningsbundinni raforku í 40 ár, sem væri mikilvæg trygging fyrir seljanda orkunnar.

3.5.1. Undirritun samninga um byggingu álvers Fjarðaáls sf. í Reyðarfirði

Næsta skrefið í áformuðum stórframkvæmdum var að 15. mars 2003 voru undirritaðir samningar um byggingu 322.000 tonna álvers Alcoa í Reyðarfirði.

Áætlað var að alls mundu skapast 750 ný störf á Austurlandi með tilkomu álversins, þar af um 450 í álverinu sjálfu og um 300 í tengdum iðnaði, þjónustu og verslun. Þessi nýju störf munu renna styrkari stoðum undir atvinnulíf á Austurlandi og vonir stóðu til að bygging og starfsemi álversins mundi snúa við neikvæðri byggðapróun þar.

Byggingakostnaður álversins var áætlaður um 84 milljarðar króna og Kárahnjúka-virkjunar um 95 milljarðar króna. Alls var reiknað með að um 6300 ársverk munu skapast á meðan á framkvæmdum stæði, þar af 2300 við byggingu álversins og um 4000 við byggingu virkjunarinnar sem voru þegar hafnar á þessum tíma og framkvæmdir vegna byggingar álversins áttu að hefjast haustið 2004 og framleiðsla að byrja fyrra hluta árs 2007.

Síðan samningarnir við Alcoa voru undirritaðir hefur bæði verið unnið að byggingu álvers á Reyðarfirði og Kárahnjúkavirkjun, með öllu sem þessum framkvæmdum tilheyrir. Um framgang þeirra mála verður ekki fjallað frekar í þessum kafla, þar sem tæplega er hægt að horfa í sögulegu ljósi til þess sem er að gerast eða hefur rétt nýlega átt sér stað. Umfjöllun um það er að finna í öðrum köflum þessarar skýrslu.

3.6. Hvaða lærdóm má draga af sögunni?

Þegar lagt er upp með rannsókn af því tagi sem hér um ræðir hljóta þeir sem að því standa að reikna með að niðurstöður þess megi nýta til átta sig betur á hliðstæðum framkvæmdum í framtíðinni. Í því samhengi er sagan lærdómsrík. Hvaða áhrif hafa endurtekin áform um stóriðju haft á samfélagið á Austurlandi síðustu 30 ár? Hver voru

áhrif brostinna vona á þessum tíma? Hvernig væru aðstæður á Austurlandi ef kísilmálmverksmiðja hefði verið byggð þar samkvæmt áætlunum á sínum tíma? Væru núverandi framkvæmdir að koma sem viðbót við hana ef af hefði orðið?

Þessar og margar fleiri spurningar koma fram þegar litið er yfir söguna með stuttum hætti eins og hér hefur verið gert. Engin leið er að svara þessum spurningum með óbyggjandi hætti, en þó má leiða að því sterkar líkur að breytingar á fólksfjölda hefðu ekki orðið þær sem urðu, ef fleiri stoðum hefði verið skotið undir atvinnulífið fyrir þremur áratugum. Þetta rannsóknarverkefni svarar því hugsanlega betur hvað slíkt hefði haft í för með sér fyrir samfélagið á Austurlandi.

3. SAMFÉLAGSLEG ÁHRIF STÓRIÐJUFRAMKVÆMDA

3.1. Afmörkun rannsóknarinnar

Efnislega afmarkast viðfangsefni rannsóknarinnar við athugun á samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Eðli málsins samkvæmt er rannsóknarsviðið nokkuð víðfeðmt en verkefninu hafa verið dregnar þrennskonar megin markalínur. Í fyrsta lagi í tíma; rannsóknin tekur fyrst og fremst til framkvæmda-tímans en ekki nema að litlu leyti til rekstrartíma álvers eða virkjunar (til áhrifa á framkvæmdatíma teljast hins vegar einnig væntingar um rekstartímann). Í öðru lagi er rannsóknin landfræðilega afmörkuð og þannig gert ráð fyrir að möguleg áhrif séu ólík á mismunandi landssvæðum. Í þriðja lagi er rannsóknin afmörkuð við tiltekin svið samfélagsins.

3.1.1. Afmörkun í tíma

Þegar litið er til stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi er ljóst að þar er um að ræða tvennskonar tímabil sem í eðli sínu eru mjög ólík. Annars vegar er um að ræða tímabil framkvæmda sem stendur fram til 2008, það er að segja þegar verið er að reisa mannvirki (hér kallað framkvæmdatími). Hins vegar er svo um að ræða það tímabil þegar framkvæmdum er lokið (frá árinu 2009 eða svo) og Kárahnjúkavirkjun og álver Alcoa eru komin í fullan rekstur (hér kallað rekstrartími). Þessi tímabil skarast að einhverju leyti því unnt er að hefja rafmagns- og álframleiðslu áður en byggingaframkvæmdum er að fullu lokið. Þegar hér er rætt um rekstrartíma er hins vegar fyrst og fremst átt við það þegar framkvæmdir standa ekki yfir eða þeim er að mestu lokið.

Gangi áætlanir framkvæmdaaðila eftir er gert ráð fyrir að starfsemi geti hafist í álveri Alcoa um mitt ár 2007 og áætlanir Landsvirkjunar miða við að afhending raforku geti hafist 1. apríl það ár. Byggingaframkvæmdum verður hins vegar ekki að fullu lokið fyrr en árið 2008. Þegar byggingaframkvæmdum er að ljúka tekur við tímabil þar sem fyrirsjáanlegt er að til verða ný störf við álver Fjarðaáls. Hvað virkjunina varðar er hins vegar líklegast að eftir framkvæmdirnar taki við langt tímabil lítilla umsvifa. Umsvif framkvæmdaaðila geta vitaskuld haft bæði skammtíma- og langtímaáhrif, en miðað við tímaáætlun þess rannsóknarverkefnis sem hér er til umfjöllunar er ljóst að einkum verður

unnt að rannsaka skammtímaáhrif og hugmyndir fólks (væntingar) um hvað framtíðin ber í skauti sér.

3.1.2. Landfræðileg afmörkun

Áhrifasvæði framkvæmda við verksmiðju Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjun nær langt út fyrir austurhluta Íslands þegar litið er til samfélags- og efnahagslegra þátta. Ennfremur er ljóst að þessi áhrif virða ekki nema að litlu leyti mörk hreppa, sýslna, kjördæma og jafnvel ekki einu sinni mörk Íslands. Staðsetning mannvirkja hefur augljóslega talsverð áhrif á hvar og með hvaða hætti áhrifa gætir af framkvæmdum. Hins vegar getur einnig skipt miklu hvaðan þeir aðilar sem annast tiltekna verkþætti koma og hvar starfsmenn við framkvæmdirnar eru búsettir.

Meðal þess sem ákvarða þurfti í aðdraganda könnunarinnar var hversu víðfedmt rannsóknarsvæðið ætti að vera. Í því sambandi skiptir máli að huga að því hvers vegna framkvæmdir á borð við fyrirhugaða Kárahnjúkavirkjun hafa áhrif í samfélaginu. Aðalleikendur þegar kemur að dreifingu áhrifa um samfélagið eru annars vegar þeir einstaklingar sem starfa við framkvæmdina, greiða skatta og útsvar af tekjum sínum, kaupa varning og þjónustu og hverfa frá tilteknum störfum til að starfa við þetta verkefni. Hins vegar eru það fyrirtæki sem kaupa vöru og þjónustu af öðrum fyrirtækjum. Nær engar upplýsingar eru til um það hvernig fyrirtæki, sem komið hafa að stórfamkvæmdum á Íslandi, hafa hagað kaupum á vöru og þjónustu utan að Örn D. Jónsson (1990) komst að þeirri niðurstöðu í rannsókn sem unnin var á byggingartíma Blönduvirkjunar að sú þjónusta, sem sótt var í næsta nágrenni, einskorðaðist að mestu við Blönduós (Örn D. Jónsson, 1990). Einnig eru til upplýsingar um dreifingu vinnuafis við nokkrar stórvirkjanir sem byggðar hafa verið á undanförunum áratugum; einkum er varða svokallað heimamannahlutfall, það er það hlutfall starfsmanna sem vinna við framkvæmdirnar og sem búsettir eru í nágrenni við framkvæmdasvæðið (sömu sýslu eða sama kjördæmi).

Sé litið til allra starfsmanna sem unnu við byggingu Hrauneyjafossvirkjunar seint á 8. áratug 20. aldar kom næstum helmingur þeirra af Suðurlandi, það er að segja úr Árnes- og Rangárvallasýslum. Tæp 40% voru af höfuðborgarsvæðinu en afgangurinn að mestu af Suðurnesjum og Vesturlandi.

Tafla 3.1. Skipting starfsmanna (fjöldi) við Hrauneyjafossvirkjun eftir heimili og starfi⁴

	Ófag- lærðir	Tækja- menn	Iðnaðar- menn	Tækni- störf	Skrifstofu- störf	Alls:
Rangárvallasýsla	251	48	26	4	14	343
Árnessýsla	69	28	32	7	0	136
<i>Suðurland samtals</i>	<i>320</i>	<i>76</i>	<i>58</i>	<i>18</i>	<i>14</i>	<i>479</i>
Höfuðborgarsvæði	146	85	50	71	31	383
Suðurnes	17	38	9	3	1	68
Vesturland	5	19	13	1	0	38
Aðrir	5	13	3	4	1	26
<i>Samtals fjöldi:</i>	<i>493</i>	<i>231</i>	<i>133</i>	<i>90</i>	<i>47</i>	<i>994</i>

Heimild: Framkvæmdastofnun Ríkisins, 1982

Athyglivert er að skoða þetta hlutfall eftir starfsgreinum. Þannig koma sex af hverjum tíu ófaglærðum af Suðurlandi, einkum þó úr Rangárvallasýslum en rúmlega 70% þeirra sem þaðan koma eru ófaglærðir. Þeir sem sinna tæknistörfum koma hins vegar langflestir af höfuðborgarsvæðinu en þaðan koma um 80% þeirra sem sinna slíkum störfum. Sé litið á fólk í Rangárvallasýslum sem „heimamenn“ virðist sem atvinnumöguleikar þeirra hafi fyrst og fremst verið fólgnir í vinnu við störf sem ekki kröfðust sérstakrar menntunar eða starfsreynslu. Þetta þarf þó ekki að koma á óvart þegar haft er í huga að hlutfall þeirra sem hafa lokið einhverju námi umfram grunnmenntun er að jafnaði nokkru lægra á svæðum utan höfuðborgarsvæðisins en gengur og gerist á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 3.2. Skipting starfsmanna (hlutfall) við Hrauneyjafossvirkjun eftir heimili og starfi⁵

	Ófag- lærðir	Tækja- menn	Iðnaðar- menn	Tækni- störf	Skrifstofu- störf	Alls:
Rangárvallasýsla	73%	14%	8%	1%	4%	100%
Árnessýsla	51%	21%	24%	5%	0%	100%
<i>Suðurland samtals</i>	<i>67%</i>	<i>16%</i>	<i>12%</i>	<i>4%</i>	<i>3%</i>	<i>100%</i>
Höfuðborgarsvæði	38%	22%	13%	19%	8%	100%
Suðurnes	25%	56%	13%	4%	1%	100%
Vesturland	13%	50%	34%	3%	0%	100%
Aðrir	19%	50%	12%	15%	4%	100%
<i>Af öllum:</i>	<i>50%</i>	<i>23%</i>	<i>13%</i>	<i>9%</i>	<i>5%</i>	<i>100%</i>

Heimild: Framkvæmdastofnun Ríkisins, 1982

⁴ Hér eru einnig taldir með þeir sem unnu að lagningu Hrauneyjafosslínu og brúargerð yfir Tungnaá og Helliskvísl.

⁵ Hér eru einnig taldir með þeir sem unnu að lagningu Hrauneyjafosslínu og brúargerð yfir Tungnaá og Helliskvísl.

Samskonar upplýsingar, það er að segja um búsetu starfsmanna og tegund starfa, eru ekki fyrirleggjandi um aðrar virkjanir en Hrauneyjafossvirkjun. Hins vegar eru til upplýsingar um skiptingu starfa við Blönduvirkjun sumarið 1990 og 1991, greindar eftir búsetu annars vegar og tegund starfa hins vegar (ekki saman fyrir búsetu og tegund starfa eins og við Hrauneyjafossvirkjun). Auk þeirra sem starfa eftir svokölluðum virkjunarsamningi og hér eru taldir, eru einkum þeir sem sinna eftirliti fyrir Landsvirkjun eða eru í stjórnunarstöðum.

Sé litið til skiptingar starfa eftir starfsgreinum má sjá að tækjamenn og bílstjórar eru nærri helmingur starfsmanna við Blönduvirkjun. Almennir verkamenn eru hins vegar tæp 30% bæði árin sem er nokkru lægra en helmingshlutfall ófaglærðra við Hrauneyjafossvirkjun nærri áratug fyrr. Þessi mikli munur kann að einhverju eða jafnvel öllu leyti að stafa af því að margir þeirra sem unnu á tækjum, eða við akstur við byggingu Hrauneyjafossvirkjunar, hafi verið flokkaðir sem ófaglærðir. Hins vegar er einnig fyrir hendi sá möguleiki að þarna séu að koma fram breytt vinnubrögð við framkvæmdir af þessu tagi þar sem sífellt meira er notað af stórvirkum vélum og tækjum og þar sem hlutur fjármagns á móti mannafla vegur sífellt þyngra (Framkvæmdastofnun Ríkisins, 1982).

Tafla 3.3. Skipting starfsmanna sem vinna samkvæmt virkjunarsamningi við Blönduvirkjun eftir starfi sumarið 1990 og 1991

	Fjöldi 1990	Hlutfall 1990	Fjöldi 1991	Hlutfall 1991	Meðaltal '90-'91	Hlutfall '90-'91
Verkamenn	117	29,2	63	28,4	90	28,9
Tækjamenn/bílstjórar	194	48,4	96	43,2	145	46,5
Iðnaðarmenn	77	19,2	47	21,2	62	19,9
Verkstjórar	13	3,2	16	7,2	14,5	4,7
Samtals	401	100	222	100	311,5	100

Heimild: Landsvirkjun, óbirt gögn

Sé litið til skiptingar starfsmanna við Blönduvirkjun eftir búsetu má sjá að um 40% starfsmanna, sem starfa samkvæmt virkjunarsamningi, eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Þar að auki er meirihluti þeirra sem sinna eftirlits- og stjórnunarstörfum einnig frá höfuðborgarsvæðinu. Athyglivert er að bera saman 13% hlutfall starfsmanna við Blönduvirkjun sem búsettir eru á Suðurlandi við hverfandi hlutfall starfsmanna við Hrauneyjafossvirkjun sem búsettir voru á Norðurlandi vestra. Af þessu má ráða að við fyrri virkjanaframkvæmdir á Suðurlandi, svo sem í tengslum við byggingu Búrfellsvirkjunar, hafi einhver hópur manna öðlast þekkingu og reynslu sem veitti viðkomandi aðgang að sambærilegum eða svipuðum störfum við Blönduvirkjun.

Tafla 3.4. Skipting starfsmanna sem vinna samkvæmt virkjunarsamningi við Blönduvirkjun eftir búsetu sumarið 1990 og 1991

	Fjöldi 1990 ⁶	Hlutfall 1990	Fjöldi 1991	Hlutfall 1991	Meðaltal '90-'91	Hlutfall '90-'91
Norðurland Vestra ⁷	106	25,6	58	26,1	82	25,8
Höfuðborgarsvæði	175	42,3	87	39,2	131	41,2
Suðurnes	12	2,9	5	2,3	8,5	2,7
Vesturland	19	4,6	19	8,6	19	6,0
Norðurland Eystra	38	9,2	23	10,4	30,5	9,6
Suðurland	54	13,0	28	12,6	41	12,9
Annað	10	2,4	2	0,9	6	1,9
Samtals	414	100	222	100	318	100

Heimild: Landsvirkjun, óbirt gögn

Í könnun, sem gerð var meðal starfsmanna við Blönduvirkjun sumarið 1990, (Örn D. Jónsson, 1990) mældist hlutfall heimamanna nokkru hærra en ráða mátti af athugun á ráðningarsamningum eða tæp 39% í stað 27%. Sé hins vegar miðað við að hlutur heimamanna sé að jafnaði mestur í tilfallandi skammtíma vinnu (sem mest er af á sumrin) er eðlilegt að vænta nokkurra sveiflna í hlut einstakra landssvæða í athugunum sem gerðar eru á mismunandi árstímum.

Af þessu öllu virðist mega ráða að skipting starfsmanna við tiltekna framkvæmdir eftir landshlutum sé háð tvennu: Fjarlægð frá virkjunarstað og þeirri reynslu eða þekkingu sem til staðar er í viðkomandi landshluta. Af gögnum frá Hrauneyjafossvirkjun má enn fremur draga þá ályktun að einstaklingar með tiltekna þekkingu eða reynslu séu líklegri en aðrir til að sækja vinnu við byggingu virkjunar um langan veg.

Til viðbótar við það sem þegar hefur verið sagt um byggingu Hrauneyjafossvirkjunar og Blönduvirkjunar eru til upplýsingar um hlut heimamanna við nýjustu virkjanir Landsvirkjunar, Sultartangavirkjun og Vatnsfellsvirkjun (á fyrrihluta framkvæmda), það er að segja það hlutfall starfsmanna sem búsettir voru á Suðurlandi. Áberandi er hve hlutur heimamanna virðist hafa minnkað milli Hrauneyjafossvirkjunar og Blönduvirkjunar.

⁶ Hér eru taldir með 13 einstaklingar sem ekki eru taldir í greiningu eftir starfi.

⁷ Til Norðurlands vestra teljast hér Húnavatnssýslur (Blönduós þar með) og Skagafjörður en ekki Siglufjörður sem er talinn með Norðurlandi eystra.

Tafla 3.5. Hluttur „heimamanna“ við byggingu nokkurra virkjana

	Heimamenn%	Aðrir%
Hrauneyjafossvirkjun (1977-1981)	48	52
Blönduvirkjun (1984-1991)	26	74
Sultartangavirkjun (1997-2000)	24	76
Vatnsfellsvirkjun (1999-2001)	22	78
Meðaltal:	24	76

Heimildir: Framkvæmdastofnun Ríkisins, 1982 og Landsvirkjun, óbirt gögn

Tvennt gæti skýrt hve heimamenn voru stór hluti starfsmanna við Hrauneyjafossvirkjun. Í fyrsta lagi er hugsanlegt að þær vinnuaðferðir sem notast var við hafi verið hagstæðar heimamönnum, til dæmist hvað varðar vinnuskipulag og þá menntun eða reynslu sem krafist var. Í öðru lagi er hugsanlegt að vegna þess að Hrauneyjafossvirkjun var byggð í kjölfar tveggja virkjana á sama svæði, það er að segja Búrfellsvirkjunar sem reist var á árunum 1966-1972 og Sigölduvirkjunar sem reist var á árunum 1973-1977, hafi nokkur fjöldi heimamanna búið yfir verðmætri þekkingu og reynslu sem hafi aukið fjölbreytni þeirra starfa sem þeim stóðu til boða. Í þessu sambandi er athyglisvert að skoða hlut heimamanna við byggingu Sultartangavirkjunar sem hófst fimmtán árum eftir að framkvæmdum lauk við Hrauneyjafossvirkjun en hann er álíka eða jafnvel minni en við Blönduvirkjun. Hafi reynsla og þekking heimamanna af vinnu við fyrri virkjunarframkvæmdir stuðlað að háu hlutfalli þeirra meðal starfsmanna við Hrauneyjafossvirkjun virðist fimmtán ára hlé á framkvæmdum hafa orðið til að hún glataðist að einhverju eða jafnvel miklu leyti. Hins vegar er einnig mögulegt að þekking eða reynsla hafi verið til staðar í einhverjum mæli og að öðrum kosti hefði hluttur heimamanna orðið minni en raun varð á við byggingu Sultartangavirkjunar.

Þrátt fyrir að áætla megi skiptingu vinnu milli heimamanna og annarra útfrá fyrirbyggjandi gögnum um fyrri virkjunarframkvæmdir verður ekki ráðið af þessum gögnum hversu miklu máli fjarlægð frá framkvæmdasvæðum skiptir varðandi atvinnusókn. Þannig er ekki ljóst hvort þeir sem störfuðu að byggingu Blönduvirkjunar og búsettir voru á Norðurlandi-Vestra voru einkum búsettir í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins eða hvort viðkomandi dreifðust jafnt um landshlutann. Í rannsókn á samgöngu- og ferðavenjum Íslendinga sem unnin var af Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri árið 2002 kom fram að um tíundi hluti þeirra sem eru í vinnu eða skóla segjast vera meira en 30 mínútur að aka milli heimilis og vinnustaðar eða skóla (aðra leið) (Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson, 2004:68). Óvíst er hins vegar hvort og að hve miklu leyti unnt er að yfirfæra þetta hlutfall yfir á tímabundnar byggingaframkvæmdir þar sem

starfsmönnum stendur til boða gisting og fæði í vinnubúðum á helstu framkvæmdasvæðunum.

Í aðdraganda álvers- og virkjunarframkvæmdanna settu ýmsir fram þá skoðun að hin miklu umsvif á Mið-Austurlandi myndu geta haft þau áhrif á aðliggjandi landssvæðum að einhverjir kysu að flytja sig þaðan og inn á miðsvæðið (sjá t.d. Skipulagsstofnun, 2001:36-44). Sveitarstjórnarmenn á Austurlandi tóku í sama streng á aðalfundi Sambands Sveitarfélaga á Austurlandi 21. ágúst 2003 og samþykktu ályktun um virkjana- og orkumál þar sem sagði meðal annars „... brýnt að hugað verði vandlega að því hvaða áhrif framkvæmdirnar munu hafa á suður- og norðursvæði [Austurlands].“

Mikilvægur þáttur í þeirri rannsókn sem hér um ræðir er því að mæla dreifingu áhrifa af stóriðjuframkvæmdunum á landfræðilega nálægum svæðum og að við skilgreiningu rannsóknarsvæðisins yrði ekki aðeins litið til þess hvar sennilegast væri að umtalsverðra áhrifa myndi gæta heldur einnig hvar mögulegt væri að áhrif af einhverju tagi kæmu fram. Ennfremur skiptir máli hvar almennt er talið að áhrif muni koma fram eða með öðrum orðum þær væntingar sem samfélagið hefur til þess með hvaða hætti áhrif muni verða.

Á opinberum vettvangi hefur bygging Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði gjarnan verið sett undir samnefnarann stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi sem vísar þá til landfræðilegrar staðsetningar framkvæmdasvæðanna en kann einnig að fela í sér hugmynd um að samfélagslegt áhrifasvæði þeirra sé í einhverjum skilningi Austurland allt. Lokaorð iðnaðarráðherra þegar hún mælti fyrir frumvarpi til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði voru eftirfarandi:

Hæstvirtur forseti. Fjarðaál mun hafa jákvæð áhrif á íslenskt samfélag. Tekjur ríkissjóðs munu aukast, gjaldeyrstekjur þjóðarbúsins verða meiri, laun almennings munu hækka, kaupmáttur ráðstöfunartekna eykst, fjöldi góðra starfa verður til. Austurland eflist. Það hagnast allir landsmenn á þessu verkefni. Þess vegna er farið í það (Alþingi, 66. fundur, 128. lþ.).

Þarna kemur fyrir tvennskonar landfræðileg afmörkun, annars vegar er vísað í íslenskt samfélag í heild en hins vegar sagt að Austurland muni eflast. En hvert er það svæði sem kalla má Austurland? Algengt er að til Austurlands teljist landssvæði frá Bakkafirði og suður að Skaftafelli eða nokkurn veginn það svæði sem taldist til Austurlandskjördæmis í þeirri kjördæmaskipan sem í gildi var frá 1959 og til 1999 en samkvæmt henni töldust Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla vera í Austurlandskjördæmi (Lög nr. 80, 16. október, 1987). Sé miðað við að áhrifa stóriðjuframkvæmda á Austurlandi gæti um allt

Austurland⁸ verða ytri mörk rannsóknarsvæðis í Sveitarfélaginu Hornafirði. Nyrðri mörk rannsóknarsvæðisins geta hins vegar augljóslega ekki markast einvörðungu af mörkum hins gamla Austurlandskjördæmis. Með því yrði gert ráð fyrir að framkvæmdirnar hefðu engin áhrif í Mývatnssveit, svo dæmi sé tekið, sem þó er í mun skemmri akstursvegalengd frá framkvæmdasvæðunum en Hornafjörður. Ef hins vegar er fallist á nauðsyn þess að meta áhrif framkvæmdanna á landssvæði sem nær allt suður til Hornafjarðar þarf að finna einhverskonar jafngildisfjarlægð frá framkvæmdunum til norðurs.

Til að áætla jafngildisfjarlægð stóriðjuframkvæmdanna til norðurs miðað við Hornafjörð í suðri þarf einkum að taka mið af tvennu. Í fyrsta lagi að meginframkvæmdasvæðin eru þrjú (stíflusvæði við Fremri Kárahnjúk, stöðvarhús í Fljótsdal og álver í Reyðarfirði). Í öðru lagi er um mismunandi leiðir að velja eftir því hvort farið er að vetri eða sumri (auk þess koma til vegabætur og styttingar á framkvæmdatímanum). Að auki mætti taka mið af gerð þeirra vega sem ekið er um hverju sinni og þá fyrst og fremst hvort ekið er á vegi með bundnu slitlagi og 90 km hámarkshraða eða vegi með malarslitlagi og 80 km hámarkshraða. Það var þó ekki gert að þessu sinni.

Við afmörkun á rannsóknarsvæðinu var tekin sú ákvörðun að miða við að það tæki til allra sveitarfélaga sem féllu innan (eða mjög nálægt) sömu meðalfjarlægðar frá öllum þremur framkvæmdasvæðunum við upphaf framkvæmda. Til að fá niðurstöðu um hvaða sveitarfélög þar væri um að ræða var metin meðalfjarlægð frá framkvæmdasvæðunum og til allra þéttbýliskjarna á rannsóknarsvæðinu með 200 íbúa eða fleiri reiknuð þannig:

- Mæld stysta vegalengd frá hverjum þéttbýliskjarna að hverju hinna þriggja megin framkvæmdasvæða, annars vegar að sumri og hins vegar að vetri.
- Fundið vegið meðaltal fjarlægðar eftir sumar- og vetrarleiðum (í þeim tilvikum sem þær eru mismunandi) eftir hlutfalli þess tímabils sem telja má hæpið eða útilokað að notast við sumarleið⁹.
- Meðalfjarlægð frá þéttbýliskjarna með 200 íbúa eða fleiri metin sem meðaltal fjarlægða (sem vegið meðaltal sumar- og vetrarfjarlægða) til allra þriggja framkvæmdasvæða.

⁸ Áhrifa getur þá gætt bæði á þann hátt að samfélagið verði fyrir áhrifum á borð við aukin umsvif fyrirtækja eða að einstaklingar sæki vinnu við framkvæmdirnar en jafnframt geta áhrif verið þau að samfélagið finni ekki fyrir þeim áhrifum sem vænst hafði verið.

⁹ Þessi hlutföll voru áætluð í samráði við staðkunnuga starfsmenn Vegagerðarinnar.

- Aksturstími áætlaður miðað við 80 km/klst meðalhraða.

Miðað við þessar forsendur nær rannsóknarsvæðið frá Höfn í suðri og allt norður til Húsavíkur en þó þannig að nyrsti hluti Norður-Þingeyjarsýslu ætti að falla utan þess. Það er þó til hagræðis við gagnaöflun að undanskilja ekki sveitarfélögin á Melrakkaslétu og verður því litið svo á að íbúar í öllum sveitarfélögum frá Þingeyjarsveit og suður til Hafnar séu á landfræðilega nálægum svæðum stóriðjuframkvæmdanna.

Tafla 3.6. Meðalfjarlægð og áætlaður aksturstími frá framkvæmdasvæðum á Austurlandi og til þéttbýliskjarna með 200 íbúa eða fleiri

	Álver (km)	Stöðvarhús (km)	Stífla (km)	Meðaltal	Aksturs- tími (mín)
Húsavík	257	263	277	266	3:19
Reykjahlíð	202	208	222	211	2:38
Raufarhöfn	274	280	327	293	3:40
Þórshöfn	217	223	300	247	3:05
Vopnafjörður	139	145	192	158	1:59
Egilsstaðir	37	45	102	61	46
Seyðisfjörður	65	73	130	89	1:07
Neskaupstaður	28	116	173	108	1:21
Eskifjörður	9	93	150	85	1:04
Reyðarfjörður	6	79	136	73	55
Fáskrúðsfjörður	18	126	183	109	1:22
Stöðvarfjörður	46	134	194	125	1:34
Djúpivogur	128	131	191	150	1:52
Höfn	227	234	294	251	3:09

Árið 2002 voru sveitarfélögin á rannsóknarsvæðinu alls 26 en hefur fækkað síðan og mun að öllum líkindum fækka meira í framtíðinni. Við gagnagreiningu þarf að taka mið af þessu og leitast við að skilgreina einhverskonar viðmiðunarsvæði sem raunhæft er að ætla að muni haldast í það minnsta til loka rannsóknarinnar.

Tafla 3.7. Sveitarfélög á rannsóknarsvæðinu

Húsavíkurbær	Seyðisfjörður	Búðahreppur
Skútustaðahreppur	Fjarðabyggð	Stöðvarhreppur
Aðaldælahreppur	Skeggjastaðahreppur	Breiðdalshreppur
Tjörneshreppur	Vopnafjarðahreppur	Djúpavogshreppur
Þingeyjarsveit	Fljótaldshreppur	Austur-Hérað
Kelduneshreppur	Fellahreppur	Sveitarf. Hornafjörður
Öxarfjarðahreppur	Borgarfjarðahreppur	
Raufarhafnarhreppur	Norður-Hérað	
Svalbarðshreppur	Mjóafjarðahreppur	
Þórshafnarhreppur	Fáskrúðsfjarðahreppur	

3.1.3. Afmörkun áhrifaþátta

Þrátt fyrir að unnt verði að greina áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum víða í samfélaginu er þó ljóst að tiltekin svið þess muni verða fyrir áhrifum umfram önnur. Þessi áhrif eru háð nálægð við framkvæmdirnar í tvennum skilningi. Annars vegar eru áhrifin merkjanleg vegna landfræðilegrar nálægðar. Þessi áhrif skapast til dæmis vegna umsvifa framkvæmdaaðilanna á virkjanasvæðum og lóð álversins, vegna flutnings á varningi og ferða starfsfólks til og frá vinnu. Hins vegar er um að ræða félagslega nálægð þar sem tilteknir aðilar eru í miklum samskiptum við framkvæmdaaðilana eða jafnvel beinir þátttakendur í verkefninu. Erfitt er að kortleggja þessi áhrif fyrirfram með nákvæmum hætti. Í ljósi þessa er hins vegar einkum við það miðað að unnt verði að merkja áhrif á eftirtalin svið: 1) Efnahag og möguleika fólks til að afla sér tekna, 2) vinnumarkað, 3) mannfjölda og búsetuþróun, 4) starfsemi sveitarfélaga og þjónustu þeirra, 5) húsnæðismál, 6) þjónustu almennt, 7) opinbera þjónustu, 8) nýtingu lands og auðlinda, 9) ferðaþjónustu, og 10) á lífsstíl fólks.

Þetta eru þeir þættir sem til athugunar voru við mat á umhverfisáhrifum umræddra framkvæmda og eðlilegt er að rannsókn sem ætlað er að fylgjast með samfélagsþróun samhliða stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi taki mið af þeim einnig.

3.2. Rannsóknarsvæði

Ein veigamesta markalínan sem dregin er í rannsókninni varðar afmörkun rannsóknarsvæðisins. Við greiningu og framsetningu gagna í þessu verkefni er í meginatriðum notast við þrennskonar svæðisskiptingu. Í fyrsta lagi er talað um rannsóknarsvæði eða áhrifasvæði og er þá um að ræða greiningu eftir yfirsvæðum, auk rannsóknarsvæðisins í heild (þegar rætt er um rannsóknarsvæðið í heild eða áhrifasvæði hafa gögnin verið greind án þess hóps sem flutt hefur burtu frá árinu 2002).


Í öðru lagi hefur rannsóknarsvæðinu verið skipt í 14 undirsvæði sem fengið hafa nafn þess þéttbýliskjarna sem þar er að finna. Áætluð akstursfjarlægð í mínútum frá viðkomandi mælipunkti er síðan yfirfærð á viðkomandi svæði og ætlað að gefa mynd af landfræðilegri nálægð viðkomandi svæðis gagnvart framkvæmdunum. Þessi nálgun er vitaskuld ekki gallalaus og sem dæmi má nefna að unnt væri að áætla mannfjöldamiðju hvers svæðis og nota sem mælipunkt frekar en þéttbýliskjarna þó oft fari þetta saman. Eins og sjá má í töflu 2.8. eru landssvæðin minni næst framkvæmdasvæðunum en stækka eftir því sem fjær dregur.

Þessi svæðaskipting er notuð til að meta fjarlægðarfall margvíslegra áhrifa af stóriðjuframkvæmdunum. Miðað er við tvennskonar metna fjarlægð eftir því hvort það sem verið er að mæla vísar til framkvæmdatímans (mynd 2.3) eða væntinga um rekstrartímamann (mynd 2.4). Varðandi framkvæmdatímamann eru fjarlægðir áætlaðar miðað við vegakerfið eins og það var haustið 2004.


Tafla 3.8. Flokkun í undirsvæði eftir póstnúmerum og sveitarfélögum¹⁰

nr.	Fjarlægðar- viðmiðun	Undirsvæði	Póst- númer	Sveitar- félags- númer
1	Húsavík	Húsavíkurbær - Þéttbýli	640	6100
		Húsavíkurbær - Dreifbýli	641	6100
		Aðaldælahreppur	641	6609
		Þingeyjarsveit	641	6612
		Tjörneshreppur	671	6611
2	Reykjahlíð	Skútustaðahreppur	660	6607
3	Raufarhöfn	Kelduneshreppur	671	6701
		Öxarfjarðahreppur	671	6702
		Raufarhafnarhreppur	675	6705
4	Þórshöfn	Þórshafnarhreppur	680	6707
		Svalbarðshreppur	681	6706
5	Vopnafjörður	Skeggjastaðahreppur	685	7501
		Vopnafjarðahreppur	690	7502
6	Egilsstaðir	Fellahreppur - Þéttbýli	700	7506
		Fellahreppur - Dreifbýli	701	7506
		Austur-Hérað - Þéttbýli	700	7618
7	Hérað	Austur-Hérað - Dreifbýli	701	7618
		Fljótsdalshreppur	701	7505
		Norður-Hérað	701	7512
		Mjóafjarðahreppur	715	7605
		Borgarfjarðahreppur	720	7509
8	Seyðisfjörður	Seyðisfjörður	710	7000
9	Reyðarfjörður	Fjarðabyggð - Reyðarfjörður	730	7300
10	Eskifjörður	Fjarðabyggð - Eskifjörður	735	7300
11	Neskaupstaður	Fjarðabyggð - Neskaupstaður	740	7300
12	Fáskrúðsfjörður	Fáskrúðsfjarðahreppur	750	7610
		Búðahreppur	750	7611
		Stöðvarhreppur	755	7612
13	Djúpivogur	Breiðdalshreppur	760	7613
		Djúpavogshreppur	765	7617
14	Höfn	Sveitarf. Hornafjörður - Þéttbýli	780	7708
		Sveitarf. Hornafjörður - Dreifbýli	781	7708


¹⁰ Miðað er við sveitarfélögin eins og þau voru árið 2002 og 2003



Mynd 3.3. Áætlaður meðalakstur tími frá skilgreindum fjarlægðarpunktum að öllum þremur framkvæmdasvæðum



Mynd 3.4. Áætlaður meðalakstur tími frá skilgreindum fjarlægðarpunktum að álverslóð í Reyðarfirði



Mynd 3.5. Svæðaskipting og viðmiðunarpunkturar undirsvæða

4. GÖGN OG AÐFERÐIR

4.1. Almennt um gagnaöflun í verkefninu

Fyrstu drög að verkáætlun voru lögð fram til kynningar og umræðu í júlí 2003 og þar var sett fram kostnaðaráætlun sem byggðist á grófu kostnaðarmati við einstaka undirlíði í gagnaöflun og við úrvinnslu. Sú rannsóknaráætlun sem lá til grundvallar því kostnaðarmati var meðal annars byggð á forvinnu sem unnin var af sérfræðingum Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri og starfsmönnum Þróunarstofu Austurlands. Afmörkun verkefnisins (sjá kafla 3) byggist á þessari forvinnu þar sem lagt var upp með að tryggja að verkefnið næði markmiðum sínum eins og þau eru sett fram í ályktun Alþingis. Fljótlega var ljóst að ekki yrði unnt að fjármagna svo umfangsmikið verkefni sem lagt var til í þessari fyrstu verkáætlun. Áætlunin var því yfirfarin með tilliti til forgangsröðunar einstakra þátta og gerðar breytingar frá upphaflegum hugmyndum sem allar miðuðu að því að minnka umfang og þar með kostnað við verkið. Við þessa forgangsröðun var ekki síst tekið mið af því að safna þeim gögnum sem ekki yrði unnt að afla eftir að framkvæmdum er lokið og því lögð áhersla á þætti á borð við úrtakskannanir og viðtöl. Ennfremur var dregið nokkuð úr vinnu við úrvinnslu gagna frá því sem lagt var til í upphafi.

Rannsóknin er í stórum dráttum þannig uppbyggð að unnar eru samhliða nokkrar hlutarannsóknir sem miða annars vegar að söfnun nauðsynlegra upplýsinga og hins vegar að úrvinnslu þeirra. Þegar skipuleggja á gagnaöflun í verkefni sem tekur til nokkurra ára standa rannsóknaraðilar frammi fyrir því erfiða verkefni að skilgreina hvaða spurningum mikilvægt sé að geta svarað að nokkrum árum liðnum. Reynslan hefur sýnt að besta veganestið í öllum rannsóknum sem taka til langs tíma er leitast við að hámarka sveigjanleika í rannsóknarsniðinu og úrvinnslumöguleikum gagna. Við gagnaöflun í því verkefni sem hér er til umfjöllunar er því miðað við að safna eins ítarlegum upplýsingum og unnt er (innan skynsemismarka) til að tryggja sem fjölbreyttasta möguleika við úrvinnslu í tenglum við verkefnið sem slíkt en einnig með það að leiðarljósi að gögnin geti nýst til rannsókna um ókomna framtíð.

Við hönnun rannsóknarinnar er byggt á hugmyndum um samþættingu rannsóknaraðferða¹¹ þar sem félagsleg fyrirbæri eru skoðuð út frá ólíkum aðferðafræðilegum sjónarhóli (Denzin, 1970; Silverman, 1997). Með slíkri samþættingu er fyrst og fremst átt við að notast er samhliða við bæði eigindlegar og meginndlegar rannsóknaraðferðir með það að leiðarljósi að öðlast dýpri skilning á þeim félagslegu fyrirbærum sem til skoðunar eru. Í þessari rannsókn er einnig notast við bæði fyrirbyggjandi gögn sem og frumgögn og þannig má nálgast eitt og sama fyrirbærið úr nokkrum ólíkum áttum.

4.2. Fyrirliggjandi gögn

Í rannsókninni er nokkuð byggt á notkun fyrirbyggjandi gagna. Í flestum tilvikum er þar um að ræða tölulegar upplýsingar sem eru aðgengilegar á opinberum vefsíðum eða í útgefnum skýrslum. Í einstaka tilvikum hefur þó verið aflað gagna sem krefjast sérstakrar úrvinnslu úr gagnagrunnum; það á til dæmis við um gögn sem liggja til grundvallar við skoðun á húsnæðismarkaði og við nánari greiningu á íbúapróun. Einnig hefur verið leitað til framkvæmdaaðila (Landsvirkjunar og Alcoa) og verktaka við framkvæmdirnar sem veitt hafa ýmsar upplýsingar. Í þessari rannsókn hefur almennt verið lögð minni áhersla á söfnun og úrvinnslu upplýsinga af þessu tagi en söfnun frumgagna heldur látið nægja að sinni að staðfesta að upplýsingarnar séu til. Þetta stafar af því að þau frumgögn sem aflað er eru tímaháð¹²; það er að segja þeirra verður ekki aflað eftir á meðan fyrirbyggjandi gögn verða aðgengileg áfram.

4.3. Úrtaksrannsóknir meðal almennings

Vegna rannsókna á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi er ráðgert að framkvæma þrjár almennar úrtakskannanir (árin 2004, 2006 og 2008). Könnunum árin 2004 og 2008 er fyrst og fremst ætlað að mæla margvíslega þætti á næsta áhrifasvæði framkvæmdanna en könnun árið 2006 er á landsvísu¹³. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu forsendum sem lagðar voru til grundvallar við framkvæmd fyrstu könnunarinnar, síðla árs 2004.

¹¹ Stundum nefnt *Methodological Triangulation*.

¹² Þetta á sérstaklega við um viðhorf og væntingar en nær ómögulegt er að mæla slíkt eftir á þar sem einstaklingar túlka viðhorf sín á hverjum tíma í ljósi reynslunnar.

¹³ Þessi könnun fer fram eftir áramótin 2006/07

Í rannsóknaráætlun þeirri sem lögð er til grundvallar var gert ráð fyrir að könnunin gæti orðið grundvöllur að samanburði milli upphafs og loka framkvæmdatímans. Því eru kannanirnar 2004 og 2008 framkvæmdar með langtímasniði (e. panel) en það þýðir í þessu tilviki að þeir hinir sömu og svöruðu spurningalistanum árið 2004 verða beðnir að svara spurningalistanum árið 2008. Með þessu fyrirkomulagi má fylgjast með breytingum á högum einstaklinga með öruggari hætti en þegar dregið er nýtt úrtak í hvert skipti. Vegna brottfalls (þar sem hluti þeirra sem svarar fyrstu könnuninni svarar ekki hinni síðari) krefst þessi aðferð þess hins vegar að unnið sé í upphafi með stærri hóp en ella. Frá upphafi þótti ljóst að vegna eðlis þeirra spurninga sem líklegast væri að yrðu settar í spurningalistann myndi henta best að póstsenda hann til þátttakenda.


4.3.1. Þýði

Þeim forsendum sem liggja til grundvallar við landfræðilega afmörkun rannsóknarsvæðisins var lýst hér að framan. Til viðbótar við skilgreiningu þýðisins þarf að taka mið af því að rannsókninni er bæði ætlað að mæla tiltekna þætti á þeim tíma sem könnunin er framkvæmd sem og að varpa ljósi á þróun tiltekinna þátta milli árána 2004 og 2008 þegar áætlað er að framkvæma síðari hluta þessarar könnunar. Að auki mun hluti könnunar sem framkvæmd verður haustið 2006 taka til Austurlands og verða sambærileg við könnunina 2004. Með þetta í huga var við það miðað að þátttakendur í könnuninni verði að sem stærstum hluta enn þátttakendur á vinnumarkaði þegar síðari könnunin verður framkvæmd. Því eru efri aldursmörk þýðisins dregin við 62 ára aldur og einstaklinga sem fæddir eru árið 1942 eða síðar. Neðri aldursmörk eru dregin við 18 ára aldur þar sem yngri einstaklingar hafa í flestum tilvikum mjög litla reynslu af vinnumarkaði og takmarkaðar forsendur til að svara mörgum þeim spurningum sem mikilvægast þótti að fá svör við í könnuninni.

Frá upphafi var ljóst að það rannsóknarverkefni sem hér um ræðir myndi ekki geta varpað ljósi á stöðu mála áður en framkvæmdir hófust. Hins vegar var ákveðið að nýta þessa könnun eins og kostur er til að meta mögulega þróun nokkurra þátta frá upphafi framkvæmdanna. Í því augnamiði var ákveðið að afmarka rannsóknarþýðið við þá einstaklinga sem búsettir voru á rannsóknarsvæðinu áður en framkvæmdir hófust (eða áður en endanleg ákvörðun var tekin um upphaf framkvæmda). Til íbúa á rannsóknarsvæðinu töldust því þeir sem voru með lögheimili þar 1. október 2002 eða rúmu hálfu ári áður en skrifað var undir samninga um stóriðjuframkvæmdirnar.

4.3.2. Úrtak

Þar sem gert er ráð fyrir að leggja könnunina árið 2008 fyrir þann hóp sem svarar könnuninni árið 2004 verður til tvöfalt brottfall, það er að segja að úrtak síðari rannsóknarinnar verður aldrei stærra en sem nemur fjölda þeirra sem svöruðu í hinni fyrri og að líkindum nokkuð minna til dæmis vegna hugsanlegs andláts einhverra þátttakenda eða að ekki tekst að hafa uppá þeim af einhverjum ástæðum. Áætlað er að þetta brottfall milli könnunarlotu geti numið allt að 20%¹⁴. Í síðari könnunarlotunni mun svo hluti þeirra sem svöruðu fyrri könnuninni, ýmist neita eða láta undir höfuð leggjast að svara hinni síðari en þó má gera ráð fyrir að svarhlutfallið verði hærra en í hefðbundnum póstkönnunum, ef til vill allt að 10% stigum hærra. Miðað við þessar forsendur var sett fram spá um nauðsynlega úrtaksstærð sem gaf þá niðurstöðu að einungis með 3.200 manna úrtaki mætti tryggja meira en 600 virk svör árið 2008 í endurtekinni rannsókn.



Mynd 4.1. Spá um fjölda svara árið 2008 út frá svarhlutfalli og stærð úrtaks 2004


Miðað við landfræðilega dreifingu þýðisins um rannsóknarsvæðið þótti ekki sérstök ástæða til að draga lagskipt úrtak. Upphaflegt úrtak rannsóknarinnar varð því hreint slembiúrtak fólks á aldrinum 18–62 ára sem búsett var á rannsóknarsvæðinu þann 1. október árið 2002, samtals 3.230 einstaklingar. Af þeim reyndist 1 vera látinn, 2 of veikir til að geta tekið þátt og 67 einstaklinga tókst ekki að staðsetja. Endanlegt úrtak varð því 3.160 einstaklingar.

¹⁴ Hér er tekið mið af brottfalli úr ýmsum langtímarannsóknunum á Íslandi.

4.3.3. Framkvæmd og heimtur

Könnunin var póstlögð til þeirra sem lent höfðu í úrtakinu miðvikudaginn 20. september 2004 og bárust fyrstu svörin aðeins tveim dögum síðar eða 22. september. Ítrekunarbréf var sent þátttakendum þann 7. október, nýr spurningalisti þann 28. október og enn ítrekunarbréf þann 18. nóvember. Með þessu móti tókst að fá 1.592 svör eða sem svarar 50,4% endanlegs úrtaks sem er það svarhlutfall sem að var stefnt. Meginþorri (90%) þeirra spurningalista sem bárust til baka skiluðu sér fyrir 12. desember en svör bárust þó allt til 27. desember.






Fátítt var að þeir sem fengu spurningalistann sendan hefðu samband við framkvæmdaraðila könnunarinnar til að spyrja um einstök atriði eða gera athugasemdir við spurningalistann. Samtals barst um eða innan við tugur slíkra símtala eða tölvuskeyta. Örfáir (17 aðilar) sendu spurningalistann ósvaraðan til baka eða með athugasemdum um að viðkomandi vildu ekki svara listanum.



Mynd 4.2. Uppsafnað svarhlutfall í Austurlandskönnun I

4.3.4. Svæðaskipting

Við greiningu gagna úr könnuninni á Austurlandi haustið 2004 er notast við sömu svæðaskilgreiningar og í rannsókninni í heild með einni veigamikill undantekningu. Þar sem könnunin nær aðeins til einstaklinga sem búsettir voru á Austurlandi í október 2002 verður til hópur sem býr á öðrum landssvæðum en sem endurspeglar ekki aðstæður eða skoðanir annarra landsmanna heldur þessa tiltekna hóps einstaklinga sem eru brottfluttir frá rannsóknarsvæðinu. Við greiningu gagna úr könnuninni er því mögulegt að notast við eftirfarandi yfirsvæði:

-  **Áhrifasvæði (rannsóknarsvæðið í heild):**
Frá Þingeyjarsveit að Höfn
-  **Norðursvæði:**
Meira en tveggja tíma meðalakstur frá framkvæmdasvæðum
-  **Miðsvæði:**
Minna en tveggja tíma meðalakstur frá framkvæmdasvæðum
-  **Suðursvæði:**
Meira en tveggja tíma meðalakstur frá framkvæmdasvæðum
-  **Önnur svæði:**
Fólk sem bjó á Austur- og Norðausturlandi árið 2002 en hefur flutt burt

Auk þessara svæða eru gögn úr könnuninni greind eftir 12 undirsvæðum (sjá umfjöllun um svæðaskiptingu í kafla 3).

4.4. Kannanir meðal fyrirtækja

Í rannsóknaráætlun þeirri er byggt er á er gert ráð fyrir að aflað sé upplýsinga um umsvif og væntingar fyrirtækja á Austurlandi allt að þrisvar sinnum á rannsóknartímanum. Rannsóknir meðal fyrirtækja eru þó ýmsum annmörkum háðar og skiptir þar mestu að ekki er til áreiðanlegur þýðislisti sem nota má við úrtaksgerð andstætt því sem er meðal einstaklinga þar sem byggja má á nafnaskrá þjóðskrár. Fyrirfram var því mun meiri óvissa um afrakstur fyrirtækjakönnunarinnar en úrtakskannana meðal almennings.

Í rannsóknaráætlun þeirri sem lögð er til grundvallar var gert ráð fyrir að fyrsta fyrirtækjakönnunin gæti orðið grundvöllur að samanburði milli upphafs og loka framkvæmdatímans. Vegna þess hver brottfall er gjarnan mikið í könnunum meðal fyrirtækja var hins vegar ekki gert ráð fyrir að hægt væri að setja upp könnun með eiginlegu langtímasniði. Því eru fyrirtækjakannanirnar settar upp sem þversniðsathuganir, það er að segja ekki er gert ráð fyrir að unnt sé að mæla hjá sama aðila oftari en einu sinni. Frá upphafi þótti ljóst að vegna eðlis þeirra spurninga sem líklegast væri að yrðu settar í spurningalistann myndi henta best að póstsenda hann til þátttakenda en síðar var ákveðið að gefa einnig kost á að svara spurningalistanum rafrænt og vonast eftir að það myndi mögulega lyfta upp svarhlutfallinu.

4.4.1. Þýði og úrtak

Þeim forsendum sem liggja til grundvallar við landfræðilega afmörkun rannsóknarsvæðisins var lýst í kafla 3. Fyrirtækjakönnunin tekur því til sama landssvæðis og úrtakskönnunin meðal almennings og til rannsóknarþýðisins teljast öll fyrirtæki sem hafa starfsemi á svæðinu frá Húsavík í norðri, austur um og til Hafnar í suðri.

4.4.2. Framkvæmd og heimtur

Könnunin var póstlögð til þeirra sem lent höfðu í úrtakinu miðvikudaginn 4. maí 2005 og barst þátttakendum því eigi síðar en föstudaginn 6. maí. Fyrstu svör bárust aðeins tveim dögum síðar eða mánudaginn 9. maí. Ítrekunarbréf var sent þátttakendum þann 27. maí og nýr spurningalisti þann 15. júní en síðan var það mat sérfræðinga RHA að frekari eftirrekstur myndi ekki skila árangri í samræmi við tilkostnað. Því miður var svörun afar dræm. Könnunin var send 2.695 fyrirtækjum. Aðeins bárust 184 eiginleg svör en til viðbótar 62 svör sem að hluta til svara því sem um var spurt. Heildarsvörun er því aðeins 9%. Megin skýringin á þessu lága svarhlutfalli virðist vera sú að mjög margir af þeim sem fengu spurningalistann sendan teldu könnunina ekki eiga við um sig eða sinn rekstur. Hins vegar var í öllum tilvikum tekið skýrt fram að viðkomandi væri beðinn að svara þrátt fyrir að framkvæmdirnar hefðu lítil eða engin áhrif að mati forsvarsmanna þeirra. Einnig kemur til greina að skilgreining þýðisins hafi einfaldlega ekki verið nægjanlega góð, þ.e. ekki hafi verið vinsuð úr fyrirtæki með takmarkaða starfsemi á svæðinu.

Nokkuð var um að þeir sem fengu spurningalistann sendan hefðu samband við framkvæmdaraðila könnunarinnar til að spyrja um einstök atriði eða gera athugasemdir við spurningalistann. Athugasemdir lutu oftast að því að vegna þess að framkvæmdirnar hefðu engin áhrif á rekstur viðkomandi fyrirtækis yrði spurningalistanum látið ósvarað. Nokkrir aðilar sendu líka spurningalistann til baka ásamt skrifuðum athugasemdum þess efnis að viðkomandi teldi könnunina ekki eiga við um sig eða sinn rekstur. Sumir gerðu allitarlega grein fyrir sínum aðstæðum en aðrir létu duga stutta athugasemd á borð við „Ég er orðinn 72ja ára og hættur að vinna“. Þessar athugasemdir benda til þess að í þeim svörum sem bárust geti mögulega verið kerfisbundið ofmat á áhrifum framkvæmdanna á fyrirtæki.

Tafla 4.1. Heimtur í fyrirtækjakönnun

Upphaflegt úrtak	2.701	
Utan úrtaks eða finnast ekki	6	
<i>Endanlegt úrtak (þýði)</i>	<i>2.695</i>	
skilar könnun	184	
skilar með athugasemdum	62	
<i>Samtals svör</i>	<i>246</i>	<i>9%</i>
skilar auðu	58	
Neitar móttöku	25	
Óútskýrt brottfall	2.366	
<i>Samtals brottfall</i>	<i>2.449</i>	<i>91%</i>

4.5. Viðtöl við einstaklinga

Meðal þess mikilvægasta sem ætla má að verði fyrir áhrifum af stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi er það sem kalla mætti samfélagsanda. Til að kanna þessi áhrif en þó ekki síður til að dýpka skilning á ýmsum öðrum þáttum rannsóknarinnar hafa verið tekin viðtöl við einstaklinga á miðsvæði Austurlands. Þessi hluti rannsóknarinnar byggist á viðtölum sem tekin voru vegna rannsóknar á búsetuskilyrðum og kynbundnum búferlaflutningum sem unnin voru af starfsmönnum Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri haustið 2002 (sjá Kjartan Ólafsson og Hekla Gunnarsdóttir, 2002; Bygðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun, 2003; Ingólfur V. Gíslason & Kjartan Ólafsson, 2005).

Í þessari viðtalsrannsókn var fylgt aðferðafræði eigindlegra rannsókna. Val á viðmælendum árið 2002 fór þannig fram að samstarfsaðilar á hverju svæði fyrir sig, t.d. atvinnuþróunarfélög, settu saman lista með nokkrum tugum einstaklinga eftir tilteknum viðmiðum og völdu rannsakendur einstaklinga af þeim listum. Alls var þar um að ræða 20 viðtöl við einstaklinga sem búsettir voru á miðsvæði Austurlands og tvo sem flutt höfðu burt nokkrum árum áður. Við val á þessum viðmælendum var miðað við að ná til einstaklinga sem búsettir væru 1) í sveit, 2) í þéttbýli þar sem atvinnulíf er blanda af frumvinnslu, úrvinnslu og þjónustu og 3) í þéttbýli þar sem atvinnulíf einkennist af frumvinnslu og úrvinnslu. Í viðtölum við þessa viðmælendur árið 2002 var spurt almennt um búsetuskilyrði og lífsaðstæður viðkomandi. Líkt og búist var við í ljósi áforma um virkjun og álver sem þá voru uppi ræddu margir viðmælendur væntingar sínar um mögulegar breytingar á samfélaginu ef þær yrðu að veruleika. Vegna þessa var

ákveðið að byggja viðtalshluta rannsóknarinnar á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi á grunni þessara viðtala. Meðal annars var leitað aftur til viðmælendanna frá 2002 og tekin viðtöl við sjö þeirra en að auki viðtöl við fimm aðra aðila.

Viðtölin voru tekin í fyrstu viku desember 2004 og í þriðju viku ársins 2005. Þannig var í viðtalshluta rannsóknarinnar unnið með 22 viðtöl frá árinu 2002 og 12 viðtöl sem tekin voru sitthvorum megin við áramótin 2004-5. Viðtölin fóru yfirleitt fram á heimili eða vinnustað viðmælendans og var lögð áhersla á að þau gætu farið fram í næði. Öll viðtölin voru hljóðrituð og þvínæst afrituð frá orði til orðs. Algengt var að viðtölin stæðu í um 1-1½ klukkustund og töldu afrituðu viðtalsgögnin hátt í eitt þúsund blaðsíður.

Mikilvægt er að hafa í huga að niðurstöðum sem byggðar eru á viðtölum sem þessum er ekki ætlað að endurspeglar skoðanir almennings eða til að álykta um stöðu mála meðal almennings. Viðtölin veita aðeins sýn á upplifun og túlkun viðkomandi einstaklinga. Hins vegar eru þessir einstaklingar ekki fulltrúar einstakra hópa eða hagsmuna og er því ekki getið með nafni né geta þeir borið ábyrgð á þeim ályktunum sem dregnar eru af orðum þeirra. Við val á tilvitnunum í þessi viðtöl var leitast við að birta tilvitnanir sem innihalda svör viðmælenda við ákveðnum megin þemum sem viðtölin byggðust á. Ekki var leitað að svörum þar sem viðmælendur tóku djúpt í árinni þótt einhverjir lesendur kynnu að álykta sem svo.

5. ÍBÚAFJÖLDI


5.1. Almennt um þróun mannfjölda á Austurlandi

Austurland hefur ekki farið varhluta af þeirri búsetuþróun sem varð á Íslandi á 20. öld. Flestir fræðimenn líta á búferlaflutninga sem órjúfanlegan hluta af iðnvæðingu samfélagsins og að sú þróun hafi orsakað (kallað á) þéttbýlismyndun (Shresta, 1988). Á öldinni sem leið þróaðist samfélagið í stórum dráttum úr landbúnaðarsamfélagi þar sem verkaskipting var takmörkuð og yfir í tæknivætt borgarsamfélag með síhækkandi menntunarstigi og síaukinni verkaskiptingu. Þessi þróun er sambærileg við þá sem gengið hefur yfir allan hinn vestræna heim en á Íslandi var þessi þróun heldur seinna á ferðinni og svo mun hraðari þegar hún loks hófst en í þeim löndum sem Íslendingum er svo tamt að bera sig saman við (Stefán Ólafsson, 1997; Hjalti Jóhannesson, 2003). Búferlaflutningar í stórum stíl frá dreifbýli til þéttbýlis voru einfaldlega nauðsynlegir til að svara kröfum sívaxandi iðnaðar fyrir mannafla (Bishop, 1964:10) og bjuggu um leið til þann fjöldamarkað sem knúði þróunarferlið áfram.

Með samfélagsbreytingum sem hófust á Íslandi á síðustu áratugum 19. aldar sköpuðust forsendur fyrir búsetuþróun sem hafði tvö meginþætti. Annars vegar var um að ræða öra fólksfjölgun sem alla 20. öld var með því mesta sem gerðist í vestrænum ríkjum og í öðru lagi samþjöppun mannfjöldans sem sömuleiðis hefur verið meiri en í þeim löndum sem Íslendingum er gjarnt að bera sig saman við. Afleiðing þessa var sú að um miðjan tíunda áratug 20. aldar bjuggu um 60% Íslendinga á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við um 17-26% á hinum Norðurlöndunum. Á sama tíma bjuggu jafnframt aðeins um 9% Íslendinga í sveit samborið við um 15-26% á hinum Norðurlöndunum (sjá Stefán Ólafsson, 1997). Þannig þrefaldaðist íbúafjöldi á Íslandi frá árinu 1910 og til ársins 2000 en sú fjölgun varð nær eingöngu á því svæði sem í daglegu tali er nefnt höfuðborgarsvæði en einnig að hluta á Eyjafjarðarsvæðinu. Íbúafjöldi á öðrum landsvæðum stóð hins vegar nánast í stað.


Þrátt fyrir umtalsverðan brottflutning fólks frá Austurlandi alla 20. öld voru árin frá 1957 og fram til 1982 eða þar um bil, tímabil hægfara fólksfjölgunar og í byggðaþróunaráætlun fyrir Austurland frá miðjum áttunda áratug síðustu aldar (Hagvangur, 1975:27) var því

spáð að íbúafjöldi á Austurlandi myndi verða á bilinu 12.400 til 12.700 árið 1980. Sú spá gekk eftir og gott betur því árið 1980 voru íbúar á Austurlandi orðnir nærri 12.900 en eftir það stóð íbúafjöldinn því sem næst í stað (komst hæst í 13.200 árið 1989) og frá árinu 1990 tók íbúum að fækka og það nokkuð hratt. Frá 1991 og fram til 2000 fækkaði íbúum á Austurlandi þannig um rétt rúmlega 1% á ári. Miklir búferlaflutningar voru almennt frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðisins á þessum árum.



Mynd 5.1: Þróun íbúafjölda á Austurlandi 1911-2004

Af hálfu stjórnvalda var því ekki haldið fram að markmið með stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi væri að snúa við þessari mannfjöldaþróun og í frumvarpi því sem iðnaðarráðherra lagði fram á Alþingi til að afla heimildar til nauðsynlegra samninga um álver í Reyðarfirði er engin bein tenging við stefnu stjórnvalda í byggðamálum. Ýmsir aðrir og þá ekki síst sveitarstjórnarmenn á Austurlandi lögðu hins vegar ríka áherslu á stóriðjuuppbygginguna sem leið til að bregðast við íbúafjöldaþróuninni. Í skýrslu um samfélagsleg áhrif álvers í Reyðarfirði var þannig fullyrt: „Fyrirhugað Álver í Reyðarfirði er stærsta tækifærið sem er í sjónmáli til að snúa byggðarþróun á Austurlandi við og auka samkeppnishæfni svæðisins þannig að það laði til sín fjármagn og atgervisfólk.“ (Nýsir, 2002:43). Sé tekið mið af þróun íbúafjöldans frá því að framkvæmdir hófust bendir flest til þess að þessi spá hafi ræst. Rétt er þó að hafa í huga að hluti þeirra sem dvelja tímabundið á svæðinu vegna framkvæmdanna eru skráðir í Þjóðskrá og teljast því íbúar á Austurlandi þó ekki sé gert ráð fyrir að þeir verði það til frambúðar.




Mynd 5.2: Íbúafjöldi á rannsóknarsvæðinu eftir undirsvæðum 1998-2006

Sé litið á þróun íbúafjölda á Austurlandi frá 1998 eftir undirsvæðum er ljóst að það sem í þessari rannsókn er kallað miðsvæði (sjá nánar um svæðaskiptingu í kafla 3 hér að framan) sker sig algerlega úr og að sú íbúafjölgun sem sjá mátti á mynd 5.1 hér að framan er nær algerlega bundin við Hérað og Fjarðabyggð. Íbúaþróun á Austurlandi á árunum 1998 til 2005 má því skipta í tvennt, annars vegar eru svæði þar sem hefur orðið fjölgun og hins vegar svæði þar sem hefur orðið íbúafækkun.


5.2. Samsetning mannfjöldans

Fyrir þróun samfélags á Austurlandi skiptir samsetning mannfjöldans ekki minna máli en mannfjöldinn sem slíkur. Aldurssamsetningin á Austurlandi hefur verið óhagstæð mörg undanfarin ár að því leyti að hlutfall einstaklinga sem eru á einna virkustum vinnualdri (18-62 ára) er heldur lægra en á landinu í heild. Þetta hlutfall hefur ennfremur farið lækkandi síðustu ár meðal annars vegna brottflutnings fólks á þessum aldri. Árið 1998 voru 25% íbúa á Austurlandi á aldrinum 18-62 ára meðan sambærileg tala var 30% fyrir landið í heild, 33% í Reykjavík og 28% á Akureyri. Frá árinu 1998 var þróunin framanaf í sömu átt og verið hafði, það er að segja að einstaklingum á virkasta aldursskeiði hélt áfram að fækka þar til árið 2002.




Mynd 5.3: Hlutfall aldurshópa á rannsóknarsvæðinu 1998-2005

Það sem er sérlega neikvætt fyrir íbúafróun á rannsóknarsvæðinu framanaf tímabilinu er sú fækkun sem verður í hópi yngra fólks. Þannig er íbúafækkunin helst í aldurshópnum 18-47 ára og með tilheyrandi fækkun barna undir 18 ára aldri. Þessi þróun snýst við með afgerandi hætti árið 2003 (sjá einnig mannfjöldapýramída í viðauka).




Mynd 5.4: Íbúafjöldi eftir aldurshópum á rannsóknarsvæðinu 1998-2005

Þegar litið er á samsetningu íbúafjöldans á norður- mið- og suðursvæði kemur í ljós að íbúapróun á norðursvæðinu hefur leitt til hlutfallslegrar fjölgunar íbúa í elstu aldurshópunum. Engin breyting virðist hafa orðið þar á eftir upphaf framkvæmda.



Mynd 5.5: Íbúafjöldi eftir aldurshópum á norðursvæði 1998-2005


Allt annað er uppi á teningnum á miðsvæðinu þar sem hefur orðið mikil fjölgun íbúa á virkasta vinnualdri. Sú staðreynd að samsvarandi fjölgun hefur ekki orðið í hópi barna undir 18 ára aldri gefur til kynna að um sé að ræða aðflutning barnlausra einstaklinga.



Mynd 5.6: Íbúafjöldi eftir aldurshópum á miðsvæði 1998-2005

Þarna á meðal eru einstaklingar sem vinna við framkvæmdirnar og eru skráðir sem íbúar sveitarfélaganna á meðan. Vægi aldurshópsins 33-47 og 48-62 ára er því mikið um þessar mundir.

Þróun í samsetningu í búafjöldans hefur verið með mjög áþekktum hætti á suðursvæði og á norðursvæði með hlutfallslega meiri brottflutningi yngri íbúa. Þetta hefur svo leitt af sér hækkandi hlutfall íbúa í eldri aldurshópum og lækkandi hlutfall fólks á virkasta aldri.




Mynd 5.7: Íbúafjöldi eftir aldurshópum á suðursvæði 1998-2005

Ef litið er á aldurssamsetningu íbúafjöldans á rannsóknarsvæðinu í heild er ljóst að fækkun yngra fólks það er að segja 47 ára og yngri felur í sér nokkra ógn við mannlíf og búsetu á svæðinu til frambúðar. Þrátt fyrir að þessi þróun hafi snúist við með afgerandi hætti á miðsvæðinu við upphaf framkvæmda árið 2003 þarf að rýna betur í gögn um búferlaflutninga til að leita vísbendinga um hvað það í raun og veru þýðir.

Lengi hefur verið þekktur sá kynjamunur sem er á búferlaflutningum eftir kynferði og um allan hinn vestræna heim hefur mynstrið verið þannig að konur hafa flutt í meira mæli en karlar úr sveit og minna þéttbýli í borgir og stærra þéttbýli (sjá Berglund, Johansson og Molina, 2005). Ísland sker sig ekki úr hvað þetta varðar og alla 20. öld hafa búið fleiri konur en karlar á höfuðborgarsvæðinu og fleiri karlar en konur á svæðum utan þess (Kjartan Ólafsson og Ingólfur V. Gíslason, 2006; Stefán Ólafsson, 1997).


Þegar íbúafjöldi á rannsóknarsvæðinu er greindur eftir kynferði sést að frá 1998 og fram til 2002 fylgja öll þrjú megin svæðin hinni almennu þróun, það er að segja að á öllum

svæðum búa færri konur en karlar og að heldur fækkar í báðum hópum. Frá árinu 2002 hefur hins vegar bæst verulega við í hópi karla á miðsvæðinu og langt umfram það sem fjölgað hefur í hópi kvenna. Engin breyting er hins vegar merkjanleg utan miðsvæðisins.



Mynd 5.8: Íbúafjöldi eftir kynferði og svæðum 1998-2005

Þegar lítið er á miðsvæðið sérstaklega má enn fremur sjá að þar eru breytingar að eiga sér stað aðeins á tveimur undirsvæðum það er að segja á Héraði og á Reyðarfirði. Kynjasamsetning breytist hins vegar lítið sem ekkert á öðrum undirsvæðum á miðsvæðinu.




Mynd 5.9: Íbúafjöldi eftir svæðum innan miðsvæðis 1998-2005

5.3. Búferlaflutningar


Með því að líta á íbúafjölda og samsetningu mannfjöldans á rannsóknarsvæðinu má sjá að mannfjöldabreytingar hafa einkum orðið á miðsvæðinu (sjá einnig mannfjöldapýramída í viðauka) og virðast bundnar við þau undirsvæði þar sem vinnubúðir eru staðsettar. Til að kanna nánar eðli mannfjöldabreytinganna má líta á búferlaflutninga. Þeir eru fernskonar. Í fyrsta lagi flutningar innan sama sveitarfélags; í öðru lagi flutninga milli sveitarfélaga en innan sama landsvæðis; í þriðja lagi flutninga milli landsvæða og í fjórða lagi flutninga milli landa.

Ef lítið er á búferlaflutninga innan sveitarfélags má sjá að þar hefur ekki orðið mikil breyting við upphaf framkvæmda þó augljóslega virðist hafa komist einhver hreyfing á flutninga innan sveitarfélags á miðsvæðinu milli áronna 2002 og 2003. Mögulega má tengja það væntingum íbúa um að fasteignamarkaðurinn myndi lifna við og að þeir sem höfðu hug á að skipta um eign hafi látið verða af því á þessum tímamarki.



Mynd 5.10: Fluttur innan sveitarfélaga eftir svæðum 1998-2005


Fyrirfram var talið mögulegt að nokkur hópur fólks á Austurlandi hafi beðið endanlegrar niðurstöðu í því máli og ætlað sér að flytja burt ef ekkert yrði af framkvæmdum. Til að meta þetta voru þátttakendur í könnuninni haustið 2004 spurðir að eftirfarandi: *Hefur þú (eða fjölskylda þín) íhugað alvarlega að flytja milli byggðarlaga á síðustu 5 árum en ákveðið að gera það ekki?* Í ljós kom að um 20% fólks á rannsóknarsvæðinu höfðu íhugað flutninga alvarlega og var enginn munur á norður-, mið- og suðursvæðum hvað þetta varðar. Sú staðreynd að enginn munur er milli svæða á rannsóknarsvæðinu bendir ekki til þess að stóriðjuframkvæmdirnar hafi haldið aftur af einhverskonar biðhópi. Þessu til frekari staðfestingar má benda á að dreifing svara á rannsóknarsvæðinu er nánast sú sama og í rannsókn sem framkvæmd var á öllum Norðurlöndunum árið 2001 (þar á meðal á Íslandi) og þar sem spurt var þessarar sömu spurningar. Þar reyndust um 5% allra hafa íhugað alvarlega að flytja til baka, 12% höfðu íhugað alvarlega að flytja á nýjan stað og um 82% höfðu ekki íhugað búferlaflutninga af neinni alvöru (Norræna ráðherranefndin, 2002:18)



Mynd 5.12: Könnun haustið 2004 - Hefur þú (eða fjölskylda þín) íhugað alvarlega að flytja milli byggðarlaga á síðustu 5 árum en ákveðið að gera það ekki?

Ef lítið er á hlutfall þeirra sem hafa íhugað flutning alvarlega, hvort heldur er til baka þar sem viðkomandi hafa búið áður eða á nýjan stað og þetta hlutfall tengt fjarlægð frá framkvæmdasvæðunum kemur í ljós að tengslin þar á milli eru ekki ýkja sterk ($R=,01$) sem bendir ekki til þess að stóriðjuframkvæmdirnar hafi haft mikil áhrif á búferlaflutninga útaf rannsóknarsvæðinu.

Til að meta hvort stóriðjuframkvæmdirnar gætu mögulega valdið nokkurskonar innri byggðaröskun á rannsóknarsvæðinu með samþjöppun mannfjöldans á Mið-Austurlandi voru þátttakendur í könnuninni spurðir að eftirfarandi: *Telur þú líklegt eða ólíklegt að þú munir flytja frá því byggðarlagi þar sem þú býrð nú innan þriggja ára?* Þriggja ára viðmiðunartíminn var ekki síst valin með tilliti til þess að Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) hefur notað þessa sömu spurningu í könnunum víða annarsstaðar á landinu sem gefur möguleika á samanburði við niðurstöður þeirra. Þegar lítið er á rannsóknarsvæðið í heild sést að tæpur fimmtungur telur það annaðhvort mjög eða frekar líklegt að hann eða hún muni flytja frá því byggðarlagi þar sem viðkomandi býr. Munur milli svæða á rannsóknarsvæðinu er ef til vill ekki mjög afgerandi en þó virðist fólk sitja einna fastast á miðsvæðinu en lausast á norðursvæðinu.




Mynd 5.13: Könnun haustið 2004 - Telur þú líklegt eða ólíklegt að þú munir flytja frá því byggðarlagi þar sem þú býrð nú innan þriggja ára?

Spurningin um mögulega búferlaflutninga á næstu þremur árum hefur verið borin upp í ýmsum könnunum á vegum RHA árin 2003 og 2004. Þegar niðurstöður þessara kannana eru dregnar saman kemur í ljós að á þeim svæðum þar sem þessi spurning var borin upp var hlutfallið lægst í Grímsey en þar taldi enginn viðmælandi líklegt að hann eða hún myndi flytja á næstu 2-3 árum. Hæst var hlutfallið hins vegar á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem tæp 40% aðspurðra töldu flutning mjög eða frekar líklegan á næstu 2-3 árum (Kjartan Ólafsson og Elín Aradóttir, 2004:6).

Þegar litið er á búferlaflutninga innan landssvæðis¹⁵ eftir þeim þremur megin rannsóknarsvæðum sem hér eru til skoðunar virðist ekki hægt að greina að stórfelldir búferlaflutningar hafi hafist frá sveitarfélögum á suðursvæðinu eftir að framkvæmdir hófust. Flestar vísbendingar virðast því hníga í þá átt að ekki hafi orðið stórfelld byggðaröskun innan Austurlands við upphaf stóriðjuframkvæmdanna hvað sem verða kann þegar Alcoa Fjarðaál tekur að ráða til sín starfsmenn af fullum krafti. Þeir sem vinna við framkvæmdirnar og koma af aðliggjandi landsvæðum virðast þannig ekki hafa kosið að flytja búferlum í upphafi framkvæmdatímans.


¹⁵ Hér er miðað við svæðaskiptingu sem byggist á skiptingu landsins í kjördæmi 1959-2003.



Mynd 5.14: Aðfluttir umfram brottflutta innan sama landsvæðis eftir svæðum 1998-2005


Könnun sem gerð var síðla árs 2000 meðal fólks á aldrinum 20-50 ára sem hafði flutt í burtu frá Austurlandi á árunum 1995-1999 sýndi að umtalsverður hópur fólks (17%) sagði það líklegt þeir myndu flytja til baka ef álver myndi rísa í Reyðarfirði (Ævar Þórólfsson, Guðrún Árnadóttir og Friðrik H. Jónsson, 2001). Eins og áður er getið var könnunin haustið 2004 (Austurlandskönnun I) send til úrtaks einstaklinga sem búsettir voru á rannsóknarsvæðinu haustið 2002 og því var nokkur hópur svarenda (172) sem höfðu flutt burt af svæðinu þegar þeim var sendur spurningalistinn haustið 2004. Í þessum hópi sögðust um 20% hafa íhugað það alvarlega að flytja aftur á þann stað þar sem þeir bjuggu áður.

Ýmsar rannsóknir (Kjartan Ólafsson og Hekla Gunnarsdóttir, 2002; Norræna ráðherranefndin, 2003; Byggðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun, 2003) hafa sýnt hve atvinnumöguleikar eru ráðandi í búsetuvali fólks. Með hliðsjón af því og fjölgun atvinnutækifæra (beint og óbeint) vegna stóriðjuframkvæmda má því búast við að nokkur hópur fólks hafi svo að segja beðið eftir tækifæri til að flytja til Austurlands. Þetta tækifæri varð til árið 2003 og ef til vill má draga þá ályktun að það sé ástæða þess að flutningsjöfnuður milli miðhluta rannsóknarsvæðisins og annarra landshluta verður þá jákvæður eftir að hafa verið neikvæður árin þar á undan. Árin 2004 og 2005 er fjöldi aðfluttra og brottfluttra milli landshluta nánast sá sami.



Mynd 5.15: Aðfluttir umfram brottflutta milli landsvæða eftir svæðum 1998-2005

Af framansögðu má ráða að það eru ekki búferlaflutningar innanlands sem hafa leitt til íbúafjölgunar á Mið-Austurlandi síðustu ár (2003-2005) heldur flutningar milli landa. Frá árinu 1998 eru aðfluttir umfram brottflutta frá útlöndum rúmlega 2.100 talsins eða um 222 á hverja þúsund íbúa. Á sama tíma hefur miðsvæðið fengið 33 einstaklinga umfram brottflutta í flutningum milli svæða innan Austurlands en tapað tæplega 700 einstaklingum í flutningum milli landshluta. Í þessu sambandi skiptir miklu að erlendir starfsmenn við framkvæmdirnar eru skráðir til lögheimilis í vinnubúðum meðan íslenskir starfsmenn eru það í flestum tilvikum ekki. Sú íbúafjölgun sem verið hefur á miðsvæðinu árin 2003-2005 er því til komin vegna erlendra starfsmanna (einkum karla) sem vænta má að flytji burt að framkvæmdum loknum.




Mynd 5.16: Aðfluttir umfram brottflutta milli landa eftir kynferði og svæðum 1998-2005

Hlutfall erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði hefur aukist jafnt og þétt seinustu 15 árin í samræmi við gott langvarandi atvinnuástand á Íslandi og lítið atvinnuleysi samanborið við flest lönd í Evrópu. Þessi þróun mun að öllum líkindum halda áfram ef verður af fyrirhuguðum framkvæmdum, til dæmis við stækkun álversins í Straumsvík og álvers á Norðurlandi. Erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað mjög á rannsóknarsvæðinu frá árinu 2000 en í árslok 2005 voru tæplega 2.600 erlendir ríkisborgarar á rannsóknarsvæðinu og þar af tæplega 2.300 á miðsvæðinu. Fjölmennastir í þessum hópi voru Pólverjar (937), þá Kínverjar (406), Portúgalir (271), Ítalir (186) og íbúar Norðurlanda¹⁶ (106). Íbúar allra annarra Evrópulanda¹⁷ voru 218 og aðrir erlendir ríkisborgarar 455 talsins. Frá árinu 2000 og til 2002 fækkaði erlendum ríkisborgurum á rannsóknarsvæðinu, fjölgar svo lítillega milli 2002 og 2003 en fjölgar svo mjög til 2004 og aftur til 2005. Fjölgunin er öll á miðsvæðinu og mun meiri meðal karla en kvenna. Árið 2005 eru þannig um tíu karlar á miðsvæðinu með útlent ríkisfang á móti hverri konu með útlent ríkisfang.


¹⁶ Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Finnland

¹⁷ Austurríki, Belgía, Bretland, Eistland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Kípur, Lettland, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Malta, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Sviss, Tékkland, Ungverjaland, Þýskaland



Mynd 5.17: Erlendir ríkisborgarar eftir kynferði og svæðum 2000-2005

Ef lítið er nánar á erlenda ríkisborgara á miðsvæðinu kemur í ljós að milli árunna 2003 og 2004 fjölgar mjög í hópi Portúgala enda átti Impregilo á þeim tíma lífleg viðskipti við starfsmannaleigur í Portúgal. Milli 2004 og 2005 verður svo gríðarleg fjölgun í hópi Pólverja í takti við aukin umsvif við byggingu álversins en Bechtel hafði þá yfirlýstu stefnu að takmarka ráðningar sínar við starfsmenn frá Íslandi, Póllandi eða enskumælandi löndum.



Mynd 5.18: Erlendir ríkisborgarar á miðsvæði eftir ríkisfangi 2000-2005

Athyglisvert er að bera saman fjölda Pólverja annars vegar og svo Portúgala og Kínverja hins vegar á árunum fyrir framkvæmdirnar. Þannig er enginn einstaklingur með portúgalskt ríkisfang skráður til heimilis á öllu rannsóknarsvæðinu árin 2000 til 2003 og einstaklingar með kínverskt ríkisfang eru teljandi á fingrum annarrar handar. Impregilo tekur hins vegar ákvörðun um að ráða til sín starfsmenn frá þessum löndum í stórum stíl. Pólverjar eru hins vegar tiltölulega fjölmennir í hópi erlendra ríkisborgara á Íslandi, almennt. Árið 2000 voru þannig 247 einstaklingar með erlent ríkisfang skráðir til heimilis á miðsvæðinu, þar af 93 Pólverjar eða nærri tveir af hverjum fimm útlendingum.

5.4. Árin að loknum framkvæmdum

Fram til ársins 2005 má segja að þróun íbúafjölda hafi verið í samræmi við það sem vænta mátti það er að segja að upphafsár stóriðjuframkvæmdanna hafa haf í för með sér mikla fjölgun karla á miðsvæði en að því er virðist litla varanlega íbúafjölgun. Enn er þó of snemmt að fullyrða um að svo verði þegar frammí sækir og raunar virðist flest benda til þess að varanlegra áhrifa á íbúafjölda fari fyrst að gæta á árinu 2006 þegar Alcoa Fjarðaál fer að ráða starfsmenn í einhverjum mæli. Jón Þorvaldur Heiðarsson (2005) hefur lagt mat á mögulega þróun íbúafjölda vegna starfsemi álversins í Reyðarfirði. Megin niðurstaða hans er að sé miðað við að skipting starfa milli karla og kvenna innan álversins verði áþekk því sem verið hefur í öðrum álverum á Íslandi muni fjölgun beinna og afleiddra starfa á Austurlandi verða um 900 og skiptast nánast jafnt milli karla og kvenna, þó þannig að konur verða í meirihluta þeirra sem sinna hinum afleiddu störfum meðan karlar verða í meirihluta þeirra sem sinna beinum störfum við álverið.

Álver hafa verið talin dæmigerðir karlavinnustaðir en nýjustu kannanir benda til mikillar jákvæðni kvenna í garð álvers þó reyndar komi ekki fram að þær vilja vinna þar sjálfar. Æ fleiri konur eru verk- og iðnmenntaðar og nútíma álver bjóða uppá hreinleg og spennandi störf fyrir bæði kynin. Fyrstu vísbendingar benda til að mikill áhugi er á störfum í álverinu en um 1000 umsóknir bárust vegna 60-70 starfa sem fyrirtækið auglýsti laus til umsóknar á fyrrihluta ársins 2006.

Í viðtali við Hildi Björgu Hrólfsdóttur umhverfis- og gæðastjóra Landsnets heldur hún því fram að neikvæð umræða um stóriðjuframkvæmdir og Landsvirkjun byggir að miklu leyti á vanþekkingu. „Því hefur t.d. verið haldið fram að varla fáist nokkur Íslendingur til að vinna í álveri og hvað þá íslensk kona. Þetta er byggt á slíkum reginmisskilningi að það hálf væri nóg.“ Hún heldur áfram með að hún þekki ágætlega til starfa bæði hjá orkufyrirtækjum og álverum enda hafi hún starfað talsvert fyrir eitt þeirra.

„Starfsmannavelta þessara fyrirtækja er nánast engin, sem hlýtur að endurspeglar það að starfsmenn hafa gaman af vinnunni sinni og vinnuandi er góður.“ (Fréttablaðið 14.mars 2006, Iðnaðarblaðið-sérblað um íslenskan iðnað, bls.4.)

Einhæfni atvinnulífsins, skortur á atvinnu og takmarkaðir möguleikar til náms hafa verið taldar meginástæður fyrir brottflutningi fólks frá Austurlandi líkt og frá öðrum svæðum utan höfuðborgarsvæðisins á Íslandi. Þegar hugað er að íbúafjölda og búferlaflutningum til og frá rannsóknarsvæðinu má hins vegar ekki vanmeta þá þýðingu sem aðdráttarafl annarra staða og þá sérstaklega höfuðborgarsvæðisins hefur fyrir lokaniðurstöðuna.

Meðal afleidda áhrifa af framkvæmdunum eru þau að skapast munu fjölbreyttari og betur launuð störf, betri grunngerð, aukin þjónusta, menningar- og félagslíf mun eflast, kynjamismunur mun jafnast út og aldursskipting verða jafnari. Annað mikilvægt atriði er samþjöppun byggða á Austurlandi. Líklegt er að nokkuð af fólki muni flytja af jaðarsvæðum til að nálgast atvinnu tengda stóriðjuframkvæmdum. Á móti kemur að fjarlægðir hafa minnkað með betri samgöngum, samanber göng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, sem gerir fólki auðveldara fyrir að sækja vinnu í önnur sveitarfélög án þess að flytja búferlum.

Þó meirihluti starfsmanna við virkjunar- og álversframkvæmdir hafi verið og séu útlendingar er almennt talið að auðvelt verði að manna álverid Íslendingum í framtíðinni. Yfirlýst stefna Alcoa er að ráða sem flesta Íslendinga og eins eru þetta áhugaverðari og betur launuð störf heldur en við sjálfar framkvæmdirnar og aðbúnaður einnig betri. Stóra spurningin er svo hvort að þeir útlendingar sem unnið hafa við þessar framkvæmdir hverfi á braut eða sækist eftir atvinnu hér, annaðhvort við álverid eða í tengdum störfum og verði búandi áfram á svæðinu. Meirihlutinn mun líklega hverfa á braut þar sem flestir þeirra hafa aðeins tímabundið atvinnuleyfi, aðrir fara í aðrar framkvæmdir á landinu, meðan aðrir líta á þetta einungis sem tímabundna vinnu og vilja hreinlega komast aftur til sín heima. En allt eru þetta spádómar og línur fara líklega ekki að skýrast í þess fyrr en í byrjun ársins 2007 þegar líða fer að lokum framkvæmda við álverid og starfsemi þess að hefjast.

6 EFNAHAGUR

6.1. Efnahagur áður en stóriðjuuppbygging lá fyrir

Haustið 2002 voru tekin viðtöl við töluverðan fjölda fólks á Mið-Austurlandi vegna rannsóknar á búsetuskilyrðum og kynbundnum búferlaflutningum (sjá nánar í kafla 4.5. hér að framan). Ekki er hægt að segja að viðmælendur í viðtalsrannsókninni hafi verið uppteknir af því að ræða um fjárhagslega afkomu sína, en almennt voru viðmælendur sammála í því að laun væru töluvert lægri á Austurlandi en á höfuðborgarsvæðinu. Brottluttur Reyðarfirðingur sagði þessa reynslusögu af sjálfum sér:

Fyrst og fremst eru þarna [á Austurlandi] lág laun og í dag er ég smiður. Ég lærði það á meðan ég var fyrir austan. Þar eru launin - eða voru þannig þegar ég fór - að ég held að ég hafi hækkað u.þ.b. 80% við það að flytja.

Hann nefndi einnig að laun væru mismunandi eftir bæjum á Austurlandi:

... Reyðarfjörður sker sig svolítið úr ásamt Egilsstöðum af því að það er nánast engin útgerð á Reyðarfirði, ekkert frystihús, þannig að það er meira um þjónustustörf og á móti kemur að það eru lægri laun. ... Það eru hærri laun í Neskaupstað og Eskifirði heldur en á Reyðarfirði og Egilsstöðum og það fer yfir á allar stéttir og það er út af fiskvinnslunni.

Íbúi á Reyðarfirði tók í sama streng:


Þetta er mjög mikið lágláunsvæði hérna, Egilsstaðir eða Héraðið - verulegt lágláunsvæði.

Þessi upplifun viðmælendanna þarf ekki að koma á óvart í ljósi þess að tekjur einstaklinga sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins eru að jafnaði lægri en tekjur þeirra sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu og þessi munur hefur farið vaxandi. Þannig voru tekjur þeirra sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins um 94% af tekjum höfuðborgarbúa (atvinnutekjur og fjármagnstekjur samtals) árið 1994 en höfðu fallið í 87% árið 2004 (Kjartan Ólafsson og Ingólfur V. Gíslason, 2006:61).

6.2. Breytingar á tekjum

Hagstofan tekur saman upplýsingar um atvinnutekjur. Í því sambandi eru það einkum tvenns konar upplýsingar sem fróðlegt er að skoða. Annars vegar heildaratvinnutekjur eftir atvinnugreinum og hins vegar meðalatvinnutekjur í aðalstarfi.

Á næstu mynd má sjá heildaratvinnutekjur á íbúa á vinnualdri eftir atvinnugreinum annars vegar á Austurlandi og hins vegar á landinu öllu. Tekjunum er skipt á milli frumvinnslu, iðnaðar og þjónustu. Til frumvinnsla teljast landbúnaður og fiskveiðar. Iðnaður er fiskvinnsla, annar iðnaður, veitustarfsemi og mannvirkjagerð. Í flokkinn þjónusta falla verslun og viðgerðarþjónusta, hótél- og veitingahúsarekstur, samgöngur og flutningar, fjármálaþjónusta, fasteigna- og viðskiptaþjónusta, opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta og önnur þjónusta.




Mynd 6.1: Heildaratvinnutekjur á íbúa á vinnualdri (16-74 ára) skipt í atvinnutekjur í frumvinnslu, iðnaði og þjónustu. Tölurnar eru á verðlagi 2005.

Það sem fyrst vekur athygli á myndinni er gríðarleg aukning á atvinnutekjum á milli árána 2004 og 2005 á landsvísu. Ef landið í heild og Austurland er skoðað (efstu línurnar tvær) sést að atvinnutekjur á einstakling á vinnualdri eru mjög nálægt landsmeðaltali á Austurlandi öll árin, heldur lægri þó. Árið 2005 verður hins vegar sú breyting að Austurland fer upp fyrir landsmeðaltal í atvinnutekjum. Ef litið er á þær þrjár grunngreinar sem gefa heildaratvinnutekjurnar er margt sem vekur athygli. Myndin sýnir vel hvernig þjónustugreinar eru sífellt stærra hlutfall af heildaratvinnutekjum í

landinu. Þróun á Austurlandi er þar í svipuðum dúr þó þjónustugreinar þar séu mun veikari en á landsvísu. Á Austurlandi sést stökk í iðnaði eftir 2002 en hlutur frumvinnslugreina lækkar að sama skapi. Líklegt er að tekjuaukning í iðnaði sé vegna stóriðjuframkvæmdanna en skýringin á tekjulækkun í frumvinnslugreinunum er ekki augljós. Íslenska krónan styrktist ekki að ráði fyrr en síðustu mánuði ársins 2004 en styrking krónunnar hefur mikil áhrif á atvinnutekjur í fiskveiðum.


Á næstu mynd má sjá atvinnutekjur í aðalstarfi árið 1998. Skýrt skal tekið fram að aðalstarf er ekki það sama og fullt starf þar sem fjöldi fólks vinnur hlutastarf sem aðalstarf.




Mynd 6.2: Atvinnutekjur í aðalstarfi árið 1998 á verðlagi 2005.

Á síðustu súlunni má sjá að atvinnutekjur fyrir aðalstarf voru aðeins lægri á Austurlandi en á landinu öllu árið 1998. Fiskveiðar voru það starf sem gaf mestar tekjur í aðalstarfi.

Næstu myndir eru eins nema nú eru árin 2002 og 2005 skoðuð.




Mynd 6.3: Atvinnutekjur í aðalstarfi árið 2002 á verðlagi 2005.



Mynd 6.4: Atvinnutekjur í aðalstarfi árið 2005 á verðlagi 2005.

Með samanburði á myndunum má greina töluverða breytingu. Atvinnutekjur í aðalstarfi hafa hækkað nokkuð á þessum sjö árum og munurinn á Austurlandi og landinu öllu


haldist svo til óbreyttur (súlurnar lengst til hægri). Fjármálaþjónusta hefur tekið sess fiskveiða sem sú grein sem gefur mestar tekjur í aðalstarfi. Varðandi þróunina á Austurlandi er fróðlegt að skoða hvernig tekjur þar hafa breyst samanborið við landið í heild sinni. Á næstu mynd má sjá breytingu á atvinnutekjum í aðalstarfi frá 1998-2002.



Mynd 6.5: Breyting á atvinnutekjum í aðalstarfi (að raungildi) frá 1998-2002.

Atvinnutekjur í aðalstarfi á Austurlandi hækka umfram landsmeðaltal í nokkrum greinum svo sem fiskveiðum, mannvirkjagerð og annarri þjónustu. Hins vegar heldur þróunin ekki í við landsmeðaltal í greinum eins og veitustarfsemi, verslun og viðgerðarstarfsemi, hótél- og veitingahúsarekstri sem og í fjármálaþjónustu. Mesta tekjuaukningin á Austurlandi á þessu tímabili er í fiskveiðum og annarri þjónustu. Tekjur minnka hins vegar í veitustarfsemi og verslun og annarri þjónustu.

Næsta mynd er sú sama nema nú er þriggja ára tímabil skoðað, 2002-2005. Það er einmitt tímabilið þar sem stóriðjuframkvæmda ætti að vera farið að gæta í atvinnulífi á Austurlandi




Mynd 6.6: Breyting á atvinnutekjum í aðalstarfi (að raungildi) á árunum 2002-2005.

Á þessum árum gengur tekjuaukning fyrri ára til baka í fiskveiðum og landbúnaði og tekjur í veitustarfsemi lækka áfram á Austurlandi. Hins vegar hækka mjög tekjur í landshlutanum í fasteigna- og viðskiptaþjónustu sem og mannvirkjagerð. Hvort tveggja er auðskiljanlegt og eðlilegt í ljósi framkvæmdanna á Austurlandi. Atvinnutekjur í aðalstarfi hækka töluvert meira á Austurlandi þessi ár en á landinu öllu.

6.2. Könnun meðal íbúa

Í spurningakönnun haustið 2004 voru nokkrar spurningar sem lutu að efnahag íbúanna. Áður, í febrúar 2003, höfðu íbúar á könnunarsvæðinu fyrir utan Höfn í Hornafirði verið spurðir sumra spurninganna í könnun á vegum RHA (sjá Kjartan Ólafson, 2005:31). Því er hægt að bera saman niðurstöðurnar á þessu svæði (könnunarsvæðinu utan Hafnar) á tveimur tímamörkum, í febrúar 2003 og haustið 2004.


Ein spurningin kannaði hversu ánægðir íbúarnir voru með atvinnutekjur sínar. Niðurstöðuna má sjá á næstu mynd.



Mynd 6.7: Spurt haustið 2004: Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með atvinnutekjur þínar?

Eins og sjá má skiptist nokkuð í tvö horn hvort fólk á svæðinu er sátt við launin sín þó þeir ánægðu séu örlítið fjölmennari. Af einstökum svæðum sker Norðursvæðið sig helst úr með meiri óánægju en önnur svæði.


Einnig var spurt um efnahag fjölskyldunnar. Niðurstöðuna má sjá á næstu mynd.



Mynd 6.8: Spurt haustið 2004: Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með efnahag fjölskyldunnar?


Athygli vekur að mun meiri ánægja er með efnahag fjölskyldunnar en eigin atvinnutekjur. Aftur sést að íbúar Norðursvæðis eru óánægðri en aðrir.

Í þessari könnun haustið 2004 voru einnig væntingar íbúanna skoðaðar um betri fjárhagslega afkomu í ljósi þess að búið var að ákveða að reisa álver. Þessar spurningar eru einkar áhugaverðar í ljósi þess að þær voru einnig lagðar fyrir í könnun í febrúar 2003 og því er hægt að sjá hvernig væntingarnar hafa breyst. Á næstu mynd má sjá væntingar um bætta fjárhagslega afkomu vegna framkvæmdanna.




Mynd 6.9: Spurt haustið 2004: Hefur þú mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu þinni í tengslum við stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi?

Eins og sjá má er það minnihlutinn sem telur að framkvæmdirnar bæti fjárhagslega afkomu sína. Miðsvæðið sker sig algjörlega úr, þar telur mun stærri hluti íbúanna að framkvæmdirnar bæti fjárhagslega afkomu þeirra en á öðrum svæðum. Þessi svör má skoða með tilliti til staðsetningar. Það er, hvernig svörin breytast eftir því sem lengra er frá framkvæmdunum. Athyglisvert er að íbúar norður- og suðursvæðis hafa minni trú á bættri fjárhagslegri afkomu en íbúar annarra svæða. Næsta mynd sýnir hlutfall þeirra sem segjast hafa frekar eða mjög mikla trú á bættri afkomu sinni á hverjum stað og meðalvegalengd þess staðar frá framkvæmdunum.



Mynd 6.10: Hlutfall þeirra sem segjast hafa frekar eða mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni í tengslum við stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi eftir meðalfjarlægð frá framkvæmdunum.

Á næstu mynd má sjá hlutföllin á milli þeirra sem hafa mjög mikla eða frekar mikla trú, og þeirra sem hafa frekar litla eða mjög litla trú. Þar sést jafnframt hvernig væntingarnar hafa breyst síðan í febrúar 2003.




Mynd 6.11: Spurt á rannsóknarsvæði (fyrir utan Höfn): Hefur þú mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu þinni í tengslum við stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi? Breyting milli febrúar 2003 og nóvember 2004

Eins og sjá má fækkar þeim frá febrúar 2003 til haustsins 2004 sem telja að fjárhagsleg afkoma sín batni vegna framkvæmdanna. Á því kunna að vera eðlilegar skýringar svo

sem að framkvæmdirnar voru mannaðar að stærri hluta með erlendu fólki en áætlað var í byrjun.


Síðustu þrjár myndir sýndu væntingar íbúanna um breytta afkomu vegna framkvæmdanna. Nú verður skipt um gír og skoðaðar væntingar íbúanna um bætta fjárhagslega afkomu vegna **starfrækslu álvers í Reyðarfirði**. Næsta mynd sýnir þessar væntingar eftir svæðum.



Mynd 6.12: Spurt haustið 2004: Hefur þú mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu þinni í tengslum við starfrækslu álvers í Reyðarfirði?


Eins og sjá má, og gera mátti ráð fyrir, sker miðsvæðið sig töluvert úr. Þar hafa 35% íbúanna frekar eða mjög mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni vegna starfrækslu álvers á Reyðarfirði. Litlar væntingar eru um þetta annarsstaðar á rannsóknarsvæðinu en það vekur athygli að á öðrum svæðum (svæði utan rannsóknarsvæðis þangað sem hluti úrtaksins hefur flutt áður en spurt var) virðast vera töluverðar væntingar um þetta. Það vekur margar spurningar.

Þessar væntingar skoðaðar eftir stöðum og fjarlægð frá álverinu má sjá á næstu mynd.



Mynd 6.13: Hlutfall þeirra sem segjast hafa frekar eða mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni í tengslum við starfrækslu álvers í Reyðarfirði eftir fjarlægð frá álverinu.

Á næstu mynd má síðan sjá hvernig væntingar um bættu fjárhagslega afkomu vegna starfrækslu álversins hafa breyst frá febrúar 2003 til hausts 2004.



Mynd 6.14: Spurt á rannsóknarsvæði (fyrir utan Höfn): Hefur þú mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu þinni í tengslum við starfrækslu álvers í Reyðarfirði? Breyting milli febrúar 2003 og nóvember 2004

Hér má jafnframt sjá að væntingar hafa minnkað. Það eru minni væntingar haustið 2004 um bættu fjárhagslega afkomu vegna starfrækslu álvers en í febrúar 2003. Þar sem

starfræksla álversins byrjar ekki fyrr en 2007 er athyglisvert að væntingarnar hafi minnkað á milli árunna 2003 og 2004 og virðist fólk að einhverju leyti yfirfæra fengna reynslu af virkjanaframkvæmdunum yfir á rekstur álversins.

6.4. Samantekt um efnahag

Áhrif framkvæmdanna á Austurlandi eru greinileg á efnahag íbúanna á Austurlandi. Atvinnutekjur þeirra hafa hækkað mikið á undanförunum árum og meira en á landinu í heild. Mikill vöxtur atvinnutekna hefur verið á svæðinu í iðnaði en lækkandi tekjur í frumvinnslugreinum (landbúnaður og fiskveiðar). Þessi tilfærsla milli fyrrnefndra sviða atvinnulífsins er megin breytingin sem hefur orðið á tímabilinu. Má velta því fyrir sér hvort þetta sé til marks um hraða þróun samfélagsins til iðnaðar- og þjónustusamfélags. Hvort þessar breytingar halda áfram, eru yfirstaðnar eða ganga að einhverju leyti til baka er hins vegar erfitt að segja um. Framkvæmdunum lýkur á næstu árum og núverandi íbúar Austurlands sem eru útlendingar til heimilis í vinnubúðum munu flestir fara aftur af landi brott. Í staðinn koma hundruð starfa í iðnaði og er þá verið að tala um störfín í álverinu sjálfu. Ljóst er því að iðnaður verður meiri á svæðinu en var fyrir stórframkvæmdirnar og mun skapa þar miklar tekjur til framtíðar. Meiri óvissa er um frumvinnslugreinarnar.

7. VINNUMARKAÐUR

7.1. Ástandið áður en stóriðjuuppbygging lá fyrir (viðtöl 2002)

Í viðtölunum sem tekin voru í ársbyrjun 2002 barst talið oft að vinnumarkaðinum. Í kaflanum um efnahag kom fram að viðmælendur töldu lægri laun vera í boði á Egilsstöðum og Reyðarfirði heldur en í stærri sjávarplássunum eins og Neskaupstað og Eskifirði. Einnig kom þar fram að laun hafi almennt verið lægri á Austurlandi en á Suðvesturhorninu.

Af orðum eins viðmælanda, iðnaðarmanns brottfluttum frá Reyðarfirði, má ráða að mikill sveigjanleiki hafi verið í vinnumarkaði hvað iðnaðarmenn varðar. Menn hafi borið sig eftir björginni en það hafi jafnframt verið þreytandi:

Eins og í smíðunum þá er Austurland allt atvinnusvæðið, maður var að vinna á Norðfirði, Eskifirði, Seyðisfirði, Egilsstöðum, Reyðarfirði þannig að þetta er eiginlega orðið eitt fyrir iðnaðarmenn..... og síðan þetta óöryggi, maður vissi aldrei hvar maður var að smíða, ég var tvö ár norður á Þórshöfn að smíða og ég gat verið sendur til Vestmannaeyja á morgun, þannig að maður vissi aldrei neitt og það var aldrei hægt að gera nein plön.

Almennt voru viðmælendur ekki á því að mikið atvinnuleysi hafi verið til staðar, meira atvinnuleysi hafi þó verið hjá konum en körlum. Hins vegar hafi vinnumarkaðurinn verið einhæfur. Viðmælandi á Fáskrúðsfirði sagði þetta þegar hann var spurður hvort það væri erfitt að fá vinnu:

Nei, það er það ekki. Þeir sem vilja vinna, geta fengið vinnu í fiski. En auðvitað er ekki úr miklu að spila. Það er þessi fiskvinnsla.

Ástandið virðist þó hafa verið eitthvað betra á Egilsstöðum og Reyðarfirði varðandi fjölbreytni. Hinn brottflutti Reyðfirðingur sagði þetta:

Nei, það er ekki fjölbreytileiki í störfum, en samt, Reyðarfjörður sker sig svolítið úr ásamt Egilsstöðum af því að það er nánast engin útgerð á Reyðarfirði, ekkert frystihús, þannig að það er meira um þjónustustörf og á móti kemur að það eru lægri laun.

Reyðfirðingur orðaði þetta svona:

Einhæfnin er mjög fjölbreytt hérna.

Sami maður sagði þetta um þróun vinnumarkaðar síðustu ár og áratugi:

Ég held að þetta hafi ekki þróast mikið. Allaveganna ekki frá því að ég fór að fylgjast með þessu. Mætti alveg vera meira fyrir fólk sem er komið með einhverja menntun. Og fyrir fólk eins og mig. Segjum að mér líki illa í vinnunni þá eru nú ekki miklir möguleikar oft sko. ... Sumt fólk er bara í svona venjulegri vinnu. En það er svo lítið val um vinnu hér.


Egilsstaðabúi hafði eftirfarandi skoðun:

Það mætti vera meiri fjölbreytni hérna. Það vantar svona 2000 manns hingað í viðbót til að fleiri sérværslanir og sérhæfðari fyrirtæki geti lifað. Það er ekki nóg að þrír vilji kaupa af þér þjónustu. Þeir þurfa að vera 30 á mánuði.

Ofangreint bendir eindregið til þess að skortur á fjölbreytni á ýmsum sviðum hafi verið það sem fólk taldi gjarnan annmarka svæðisins. Aukinn íbúafjöldi, bætt afkoma fólks og fjölbreytni á vinnumarkaði og í efnahagslífi fylgdist gjarnan að.


7.2. Atvinnuleysi

Tvenns konar tölur eru til á Íslandi um atvinnuleysi. Annars vegar eru niðurstöður úr vinnumarkaðsrannsóknnum Hagstofunnar og hins vegar er skráð atvinnuleysi sem byggir á fjölda þeirra sem skráðir eru atvinnulausir. Niðurstöður úr vinnumarkaðsrannsóknnum eru ekki settar fram af Hagstofunni efir landshlutum. Enda eru sumir landshlutar það fámennir að úrtakið þar er ekki nægilega stórt til að það gefi nægilega áreiðanlegar upplýsingar um atvinnuþátttöku, atvinnuleysi og fleira. Tölur um skráð atvinnuleysi sem Vinnumálastofnun heldur saman eru hins vegar áreiðanlegar fyrir hvern landshluta ekki síður en fyrir landið allt. Á næstu mynd má sjá skráð atvinnuleysi á Austurlandi og á landinu í heild síðustu ár.



Mynd 7.1: Skráð atvinnuleysi á Austurlandi og landinu öllu.

Af myndinni má ráða að atvinnuleysi á Austurlandi hefur verið í sama takti og atvinnuleysi á landinu öllu. Fram til 2000 er þó atvinnuleysi heldur minna á Austurlandi en á landinu öllu, verður síðan svipað en verður verulega minna eftir að stóriðjuframkvæmdirnar byrja af krafti 2003. Þetta má betur sjá á næstu mynd þar sem atvinnuleysi á Austurlandi er skoðað sem hlutfall af atvinnuleysi á landinu öllu. Einnig má sjá að atvinnuleysi meðal kvenna á Austurlandi hefur síðan 1994 verið meira (í eitt skipti þó svipað) en atvinnuleysi ókyngreint á landsvísu. Árin 2004 og 2005 eru hins vegar öðruvísi að þessu leyti. Þá er atvinnuleysi kvenna á Austurlandi minna en ókyngreint atvinnuleysi á landsvísu. Framkvæmdirnar virðast því ekki síður hafa haft áhrif á atvinnu kvenna á Austurlandi en karla, þrátt fyrir að margir sjái eingöngu fyrir sér karlastörf þegar rætt er um stóriðjuframkvæmdirnar.




Mynd 7.2: Atvinnuleysi á Austurlandi sem hlutfall af atvinnuleysi á landsvísu.

Eins og sjá má af myndinni er atvinnuleysi á Austurlandi mest frábrugðið ástandinu á landsvísu árin 2004 og 2005. Mjög líklegt er að stóriðjuframkvæmdirnar skýri þetta frávik.

7.3. Fjöldi á vinnualdri og fjöldi á vinnumarkaði


Eins og áður var dregið á eru ekki tiltækar upplýsingar um atvinnuþátttöku eftir landshlutum úr vinnumarkaðsrannsóknum Hagstofunnar. Það er hins vegar hægt að skoða íbúafjölda á vinnualdri (16-74 ára) og skráðan fjölda á vinnumarkaði. Skráður fjöldi á vinnumarkaði er þá fjöldi starfandi samkvæmt staðgreiðsluskrá og skráðir atvinnulausir. Með því að bera þessar tölur saman ætti að fást einhver hugmynd um þróun atvinnuþátttöku þó gera verði greinamun á slíkum tölum og þeim sem koma út úr vinnumarkaðsrannsóknum. Á næstu mynd má sjá þróun mannfjölda á vinnualdri á Austurlandi sem og á rannsóknarsvæðinu þrískiptu (norður-, mið- og suður-).



Mynd 7.3: Mannfjöldi (miðársmanfjöldi) á vinnualdri (16-74 ára) eftir svæðum á rannsóknarsvæðinu.


Á myndinni má sjá snarpa fjölgun á fólki á vinnualdri á miðsvæðinu eftir 2003. Engin breyting virðist verða á hinum svæðunum, fólki fækkar þar áfram hægt og sígandi. Fjölgun fólks á vinnualdri má skýra að langmestu leyti með erlendu vinnuafla sem er með skráð lögheimili í vinnubúðum. Um það vitna íbúatölur í Fljótsdalshreppi og fyrrverandi sveitarfélaginu Norður-Héraði.

Fjöldi starfandi skv. staðgreiðsluskra hefur einnig aukist mikið á Austurlandi. Þetta sést vel á næstu mynd.



Mynd 7.4: Fjöldi starfandi á Austurlandi samkvæmt staðgreiðsluskrá Hagstofunnar.

Hvorugar þessara talna koma á óvart. Með innstreymi erlendra verkamanna ætti fólki á vinnualdri að fjölga sem og starfandi fólki. Áður er búið að tala um skráð atvinnuleysi. Með því að skoða þá sem eru skráðir á vinnumarkaði (starfandi auk skráðra atvinnulausra) sem hlutfall af öllum á vinnualdri ætti að fást góð mynd af þróun atvinnuþátttöku á Austurlandi. Þetta hlutfall má sjá á næstu mynd.



Mynd 7.5: Skráður fólksfjöldi á vinnumarkaði sem hlutfall af fólksfjölda á vinnualdri á Austurlandi og landinu öllu.


Það sem fyrst vekur athygli er að svo virðist sem atvinnuþátttaka sé meiri á Austurlandi en á landinu öllu sem nemur um þremur prósentustigum og er þó atvinnuþátttaka á Íslandi með því hæsta sem þekkist. Er þá verið að tala um árin til og með 2003. Hlutfallið virðist einnig hreyfast í takt við það sem gerist á landsvísu fram til 2004. Það ár fellur hlutfallið niður um næstum þrjú prósentustig á Austurlandi en árið eftir, 2005 stekkur hlutfallið upp fyrir 90%. Þetta mikla stökk á Austurlandi virðist einnig skýra að töluverðu leyti hækkun á hlutfallinu á landsvísu árið 2005. Hver er skýringin á þessu falli í hlutfallinu 2004 áður en það rýkur upp 2005? Minnkaði atvinnuþátttaka á Austurlandi raunverulega svona mikið árið 2004 á Austurlandi (árið sem stóriðjuframkvæmdir byrjuðu fyrir alvöru) eða eru einhverjar eðlilegar skýringar á þessari skyndilegu breytingu? Ástæðan virðist vera sú að árið 2004 var það fyrsta sem verulegur fjöldi erlendra starfsmanna kom til Austurlands. Það gekk brösuglega að koma þessum starfsmönnum inn í íslenskt skattakerfi þó þeir væru strax skráðir með lögheimili á Íslandi. Það er því líklegt að skýringin á lægra hlutfalli sé sú að erlendir starfsmenn komu strax inn á íbúaskrá en fóru ekki inn í staðgreiðsluskrá fyrr en síðar. Skattamál erlendu starfsmannanna komust í stöðugra horf árið 2005 og það ár rýkur hlutfallið upp eins og við mátti búast. Það er eðlilegt að hlutfallið hækki mikið þegar inn á svæðið kemur fjöldi manns eingöngu til að vinna. Má því gera ráð fyrir að í þessum hópi sé atvinnuþátttakan 100%. Hvernig atvinnuþátttakan hefur breyst hjá heimamönnum er ekki hægt að segja til um en fróðlegt verður að sjá hvernig hún verður eftir að framkvæmdum er lokið og erlendu starfsmennirnir farnir.

7.4. Greining á vinnumarkaði haustið 2004

Haustið 2004 gerði RHA viðamikla spurningakönnun á rannsóknarsvæðinu í tengslum við vöktunarverkefnið. Margar spurninganna lutu að ástandinu á vinnumarkaðnum. Hér verða niðurstöður úr þeim spurningum útlistaðar nema ein sem er tekin fyrir í sér kafla en það er spurningin hvort fólk muni sækjast eftir vinnu við álverið.

7.4.1. Fjölbreytni starfa

Spurt var hversu ánægt fólk væri með fjölbreytni starfa í sinni heimabyggð. Niðurstöður voru eins og næsta mynd sýnir.




Mynd 7.6: Spurt haustið 2004: Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fjölbreytni starfa?


Eins og sjá má af niðurstöðunum er meiri óánægja en ánægja með fjölbreytni starfa á áhrifasvæðinu. Svæðin þrjú eru svipuð í þessu ljósi en þó er greinilegt að meiri ánægja er með fjölbreytni starfa á miðsvæðinu en á norður- og suðursvæði.

7.4.2. Hvernig eru tengsl fólks við stóriðjuframkvæmdirnar

Á næstu tveimur myndum sjást niðurstöður úr fjórum spurningum um hvernig fólk hefur tengst stóriðjuframkvæmdunum að þeim tíma sem spurt var.



Mynd 7.7: Spurt haustið 2004: Hvernig tengist þú stóriðjuframkvæmdunum á Austurlandi: Ég hef verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar.




Mynd 7.8: Spurt haustið 2004: Hvernig tengist þú stóriðjuframkvæmdunum á Austurlandi: Nánir ættingjar mínir eða vinir hafa verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar.

Eins og sjá má af þessu er mjög merkjanlegt að fólk hafi unnið við framkvæmdirnar eða einhver af vinum og ættingjum. Miðsvæðið sker sig þarna úr eins og áður en athyglisvert

er að fólk af norðursvæðinu virðist frekar þekkja einhvern sem vann við framkvæmdirnar heldur en fólk á suðursvæðinu.

7.4.3. Staða fólks á vinnumarkaði


Spurt var hver staða fólks væri á vinnumarkaðnum haustið 2004. Hér skal áréttað að í þessari könnun voru 18-62 ára einungis spurðir. Þetta er vert að hafa í huga þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við aðrar niðurstöður þar sem vinnualdur er skilgreindur sem 16-74 ára. Jafnframt að heildartalan er hærri en 100% þar sem einhverjir eru í fleiri en einum flokk, t.d. bæði í námi og hlutastarfi. Niðurstöður urðu eins og næsta mynd sýnir.



Mynd 7.9: Staða 18-62 ára íbúa á austurhluta landsins á vinnumarkaði haustið 2004.

Eins og sjá má eru svæðin öll með svipaðar tölur í flestum flokkum. Þó má sjá að miðsvæðið sker sig nokkuð frá hinum svæðunum tveimur. Á miðsvæðinu eru fleiri í fullu starfi og færri í hlutastarfi. Jafnframt eru þar færri með eigin atvinnurekstur. Á þeim tíma sem þessi könnun er framkvæmd eru stóriðjuframkvæmdirnar komnar á fullt skrið.

Ef fólki er einungis skipt í tvo flokka, annars vegar þá sem eru launþegar eða með eigin atvinnurekstur og má þá líta á sem fólk í vinnu, og hins vegar þá sem ekki eru í vinnu verður niðurstaðan eins og sjá má á næstu mynd.




Mynd 7.10: Hlutfall þeirra sem eru í vinnu og ekki í vinnu 18-62 ára á austurhluta Íslands haustið 2004.

Eins og sjá má eru örlítið fleiri í vinnu á miðsvæðinu heldur en á hinum svæðunum tveimur.

7.4.4. Menntun íbúa

Í könnuninni haustið 2004 var spurt um menntun þátttakenda. Niðurstöður voru eins og næst mynd sýnir. Miðað var við hæsta menntunarstig. Ekki er víst að allir séu sammála um hvort sé hærra menntunarstig stúdentspróf eða próf í iðngrein en hér var sú leið farin að ef einhver var með bæði prófin þá var hann settur í flokk með stúdentsprófinu.



Mynd 7.11: Menntunarstig 18-62 ára íbúa austurhluta Íslands haustið 2004

Um þessa niðurstöðu er lítið að segja nema suðursvæðið virðist skera sig aðeins úr en menntun á miðsvæði og norðursvæði er mjög áþekkt.

Í apríl 2000 framkvæmdi RHA úrtakskönnun á Austurlandi þar sem meðal annars var spurt um menntun svarenda. Svarendur í þessari könnun voru á bilinu 18-75 ára. Af þeim 360 sem svöruðu sögðust 53% einungis hafa lokið skyldunámi, um 27% höfðu lokið einhverskonar iðn- eða starfsnámi, um 11% höfðu aðeins lokið stúdentsprófi en tæp 9% höfðu lokið prófi á háskólastigi. Menntunarstigið samkvæmt þessari könnun var lægra en í könnuninni 2004 og er það eðlilegt. Tvennt kemur þar til, annars vegar að aldursbilið er annað og hins vegar að menntunarstig þjóðarinnar er á hraðri uppleið þannig að á fjórum árum er líklegt að verði merkjanlegur munur.

7.4.5. Hreyfanleiki á vinnumarkaði

Í könnuninni haustið 2004 var ein spurning svohljóðandi: Ef þú ert í vinnu eða námi, hvert sækir þú það aðallega? Síðan áttu þátttakendur að skrifa póstnúmer og nafn sveitarfélags. Hér verður kastljósinu beint að vinnumarkaðnum og því ekki greint hvert fólk var að fara í nám heldur einungis hvert það fór til vinnu. Eins og eðlilegt er sóttu langflestir vinnu á sama stað og þeir bjuggu. Í næstu töflu má sjá hvert íbúar sóttu aðallega vinnu. Í fyrsta dálkinum eru viðkomandi svæði (skilgreind í kafla 3.2), í næsta

dálki er það hlutfall viðkomandi svæðis sem vinnur innan svæðisins. Í næstu dálkum er það hlutfall sem vinnur á öðrum svæðum sem koma þar á eftir í atvinnusókn.

Tafla 7.1. Hvar unnu íbúar á Austurhluta landsins árið 2004?

	Hlutfall sem vinnur á eigin svæði (%)	Hlutfall sem vinnur á því svæði sem næst kemur í atvinnusókn (% - staður)	Hlutfall sem vinnur á því svæði sem kemur þar á eftir í atvinnusókn (% - staður)
Húsavík og nágrenni	94,3	5,0 önnur svæði	0,4 Raufarhöfn ¹⁸
Reykjahlíð og nágrenni	100,0		
Raufarhöfn og nágrenni	88,9	5,6 önnur svæði	2,8 Þórshöfn ¹⁹
Þórshöfn og nágrenni	79,4	11,8 önnur svæði	5,9 Reyðarfjörður
Vopnafjörður og Skeggjast.hr.	97,1	2,9 önnur svæði	
Egilsstaðir og Fell	93,5	2,5 Hérað	1,0 Reyðarfjörður ²⁰
Hérað og Borgarfjörður eystri	63,4	26,9 Egilsstaðir	8,6 Önnur svæði
Seyðisfjörður	90,7	3,7 Egilsstaðir	3,7 önnur svæði
Reyðarfjörður	82,6	8,7 önnur svæði	4,3 Eskifjörður
Eskifjörður	88,0	4,0 Reyðarfjörður ²¹	4,0 Norðfjörður
Norðfjörður	91,5	3,8 Reyðarfjörður	2,8 Eskifjörður
Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfj.	90,2	5,9 Reyðarfjörður	2,0 Norðfjörður ²²
Djúpivogur og Breiðdalur	88,2	5,9 Egilsstaðir	2,9 Norðfjörður ²³
Höfn og nágrenni	96,7	2,0 önnur svæði	1,3 Hérað

Eins og sjá má af töflunni er ekki mikil atvinnusókn á milli bæja á Austurlandi. Það vekur t.d. athygli að Reyðarfjörður og Eskifjörður virðast varla vera sama atvinnusvæðið þegar könnunin er gerð. Einungis 4% vinnandi fólks á hvorum stað sækir vinnu á hinn staðinn þó einungis taki örfáar mínútur að aka á milli staðanna. Sú þróun sem víða hefur orðið að fólk búi ekki endilega þar sem það vinnur virðist því ekki enn hafa átt sér stað á Austurlandi. Ljóst er að með tilkomu álvers mun þetta breytast. Má því segja að álverið muni innleiða nýja vinnusóknarvenjur í landshlutanum. Það gæti orsakað viðhorfsbreytingu sem yrði þess valdandi að vinnuafli yrði í heild sinni hreyfanlegri í landshlutanum sem þá hefði áhrif á allar atvinnugreinar.

¹⁸ Bæði er 0,4% atvinnusókn til Egilsstaða og Raufarhafnar

¹⁹ Bæði er 2,8% atvinnusókn til Þórshafnar og Húsavíkur

²⁰ Bæði er 1,0% atvinnusókn til Reyðarfjarðar og annarra svæða

²¹ 4,0% atvinnusókn er til þriggja svæða, Reyðarfjarðar, Norðfjarðar og annarra svæða


²² Bæði er 2,0% atvinnusókn til Norðfjarðar og Hafnar

²³ Bæði er 2,9% atvinnusókn Norðfjarðar og annarra svæða

7.5. Líklegt atvinnusvæði Fjarðaáls


7.5.1. Niðurstöður úr spurningakönnun

Í könnuninni haustið 2004 voru þátttakendur spurðir hvort þeim þætti það líklegt eða ólíklegt að þeim myndu sækjast eftir vinnu við álver í Reyðarfirði. Á rannsóknarsvæðinu í heild frá Húsavík að Höfn töldu um 2% það mjög líklegt og önnur 5% frekar líklegt að þeir myndu sækjast eftir vinnu við álverið. Til samanburðar sögðu um 14% Austfirðinga á aldrinum 18-28 ára það vera alveg öruggt að þeir hefðu áhuga á að starfa við álverið í könnun sem framkvæmd var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í lok ársins 2000 (sjá Nýsir, 2002:159). Ef gögnin úr könnuninni haustið 2004 eru greind eftir aldri og búsetu telja um 3% fólks á aldrinum 18-27 ára sem búsett er á Mið-Austurlandi það mjög líklegt að það muni sækja um vinnu við álver í Reyðarfirði. Um 16% til viðbótar telja það hins vegar frekar líklegt; það er hins vegar ekki það sama að hafa *áhuga á* að vinna í álveri og að ætla að *sækjast eftir* vinnu við það.



Mynd 7.12: Spurt haustið 2004: Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú munir sækjast eftir vinnu við álver á Reyðarfirði?

Tengsl milli fjarlægðar frá álverinu og þess hlutfalls sem telur það mjög eða frekar líklegt að viðkomandi muni sækjast eftir vinnu í álverinu eru frekar afgerandi eins og sjá má á næstu mynd.



Mynd 7.12: Hlutfall þeirra sem telja það mjög eða frekar líklegt að þeir muni sækjast eftir vinnu við álver í Reyðarfirði, eftir fjarlægð frá álverinu .

7.5.2. Atvinnusókn í álver Fjarðaáls

Með því að yfirfæra niðurstöður úr póstkönnuninni haustið 2004 yfir á íbúafjölda í viðkomandi aldursflokkum á rannsóknarsvæðinu má fá tiltölulega glögga mynd af því hvers vænta má varðandi fjölda umsókna um störf í álveri Alcoa Fjarðaáls. Heildarfjöldi svara á rannsóknarsvæðinu voru 1.393 sem þýðir að óvissa um niðurstöður er byggja á svörum frá þeim hópi er aðeins um 1,5-2,5 prósentustig.

Þegar hlutföll þeirra sem töldu frekar líklegt eða mjög líklegt að þeir sæktust eftir vinnu í álverinu eru skoðuð fyrir hvern stað fyrir sig kemur í ljós að það var langhæst á Reyðarfirði. Ef þetta hlutfall er notað fyrir allan þann aldurshóp (18-62 ára) sem bjó á viðkomandi stað árið 2003 má áætla að samtals um 714 manns telja það frekar eða mjög líklegt að þeir muni sækjast eftir vinnu við álverið. Með sömu hlutföllum á milli „mjög“ og „frekar“ hópanna má gera ráð fyrir að 194 á svæðinu telji mjög líklegt að þeir muni sækjast eftir vinnu í álverinu en 520 telji það frekar líklegt. Ef gert er ráð fyrir að þessir 194 saki örugglega um vinnu en óvíst sé með hina má segja að líklegt sé að atvinnuumsóknir á þessu svæði verði á bilinu 194-714.

Ef einungis er litið á þá sem bjuggu innan þess svæðis sem má telja líklegt atvinnuumsóknarsvæði gefur könnunin til kynna að þeir sem telja líklegt eða mjög líklegt að þeir sækist eftir vinnu við álverið verði fjöldinn sem sést á næstu töflu.

Tafla 7.2. Hlutfall og fjöldi þeirra sem telja frekar eða mjög líklegt að þeir muni sækjast eftir vinnu við álver í Reyðarfirði.

Svæði:	Hlutfall af íbúum 18-62 ára (%)	Metinn fjöldi þeirra sem telja umsókn mjög eða frekar líklega
Egilsstaðir og Fell	5	55
Hérað, Borgarfjörður og Mjóifjörður	6	57
Seyðisfjörður	2	8
Reyðarfjörður	31	126
Eskifjörður	20	115
Norðfjörður	16	139
Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður	15	81
Breiðdalur og Djúpavogssvæði	2	11
Samtals:		593

Hlutfallið í þessum hópi á milli þeirra sem segja frekar líklega eða mjög líklega sækjast eftir starfi í álveri er mjög svipað og á öllu athugunarsvæðinu. Um 28% af 593, eða 166 telja að mjög líklegt að þeir sækist eftir starfi í álverinu. Má því segja að líklega verði atvinnuumsóknir á þessu svæði 166-593.

Niðurstaðan er í sjálfu sér mjög í takt við það sem búast má við. Þannig liggur nokkuð beint við að draga þá ályktun að meiri líkur séu á að þeir sem búa nálægt álveri vilji vinna þar en þeir sem búa lengra frá. Jafnframt virðist ljóst að búast megi við að á stöðum þar sem fjölbreytni starfa er takmörkuð sé líklegra að fólk vilji vinna í álverinu. Munurinn á milli Norðfjarðar og Egilsstaða og Fella þarf því ekki að koma á óvart. Á Egilsstöðum býst fólk líklega við því að mikið verði til af störfum á Egilsstöðum í kjölfar álversins en síður á Norðfirði.

7.5.3. Kynjaskipting atvinnuumsókna

Þegar sá hópur sem telur frekar eða mjög líklegt að hann sækist eftir starfi í álverinu er skoðaður með skiptingu á milli kynja í huga má fyrst nefna að varla nokkur kona fyrir utan líklegt atvinnusóknarsvæði er í þessum hópi. Eina undantekningin er ein kona á Vopnafirði. Af þessu má kannski draga þá almennu ályktun að starf karlsins ráði því hvort fjölskyldan flytur sig um set eða ekki. Um það má þó deila. Hins vegar kann þetta að benda í þá átt að þeir sem flytjast til Austurlands gagngert til að vinna í álveri verði að mestum hluta karlar. Með öðrum orðum, þó konur fyrir utan líklegt atvinnusóknarsvæði vilji vinna í álverinu muni það ekki duga til þess að fjölskyldan flytji þangað. Ef niðurstöður könnunarinnar eru skoðaðar eftir svæðum innan líklegs atvinnusóknarsvæðis eru niðurstöður eftirfarandi:

Tafla 7.3. Hlutfall og fjöldi þeirra sem telja frekar eða mjög líklegt að þeir muni sækjast eftir vinnu við álver í Reyðarfirði, eftir kynferði.

Svæði:	Hlutfall af íbúum 18-62 ára sem telja umsókn líklega (%)		Metinn fjöldi þeirra sem telja umsókn mjög eða frekar líklega	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Egilsstaðir og Fell	10	1	50	5
Hérað, Borgarfjörður og Mjóifjörður	11	0	57	0
Seyðisfjörður	3	0	8	0
Reyðarfjörður	45	17	93	33
Eskifjörður	30	9	90	25
Norðfjörður	19	12	89	50
Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður	22	6	65	16
Breiðdalur og Djúpavogssvæði	5	0	11	0
Samtals:			463	129
			78%	22%

Miðað við svörin úr könnuninni má því ætla að um 22% umsóknanna frá íbúum Austurlands verði frá konum.

7.5.4. Menntun í hópi umsækjenda

Ekki var greinilegt í niðurstöðum könnunarinnar að menntun þeirra sem töldu frekar líklegt eða mjög líklegt að þeir sæktust eftir vinnu við álverið væri mismunandi eftir svæðum. Hér er því gert ráð fyrir að menntun þessa hóps sé svipuð allsstaðar. Hlutföllin á milli menntunar má sjá í næstu töflu:

Tafla 7.4. Hlutfall menntunarhópa meðal þeirra sem telja frekar eða mjög líklegt að þeir muni sækjast eftir vinnu við álver í Reyðarfirði.

Menntun:	Karlar	Konur
Ekkert umfram skyldunám	46	50
Framhaldsskólapróf en ekki iðnnám	15	28
Iðnnám	30	11
Háskólapróf	9	11
Samtals:	100	100

7.5.5. Aldursskipting atvinnuumsókna

Ekki var greinilegt í niðurstöðum könnunarinnar að aldur þeirra sem töldu frekar líklegt eða mjög líklegt að þeir sæktust eftir vinnu við álverið væri mismunandi eftir svæðum. Hér er því gert ráð fyrir að aldurssamsetning hópsins sé svipuð allsstaðar. Hlutföllin á milli aldurshópa má sjá í næstu töflu:

Tafla 7.5. Hlutfall aldurshópa meðal þeirra sem telja frekar eða mjög líklegt að þeir muni sækjast eftir vinnu við álver í Reyðarfirði.

Aldursflokkar:	Karlar	Konur
18-27 ára	23	16
28-37 ára	18	28
38-47 ára	43	28
48-62 ára	16	28
Samtals:	100	100

7.6. Samantekt um vinnumarkað

Almennt má segja að fyrir stóriðjuframkvæmdirnar hafi ekki verið meira atvinnuleysi á Austurlandi en annarsstaðar á landinu. Atvinnulíf hafi þó verið einhæft. Atvinnuþátttaka hafi jafnframt verið meiri en almennt á Íslandi. Eftir að framkvæmdir hófust hefur orðið mikil breyting á vinnumarkaðinum. Mikið af erlendu vinnuafli hefur komið inn og gert það að verkum að ýmsar stærðir eru ekki samanburðarhæfar við fyrri gögn. Atvinnuleysi hefur minnkað og orðið mun minna en annarsstaðar á landinu. Atvinnuþátttaka er mun meiri en áður en óljóst er hvernig hún hefur þróast hjá þeim íbúum sem ekki eru tímabundið á vinnumarkaðnum á Austurlandi. Athyglisvert er að atvinnusókn á milli bæja á Austurlandi hefur verið lítil þrátt fyrir litla fjarlægð milli þeirra. Þetta er eitt af því sem stóriðjuframkvæmdirnar og rekstur álversins er líklegt til að breyta varanlega. Töluverður áhugi er hjá íbúum Austurlands að starfa í álverinu, mestur er áhuginn hjá körlum búsettum í nágrenni við það.

8. HÚSNÆÐISMARKAÐUR

8.1. Ástandið áður en ákvörðun um stóriðjuuppbyggingu lá fyrir

Haustið 2002 voru tekin viðtöl við töluverðan fjölda fólks á Mið-Austurlandi eins og áður hefur komið fram. Úr þessum viðtölum má nokkuð ráða hvernig ástandið var á húsnæðismarkaðnum fyrir þann tíma að skrifað var undir samning um að hefja stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi.

Ekki verður annað séð af þessum viðtölum en að töluverður vilji hafi verið hjá mörgum heimamönnum að flytja burtu þó þeir hafi ekki flíkað því. Þessi vilji kom m.a. fram ef ríkið auglýsti eftir íbúð til kaups. Þá virtust margir vilja selja því þokkalegt verð var í boði. Viðmælandi sem var brottfluttur Reyðfirðingur sagði eftirfarandi:

Ja, bara t.d. þegar ríkið auglýsir eftir læknisbústað, það dúkka alltaf upp alveg fullt af húsum á sölum, hús þar sem að maður hafði jafnvel ekki ímyndað sér að fólk væri í hugleiðingum að selja og það er mjög gott að selja ríkinu. En þetta finnst mér benda til þess að fólk sé í þessum hugleiðingum.

Ennfremur virðist vera að það hafi verið töluvert um að fólk vildi flytja burt en veigraði sér við það vegna þess að lítið fékkst fyrir húsið en hins vegar var dýrt að kaupa t.d. í borginni. Ef húsnæðisverð er lágt á einhverju svæði má draga þá ályktun að samfélagið meti það þannig að ekki sé bjart yfir framtíðinni á viðkomandi stað. Hugsanlega er húsnæðisverð einn besti mælikvarði á raunverulega bjartsýni eða svartsýni á einstaka svæðum því fólk kann að greina ranglega frá því sem það hugsar. Það tapar engu á því. Hins vegar, þegar milljónir króna eru í húfi hefur fólk ekki efni á öðru en haga sér í samræmi við það sem það raunverulega telur réttast að gera.

Einnig kemur fram í viðtölunum að ýmsir hafi ekki látið það stoppa sig að lítið fékkst fyrir húsið þegar flutt var í burtu. Þá hins vegar var spurningin; hvað átti að gera við gamla húsið? Átti að selja það fyrir smápeninga, leigja það, eða eiga það einfaldlega áfram til eigin nota? (sumarbústaður). Svo virðist sem eftirspurn hafi sumstaðar verið töluverð eftir leiguhúsnæði en ekki eftirspurn eftir húsnæði til kaups. Því hafi verið

nokkuð um að brottfluttir hafi leigt hús sín en ekki selt. Einn Norðfirðingur sagði þetta þegar hann var spurður hvort fólk væri fast í íbúðum sínum:

Nei. Menn hafa bara heldur farið. Menn hafa getað leigt þær. Þó þeir hafi ekki getað selt þær, þá hafa þær allar farið í leigu. Það hefur verið skortur á húsnæði til leigu, þannig að menn hafa látið það fara frekar þannig. Menn eiga þetta áfram. Menn eru ekki að fá raunvirði fyrir þær. Þær hafa verið að fara á mjög lágum prís.

Hvers vegna skyldi fólk frekar vilja leigja en kaupa hús á kostakjörum? Jú, þetta er í sjálfu sér rökrétt ástand ef samfélagið metur framtíð staðarins ekki góða. Það er án skuldbindinga að leigja, það er hægt að vera á staðnum en hafa þann möguleika að fara með skömmum fyrirvara. Eftirspurn eftir leiguhúsnæði en lítil eftirspurn eftir húsnæði til kaups bendir því til svartsýni á þeim stað. Í sumum tilfellum var þó ekki hægt að leigja heldur á Mið-Austurlandi. Einn brottfluttur Reyðfirðingur segist hafa farið og hvorki getað selt né leigt og hafi húsið því staðið autt í eitt ár eftir að hann flutti burt. Hins vegar segir annar brottfluttur Reyðfirðingur að hann hefði auðveldlega getað leigt, fólk hafi beðið um að leigja af honum húsið en hann ákvað hins vegar að eiga það áfram fyrir sjálfan sig.

Töluverður munur virðist einnig hafa verið á húsnæðismarkaði innan Mið-Austurlands. Best var ástandið á Egilsstöðum þó verð þar hafi verið miklu lægra en í borginni. Ástandið var hins vegar slæmt á minni stöðum niðri á fjörðum. Einn íbúi á Egilsstöðum orðaði þetta svona og talaði þá um fólk sem hann þekkti frá Breiðdalsvík:

Þau fluttu hingað, eru að byggja kanadískt íbúðarhús hérna. Þau eiga 200 fm. hús á Breiðdalsvík og myndu selja það fyrir 3 milljónir. Það stendur autt, fínasta hús með tvöföldum bílskúr á 2 hæðum. Færi örugglega á 35 milljónir í Reykjavík.

8.2. Ástand á húsnæðismarkaði haustið 2002

Í þessum viðtölum sem vitnað er til í síðasta kafla kemur einnig fram hvernig viðmælendur mátu ástandið þegar viðtölin voru tekin í október 2002. Á þessum tíma voru viðræður byrjaðar fyrir nokkru af fullum krafti við Alcoa. Gerð vegar upp að Kárahnjúkum var í fullum gangi sem Alcoa skuldbatt sig að borga að meirihluta þó ekkert yrði af samningum. Alcoa hefði ekki gert það nema fyrirtækið hafi talið yfirgnæfandi líkur á að samningar tækjust. Almennigur gerði jafnframt ráð fyrir að

samningar myndu takast þannig að komnar voru væntingar um betri tíð í atvinnumálum landshlutans.

Ástandið á húsnæðismarkaði þetta haust virðist af viðtölunum hafa einkennst að því að allar íbúðir væru setnar, lítið framboð væri af íbúðum, fólk biði átekta með að selja því það gerði ráð fyrir að verðið hækkaði þegar öruggt yrði að farið yrði í framkvæmdirnar. Hér verður gripið niður í nokkur viðtöl sem eru meira og minna samhljóma. Brottfluttur Reyðfirðingur sagði:

...ég tók einmitt eftir því þegar ég fór heim síðast að það er blokk þarna sem var nánast orðin tóm, ég tók eftir því að það var orðið í nánast hverri íbúð þar núna.

Viðmælandi á Reyðarfirði sagði þetta þegar spurt var hvort eitthvert húsnæði væri í boði:

Það er eiginlega að verða vandamálið. ... Nei. Ég veit um eitt eða tvö húsnæði á Reyðarfirði sem eru til sölu. Og þá í alvörunni til sölu. Þá eru þeir einstaklingarnir farnir. En ég veit á vegum Fjarðarbyggðar sjálfur að þá er ekkert húsnæði laust. Það fer að verða vandamál.

Viðmælandi á Fáskrúðsfirði sagði þetta þegar hann var spurður um tómar íbúðir:

En ef þú hefur komið fyrir ári síðan, þá hefur þú séð helmingi fleiri auðar íbúðir. Ég bý t.d. hérna í blokkinni. Fyrir ári síðan var búið í 3 til 4 íbúðum af 15 íbúðum. Nú er allt orðið fullt. Og eins blokkirnar sem eru hérna fyrir innan. Þar er orðið heilmikið. Þar var varla nokkur maður. Það hefur aukist hérna. Fólk hefur verið að koma.

Viðmælandi á Egilsstöðum sagði þetta:

Það skortir bara húsnæði yfir höfuð. Það virðist alltaf vanta hús, alltaf vantar íbúðir og allt sem kemur inn selst eins og skot.

Viðmælandi á Eskifirði sagði þetta:

Þannig að ég held að núna séu allir ákveðnir í því að álverið sé að koma og ég hugsa að þeir sem ætluðu sér að selja núna sitji eitthvað á sér og bíði eftir því að verðið hækki því að fólk hefur verið að selja hús sín fyrir nánast ekki neitt - alla vega mjög lítið. En það var einhver að segja að núna væri ekkert til sölu, hvort sem að það er vegna þess að fólk lúrir á sínu eða bara að fólk sé ekkert að fara.


Norðfirðingur hafði þetta að segja:

Núna er svo til ekkert laust húsnæði, meira og minna. Það hefur eitthvað húsnæði verið að ganga úr sér og þar af leiðandi meiri eftirspurn eftir því sem er fyrir. Fasteignaverð er aftur á móti lágt.

Fasteignir seldust ekki mikið hér, ekki neitt. Það hefur verið að taka kipp núna. Það er semsagt kominn sölukippur. Það eru að fara margar fasteignir sérstaklega á Norðfirði.


8.3. Væntingar um verðþróun á húsnæði haustið 2004

Ekki eru til miklar rannsóknir um væntingar íbúanna á áhrifasvæði álversins um þróun húsnæðisverðs. Í spurningarkönnuninni haustið 2004 var ein spurning sem laut að húsnæðismarkaðnum. Á þessum tíma var eitt og hálf ár liðið frá undirskrift samnings um álver í Reyðarfirði þannig að húsnæðisverð hafði þegar tekið mið af því. Það hafði hækkað töluvert frá þeim tíma sem óvíst var hvort eitthvað yrði úr álversáformum. Þeir sem svöruðu könnuninni þurftu því að taka afstöðu til þess hvort húsnæðisverð myndi hækka enn frekar eða ekki. Niðurstöðuna úr þessari spurningu má sjá á næstu mynd



Mynd 8.1: Spurt haustið 2004: Hvort telur þú að verð á íbúðarhúsnæði í þínu byggðarlagi muni hækka, standa í stað eða lækka fram til ársins 2010 frá því sem nú er?

Eins og sjá má var niðurstaðan nokkuð mismunandi eftir svæðum. Segja má að á suðursvæði hafi niðurstaðan verið sú að fólk hafi búist við lækkun, fleiri bjuggust við lækkun (21%+5%) en hækkun (18%). Á norðursvæði var mun meiri bjartsýni, mun fleiri bjuggust við hækkun (40%+3%) en lækkun (10%+3%). Mest var þó bjartsýnin á miðsvæðinu, þar taldi meirihluti aðspurðra (45%+28%) að íbúðarhúsnæði myndi hækka í verði. Fróðlegt er að skoða væntingar um hækkun á verði íbúðarhúsnæðis í samhengi við fjarlægð frá álverinu. Það má sjá á næstu mynd.



Mynd 8.2: Könnun haustið 2004. Hlutfall þeirra sem telja að verð á íbúðarhúsnæði í sínu byggðarlagi muni hækka fram til ársins 2010 frá því sem nú er, eftir fjarlægð frá álverinu.

Glögg má sjá af myndinni að væntingar um hækkun íbúðarhúsnæðis eru mestar nálægt álverinu en mun minni þegar komið er út fyrir atvinnusóknarsvæði álversins. Þegar komið er mjög vestarlega eins og til Húsavíkur og Reykjahlíðar eru það líklega önnur mál en álver á Austurlandi sem eru farin að stjórna væntingunum um húsnæðisverð enda eru þessir staðir miklu frekar á áhrifasvæði Akureyrar en Mið-Austurlands. Á Húsavík hafa verið vaxandi væntingar um stóriðju á síðustu árum. Mætti þá spyrja hvort þessar væntingar um stóriðju á Húsavík ættu ekki að koma einnig fram í Reykjahlíð. Því er til að svara að nýlega var orðið opinbert að Kísiliðjan yrði lögð niður þegar spurningarkönnunin var send út.


8.4. Þróun húsnæðisverðs

Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu vegur langþýngst þegar húsnæðisverð á Íslandi er skoðað. Það er því eðlilegt að hafa það til hliðsjónar þegar húsnæðisverð er skoðað annarsstaðar á landinu. Fyrir utan suðvesturhornið er stærsti húsnæðismarkaðurinn á Akureyri og nágrenni.

8.4.1. Húsnæði byggt 1951-1990


Á vef Fasteignamatsins má skoða verð íbúðarhúsnæðis með svokallaðri verðsjá fasteigna. Nýjar eignir eru að jafnaði verðmeiri en eldri eignir. Ef mikið bætist við af nýbyggingum inn á húsnæðismarkað ætti það alla jafna að leiða til hærri húsnæðisverðs að meðaltali, eingöngu vegna þess að meðalaldur húsnæðisins lækkar. Ef verð er skoðað á íbúðum sem eru ekki nýjar og byggðar á vissu tímabili er hægt að útiloka þessi áhrif. Slík skoðun

ætti því að gefa enn gleggri mynd af því hvernig húsnæðisverð þróast. Á næstu tveimur myndum má sjá hvernig verð á íbúðarhúsnæði hefur breyst á síðustu árum á íbúðum sem eru byggðar á árunum 1951-1990.



Mynd 8.3: Þróun verðs á fjölbýli (byggt 1951-1990) á Austurlandi og fleiri stöðum á verðlagi 2005.

Það er ýmislegt sem vekur athygli á þessari mynd. Varðandi húsnæðisverð á Austurlandi er greinileg mikil hækkun eftir 2003 á Mið-Austurlandi en stöðug lækkun á Hornafirði eftir 1999. Jafnframt er ljóst að verð á Fljótsdalshéraði hefur alltaf verið hærra en í Fjarðabyggð en munurinn minnkaði verulega árið 2005. Það vekur jafnframt athygli að húsnæðisverð á Austurlandi virðist hafa verið hæst á Hornafirði áður en ákveðið var að fara í stóriðju á Austurlandi. Verð þar hefur síðan lækkað töluvert. Það er áleitinn spurning hvort húsnæðisverð á Mið-Austurlandi hefði þróast á svipaðan hátt og í Hornafirði ef virkjun og álver hefðu ekki komið til.




Mynd 8.4: Þróun verðs á sérbylí (byggt 1951-1990) á Austurlandi og fleiri stöðum á verðlagi 2005.


Myndirnar segja það sama í grófum dráttum sem eðlilegt er þar sem verð á fjölbylí og sérbylí ætti að þróast á svipaðan hátt. Sömu orð eiga því við seinni myndina og hina fyrri varðandi verðþróun á Austurlandi. Það sem vekur hvað mesta athygli á báðum myndunum er gríðarleg hækkun í Reykjavík á milli ára 2004 og 2005. Töluverða hækkun má einnig sjá á Akureyri. Má því segja að tvennt leggist á sömu sveif varðandi húsnæðisverð á Mið-Austurlandi síðustu misseri. Annars vegar tilvonandi álver á Reyðarfirði og hins vegar almennt hærra fasteignaverð í landinu. Engin leið er að greina nákvæmlega á milli þessara tveggja ástæðna fyrir hærra húsnæðisverði. Með hliðsjón af verðþróuninni í Hornafirði og á Húsavík má þó áætla að áhrifin af væntanlegu álveri séu veruleg.

Það má segja að væntingar íbúanna haustið 2004 hafi verið réttar. Húsnæðisverð þróaðist svipað árið 2005 og þeir væntu. Það kemur ekki á óvart þar sem væntingar á markaði stjórna verðinu til skamms tíma.

Til að skoða verðbreytingar íbúðarhúsnæðis enn frekar eru settar hér fram tvær myndir til viðbótar. Annars vegar verðbreyting á milli árunum 1997 og 2005, og hins vegar á milli árunum 2002 og 2005 (fermetraverð á föstu verðlagi).



Mynd 8.5: Verðbreyting á föstu verðlagi á íbúðarhúsnæði á árunum 1997-2005 (fermetraverð á húsnæði byggðu 1951-1990).




Mynd 8.6: Verðbreyting á föstu verðlagi á íbúðarhúsnæði á árunum 2002-2005 (fermetraverð á húsnæði byggðu 1951-1990).

Af fyrri myndinni má ráða að verðhækkun á Mið-Austurlandi hefur verið minni en í Reykjavík síðan 1997. Síðasta árið sem ekki var öruggt að álver yrði byggt í Reyðarfirði var 2002. Skrifað var endanlega undir samninga um álver vorið 2003. Það er því forvitnilegt að skoða verðbreytingu á íbúðarhúsnæði síðan 2002. Hana má sjá á síðustu mynd. Verðhækkun á húsnæði í Fjarðabyggð síðan 2002 hefur verið mun meiri en í Reykjavík og annarsstaðar á Austurlandi. Verðhækkun hefur verið minni á Fljótsdals-heraði en í Reykjavík.

8.4.2. Nýtt húsnæði byggt 2000-2005

Í síðasta kafla var verð skoðað á húsnæði sem hvorki var nýtt né mjög gamalt. Hvert ætli verðið sé á nýjum húsum? T.d. húsum sem hafa byggingarár 2000-2005? Þetta má einnig skoða í verðsjá fasteigna á vef FMR. Hins vegar kemur þar sjaldnast fram sala nýrra íbúða frá verktaka til fyrsta eigenda. Það gerir það að verkum að það fái kaupsamningar koma inni í verðsjána frá Austurlandi fyrir ný hús að hún verður ónothæf til að afla þessara upplýsinga. Nægur fjöldi er til staðar á Akureyri og í Reykjavík til að sjá verðið á nýjum húsum þar. Var því gripið til þess ráðs að tala við fasteignasala á Mið-Austurlandi til að komast að því hversu hátt verðið var á nýjum húsum. Þær upplýsingar sem fengust úr þeim samtölum eru ekki að fullu sambærilegar við upplýsingar úr Verðsjá fasteigna FMR um verð í Reykjavík og á Akureyri en ættu þó að gefa þokkalega mynd af ástandinu í árslok 2005. Verðið er meðalverð síðari helmingis ársins 2005 nema hvað varðar sérbýli á Akureyri er sýnt meðalverð síðustu 9 mánaða ársins 2005.



Mynd 8.7: Húsnæðisverð í árslok 2005 á nýjum íbúðum byggðum árið 2000 og síðar.


Eins og sjá má virðist verð á nýjum íbúðum vera mjög svipað á Mið-Austurlandi og Akureyri. Verðið á þessum stöðum er um fjórðungi lægra en í Reykjavík.

8.5. Stærð húsnæðis

Stærð húsnæðis tekur sífelldum breytingum. Nýtt húsnæði er byggt og annað gengur úr sér (er rífið, brennur eða stendur áfram án þess að vera nothæft). Ef ekkert er byggt minnkar húsnæði því smám saman.


8.5.1. Íbúðarhúsnæði

Á næstu mynd má sjá heildarstærð íbúðarhúsnæðis eftir svæðunum þremur.



Mynd 8.8: Heildarstærð íbúðarhúsnæðis á svæðunum þremur.

Fróðlegt er að skoða eingöngu breytingar á stærð íbúðarhúsnæðis á milli ára. Þær má sjá á næstu mynd.




Mynd 8:9: Breyting á heildarstærð íbúðarhúsnæðis frá fyrri ári á svæðunum þremur

Eins og sjá má á myndinni er veruleg breyting á miðsvæðinu. Þar stækkar íbúðarhúsnæði hröðum skrefum síðustu tvö ár og einnig nokkuð árin þar á undan. Það vekur þó athygli hvað tiltölulega lítið gerist árið 2003 þó þá sé ljóst að álverið verði byggt.

Í skýrslunni „Íbúafjöldi og þörf á íbúðarhúsnæði á Austurlandi árið 2008” (Jón Þorvaldur Heiðarsson 2005:30) var rökstutt að líklega þyrfti að bæta við 75.000 m² af íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi frá 2002 til 2008. Eins og sjá má af myndinni bættust um 4.000 m² við árið 2003 og um 15.000 m² bæði árin 2004 og 2005. Samtals hefur því íbúðarhúsnæði vaxið um 34.000 m² frá 2002 til 2005. Það þarf því að byggja 41.000 m² af íbúðarhúsnæði árin 2006-2008 til að fullnægja eftirspurn ef fyrrnefnd spá um þörf á 75.000 m² er rétt.


8.5.2. Atvinnuhúsnæði

Á næstu mynd má sjá stærð atvinnuhúsnæðis á svæðunum þremur.



Mynd 8.10: Heildarstærð atvinnuhúsnæðis á svæðunum þremur.

Af myndinni má sjá að atvinnuhúsnæði hefur stækkað á öllum svæðunum en breytinguna á stærð atvinnuhúsnæðis milli ára má sjá betur á næstu mynd.



Mynd 8.11: Breyting á heildarstærð atvinnuhúsnæðis frá fyrra ári á svæðunum þremur.

Eins og sjá má eru breytingar í atvinnuhúsnæði mun minni en í íbúðarhúsnæði. Ekki er neinn sérstakur vöxtur í atvinnuhúsnæði á miðsvæðinu síðustu tvö árin. Aukningin árið 2005 á miðsvæðinu er svipuð og árið 2002. Það verður athyglisvert að sjá hvort stærð atvinnuhúsnæðis tekur kipp næstu misseri eða hvort stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hafi einfaldlega ekki mikil áhrif á eftirspurn eftir slíku húsnæði fyrir utan álverið sjálft.

8.6. Samantekt um húsnæðismarkað

Stóriðjuframkvæmdirnar hafa haft mikil áhrif á húsnæðismarkaðinn á Austurlandi. Áhrifin virðast þó vera bundin við Mið-Austurland. Þar hefur mikið verið byggt og verð hækkað mikið. Engin áhrif eru t.d. merkjanleg í Hornafirði. Verð á íbúðarhúsnæði hefur hækkað verulega á Austurlandi en verð hefur að vísu hækkað mikið annarsstaðar líka svo sem á Suðvesturhorninu og í Eyjafirði. Verð á íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi virðist stefna í að verða svipað og á Akureyri en er þó enn aðeins lægra. Verð á Akureyri og á Mið-Austurlandi er töluvert lægra en í Reykjavík. Minni gerjun virðist hafa átt sér stað á markaði með atvinnuhúsnæði og hefur ekki verið byggt áberandi meira af því síðastliðin 2-3 ár en árin þar á undan.

9. OPINBER GRUNGERÐ

9.1. Almennt um opinbera grunngerð á svæðinu

Vatn og fráveita.

Allir þéttbýlisstaðir á Austurlandi reka vatnsveitur en sveitarfélögin eru ábyrg fyrir starfsemi þeirra. Neytendur greiða vatnsgjald með fasteignagjöldum en mörg fyrirtæki, til dæmis fiskvinnslufyrirtæki, greiða aukavatnsgjald eftir mæli. Fráveitumál eru á ábyrgð hvers sveitarfélags. Skolp hefur lengst af runnið óhreinsað til sjávar og er svo enn að mestu leyti á Austurlandi. Umhverfisstofnun hefur aðstoðað sveitarfélög með fjárframlögum til þess að koma fráveitumálum í betra horf. Auk þess innheimta þau holræsagjald með fasteignagjöldum til að standa straum af kostnaði við þennan málaflokk.

Sorphirða og sorpeyðing.

Sveitarfélögin á svæðinu frá Neskaupstað til Stöðvarfjarðar stofnuðu Sorpsamlag Mið-Austurlands 1995 í því skyni að sjá sameiginlega um sorphirðu og sorpeyðingu. Á vegum sorpsamlagsins starfar verktaki sem safnar heimilissorpi og öðru sorpi sem flokkað er í gáma. Sorpsamlagið er með urðunarstað við sunnanverðan Reyðarfjörð. Annað sorpurðunarfyrirtæki er starfandi á Fljótsdalshéraði, Sorpstöð Héraðs sem hóf starfsemi 1992 sem byggðasamlag en er nú rekið af sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði eftir sameiningu 2004. Urðun sorps fer fram í Tjarnarlandi í Hjaltastaðapínghá. Starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn gildir til 2005. Flest fyrirtæki eru með samning um gámaleigu og losun sorps við fyrirtækið Dagsverk á Egilsstöðum (Austur-Hérað, staðardagskrá 21, umhverfisáætlun).

Orka.

Á Mið-Austurlandi er algengast að notað sé rafmagn til húshitunar, nema á Egilsstöðum og Fellabæ en þar er hitaveita. Rafmagnsveitur ríkisins annast sölu og dreifingu rafmagns á öllu svæðinu að Reyðarfirði undanskildum en þar er rafveita í eigu sveitarfélagsins. RARIK kaupir rafmagnið af Landsvirkjun við Hryggstekk í Skriðdal en þar er aðveitustöð tengd hinni hringtengdu byggðalínu Landsvirkjunar. Þaðan liggur 132 kV

lína að Eyvindará. Frá Eyvindará er 66 kV lína til Seyðisfjarðar og 66 kV lína til Eskifjarðar. Þá liggur 66 kV lína beint frá Hryggstekk að Stuðlum í Reyðarfirði en þaðan liggur 66 kV lína til Fáskrúðsfjarðar og 66 kV lína til Reyðarfjarðar, Eskifjarðar og Neskaupstaðar. Öllum þéttbýlisstöðum á svæðinu er því þjónað með 66 kV línunum og varaafli frá annarri línu eða dieselstöð. Afhendingaröryggi raforku á svæðinu ætti því að vera allgott. Rafmagnsveitur ríkisins eiga og reka tvær vatnsaflsvirkjanir á svæðinu, Lagarfossvirkjun sem er 7,5 MW og Grímsárvirkjun 2,5 MW. Orkan frá þeim er flutt um línur að Eyvindará. Til sveita er víða aðeins í boði einfasa einlínu tenging. Sú er raunin á fyrirhuguðu virkjunarstæði í Fljótsdal.

Hafnir.

Hafnir eru á öllum þéttbýlisstöðum við sjávarsíðuna á Austurlandi sem starfræktar eru af sveitarfélögunum. Rekstur þeirra er á ábyrgð sveitarfélaganna en fjármögnun framkvæmda er sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga. Ferjuhöfn er á Seyðisfirði. Hún hefur verið stækkuð og endurbætt mjög með tilkomu nýrrar ferju Smyril-Line. Á Reyðarfirði er vöruflutningahöfn með góðum gámavöllum. Útskipunarhafnir vöruflutninga á Austurlandi eru bæði á Eskifirði og Reyðarfirði. Við sameiningu Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar varð til einn öflugur hafnarsjóður sem getur veitt góða þjónustu. Við álverið verður 380 metra hafnarkantur og dýpi við hann 14,3 metrar. Þarna verður mesta dýpi við viðlegukant á Íslandi.

Flugvellir.

Flugvöllur er á Egilsstöðum og er hann jafnframt varaflugvöllur fyrir millilandaflug. Brautin er 2.000 m löng og 45 m breið, búin öllum nútíma leiðsögutækjum. Nýleg flugstöð er á Egilsstaðaflugvelli en hins vegar er hvorki flugskýli fyrir flugvélar sem koma þangað í heimsókn né aðstæður til viðgerða á flugvélum. Tollafgreiðsla er á flugvöllinum. Þá eru flugbrautir í Neskaupstað, á Fáskrúðsfirði, Breiðdalsvík og Borgarfirði eystra.

Vegir.


Vegagerð ríkisins starfrækir svæðisstöð á Reyðarfirði. Flestir vegir sem tengja saman þéttbýlisstaði á Mið-Austurlandi eru nú með varanlegu slitlagi. Snjór er hreinsaður af vegum milli þéttbýlisstaðanna á hverjum morgni ef þörf krefur og veður leyfir. Reynslan sýnir að fjallvegir á milli þéttbýlisstaða á Mið-Austurlandi teppast aðeins örfáa daga á ári og sum árin alls ekki neitt. Þjónustan hefur batnað mjög mikið á síðustu árum

og virðist auðvelt með daglegri hreinsun að halda vegum opnum. Ef fjallvegir lokast er yfirleitt ekki ferðaveður á láglendi heldur.

Á næstu árum eru áformaðar margskonar vegabætur á Mið-Austurlandi. Fyrir utan stuttan kafla í Fljótsdal er kominn heilsársvegur með bundnu slitlagi á milli Egilsstaða og Akureyrar áætlað var að bjóða þetta verk út 2006 en því hefur var frestað skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Opnuð voru jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar árið 2005 sem hafa reynst gífurleg samgöngubót og stækka t.a.m. atvinnusvæði álversins. Mikil umræða er um frekari jarðgangagerð á Austfjörðum. Þar skal sérstaklega nefna göng milli Norðfjarðar og Eskifjarðar og í framhaldinu tengingar þaðan upp á Hérað og til Seyðisfjarðar. Þá hafa göng um Hellisheiði eystri verið talin afar mikilvæg og varanleg vegagerð með hefðbundnum aðferðum, t.d. um Hvalnesskriður getur reynst torveld.

Fjarskipti.

Fjarskiptakerfi á Mið-Austurlandi er almennt í góðu lagi. Hringtengt ljósleiðarakerfi Símans liggur um Egilsstaði og þar er sú símstöð sem næst er fyrirhuguðu virkjunarsvæði. Bæði Síminn og OgVodafone reka GSM-kerfi á Austurlandi. Útbreiðsla þess er þó að mestu bundin við þéttbýlisstaði.



Mynd 3.12. GSM-kerfi Símans desember 2000 og janúar 2005

Viðast hvar er unnt að nota NMT-450 farsímakerfi Símans en samtalsrásir þess eru þó að jafnaði á þjónustusvæði hvers sendis. Um Fljótsdal liggur hið hefðbundna fastlínukerfi Símans. Á hálendinu er notast við þráðlaus fjarskipti, í flestum tilvikum GSM eða NMT-

450 farsíma. Þegar framkvæmdir hófust við Kárahnjúkavirkjun var mjög bætt GSM þjónusta á framkvæmdasvæðinu.

Helstu ljósvakamiðlar landsins senda út á Austurlandi. FM-sendingar Ríkisútvarpsins nást hvarvetna í byggð. Á Eiðum er 20 kW langbylgjusendir og nást sendingar frá honum um allt Austurland og miðin úti fyrir.

10. SVEITARFÉLÖG

Sveitarfélög á Íslandi eiga sér langa sögu og upphaf hreppaskipunar má rekja allt til landnámsaldar.

Vitað er með vissu að landinu hafi verið skipt í hreppa þegar tíund var lögtekin á árunum 1096 eða 1097. Almennt er talið að hreppaskipunin sé eldri og jafnvel frá því að Alþingi var sett um 930. Ekkert er vitað með vissu um fjölda hreppa í landinu öldum saman en líkur benda þó til þess að þeim hafi fjölgað nokkuð 1100-1700. Heildarmanntal var tekið á Íslandi 1703 og þá voru allir hrepparnir nafngreindir (Lýður Björnsson, Sveitarstjórnarmál, 3. tbl. 2001, bls. 168).

10.1. Svæðisskipting

Svo sem fram hefur komið hér að framan má skipta áhrifasvæði framkvæmda á Austurlandi í þrennt (sjá mynd 3.5). Í fyrsta lagi er það miðsvæði Austurlands, í öðru lagi svæðið sunnan Berufjarðar, þ.e. Djúpavogshreppur og Sveitarfélagið Hornafjörður og í þriðja lagi byggðirnar norðan smjörfjalla, þ.e. Vopnafjörður, Bakkafjörður og sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum. Ennfremur hefur komið fram að áhrif af framkvæmdunum eru afar mismunandi, allt frá því að vera engin til þess að vera mjög mikil í Fjarðabyggð og á Fljótdalshéraði. Umfjöllun í þessum kafla tekur mið að þessu og er því lítil umfjöllun um fjarsvæðin, enda eru áhrif framkvæmdanna á Austurlandi ekki umtalsverð á sveitarfélögin þar eða þá málaflokka sem starfsemi þeirra snýst fyrst og fremst um. Öðru máli gegnir á miðsvæðinu og þess vegna er fjallað sérstaklega um hvert sveitarfélag á því svæði.

10.2. Norðursvæði

Á norðursvæðinu frá Þingeyjarsveit í vestri til Vopnafjarðar í austri eru átta sveitarfélög og þeim fækkaði nýlega um fjögur þegar Húsavíkurbær, Kelduneshreppur, Raufarhafnarhreppur og Öxarfjarðarhreppur sameinuðust í eitt sveitarfélag og Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur sameinuðust í Langanesbyggð. Þetta svæði er stórt, rúmlega 20 þúsund ferkílómetrar og íbúar eru rúmlega fimm þúsund.

Áhrifa framkvæmdanna á Austurlandi hefur ekki gætt með beinum hætti á þessu svæði og ekkert umfram það sem almennt má telja vegna aukinnar eftirspurnar eftir vinnuafli

og almennrar þenslu í hagkerfinu, sem jafnan er samfara miklum framkvæmdum, hvar sem þær eru á landinu. Vegalengdir frá þessum sveitarfélögum til athafnasvæðanna á Austurlandi eru miklu meiri en svo að dagleg atvinnusókn sé möguleg og ef um lengri fjarvistir frá heimili er að ræða skiptir litlu máli hvort viðkomandi starfsmenn búa á þessu skilgreinda norðursvæði, í Eyjafirði eða á suðvesturlandi svo dæmi séu tekin.

Niðurstaðan er því sú að áhrif umræddra framkvæmda séu afar lítil í sveitarfélögum á norðursvæðinu og þar af leiðandi er ekki frekar fjallað um þau í þessum kafla.

10.3. Miðsvæði, einstök sveitarfélög

Miklar breytingar hafa orðið á fjölda sveitarfélaga á Austurlandi í áranna rás “og er þat sögn manna, at þessi fjórðungur hafi fyrst albyggðr orðit” eins og segir í Landnámabók, (Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 171). Þegar flest var um 1950 voru sveitarfélögin á Miðsvæðinu 23 en eru nú aðeins 5.

Misjafnt er milli sveitarfélaga á þessu svæði, sem skilgreint er frá Fljótsdalshéraði (Smjörfjöllum) í norðri til Fjarðabyggðar (Stöðvarfjarðar) í suðri, hver áhrifin eru af þeim stórframkvæmdum sem nú standa yfir í fjórðungnum. Eðli málsins samkvæmt eru þau mest í Fjarðabyggð, Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshreppi, en minni í þeim sveitarfélögum sem fjarst liggja athafnasvæðunum.

Í umfjöllun hér á eftir er í fáeinum orðum sagt frá hverju sveitarfélagi, stærð þess og fjölda íbúa og hverjar eru helstu stöðir atvinnulífsins. Jafnframt er greint frá þeim breytingum sem orðið hafa á sveitarfélögunum, þ.e. þeim sameiningum sem átt hafa sér stað á liðnum árum og því sem er að gerast þessi misserin. Þá er reynt að meta hvað af þeim breytingum sem orðið hafa á þeirri starfsemi sem er á vegum sveitarfélaga megi rekja til þeirra framkvæmda sem nú standa yfir á Austurlandi.

Erfitt getur verið að greina orsakir breytinga, en ýmsar kennitölur úr rekstri sveitarfélaganna má þó nota til að komast að tiltekinni niðurstöðu. Eðli málsins samkvæmt má búast við skiptum skoðunum um niðurstöðuna í hverju sveitarfélagi og málið er reyndar enn flóknara þar sem innan hvers sveitarfélags geta áhrifin verið mjög mismunandi frá einum hluta þess til annars.

10.3.3. Borgarfjarðarhreppur

Í Landnámabók segir: “Vetrlíði hét maður, sonr Arnbjarnar Ólafssonar langhál, bróðir þeirra Lýtings, Þorsteins torfa og Þorbjarnar í Arnarholti; Óláfr langhál var sonr Bjarnar

reyðarsíðu; Vetrliði nam Borgarfjörð ok bjó þar.” (Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 180).

Þegar manntal var tekið á Íslandi 1703 er Borgarfjarðarhreppur meðal þeirra hreppa sem þar eru tilgreindir og þá er Loðmundarfjarðarhrepps einnig getið. Árið 1972 var sá síðarnefndi sameinaður þeim fyrrnefnda. Stærð Borgarfjarðarhrepps er nú um 440 ferkílómetrar. Íbúum hefur fækkað síðustu áratugi, en 1. desember 2005 voru þeir 146.

Skrifstofa sveitarfélagsins er á Hreppsstofu Borgarfjarðarhrepps. Í sveitarfélaginu er leikskóli, grunnskóli, íþróttavöllur og félagsheimili. Heilsugæslusel er á staðnum og það er hluti af starfsemi Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Atvinnulíf í Borgarfjarðarhreppi snýst að miklu leyti um sjósókn og fiskvinnslu. Þar er góð aðstaða fyrir smábáta.

Hinar miklu framkvæmdir sem nú eiga sér stað á Austurlandi hafa ekki haft bein áhrif í hreppnum eða á þá starfsemi sem er á hans vegum, ef ýmsar kennitölur úr rekstri eru skoðaðar og það er í samræmi við álit sveitarstjóra. (Samtal við Magnús Þorsteinsson sveitarstjóra, 14/3 2006).

10.3.4. Seyðisfjarðarkaupstaður

Seyðisfjarðar er getið í Landnámu. Þar segir: “Bjólfr, fóstbróðir Loðmundar, nam Seyðisfjörð allan ok bjó þar alla ævi; hann gaf Helgu, dóttur sína, Áni inum ramma, ok fylgdi henni heiman öll in nyðri strönd Seyðisfjarðar til Vestdalsár. Ísólfr hét sonr Bjólfs, er þar bjó síðan og Seyðfirðingar eru frá komnir.” (Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 182).

Þegar manntal var tekið 1703 er Seyðisfjarðarhreppur nefndur. Árið 1893 var hreppnum skipt í Innrihrepp og Seyðisfjarðarhrepp og ári seinna fékk Innrihreppur kaupstaðaréttindi og varð Seyðisfjarðarkaupstaður. Stærð kaupstaðarins er 213 ferkílómetrar. Íbúar voru 731 þann 1. desember 2005 og hefur fækkað umtalsvert síðustu 15 á en 1990 voru þeir 981 þannig að fækkunin er 25% á þessu tímabili.

Skrifstofa sveitarfélagsins er við Hafnargötu 44 á Seyðisfirði. Á vegum sveitarfélagsins er rekin leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, bókasafn, áhaldahús, íþróttamiðstöð, golfvöllur, knattspyrnuvöllur, sundlaug, skíðasvæði og félagsheimili, svo það helsta sé nefnt. Heilbrigðisstofnun Austurlands rekur heilsugæslu og sjúkrahús á Seyðisfirði.

Hafnaraðstaða er ágæt frá náttúrunnar hendi enda hefur lengi verið góð höfn á Seyðisfirði og á undanförunum árum hafa verið byggð mikil hafnarmannvirki vegna

ferjunnar Norrönu, en nýtt og stærra skip var tekið í notkun árið 2003. Sjávarútvegur hefur um langa tíð verið meginundirstaða atvinnulífsins, en einnig hefur fjölþætt þjónusta verið fyrir hendi og staðurinn sjálfum sér nógur á flestum sviðum.

Ef ýmsar kennitölur eru skoðaðar svo sem álagningarstofn útsvars eða fasteignaskatts kemur í ljós að breytingar milli árána 2000 og 2004 eru fremur litlar, enda varla við öðru að búast þar sem íbúum hefur fækkað. Það kann að koma á óvart hvað stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi virðast litlu máli skipta í atvinnulífi á Seyðisfirði og hvað þær hafa lítil áhrif á rekstur sveitarfélagsins, en greinilegt er að áhrifin eru mjög staðbundin og það staðfestist enn frekar af samanburði við önnur sveitarfélög á Austurlandi. Helst er hægt að marka breytingu á fasteignamarkaði. Húsnæði sem verið hafði til sölu árum saman hefur gengið út og þó ný íbúðarhús hafi ekki verið byggð að neinu marki er nærtækt að rekja aukin viðskipti með húsnæði til væntinga sem tengjast virkjunar- og stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi. Það er almennt álit þeirra sem til þekkja að til að veruleg breyting verði á þurfi samgöngur að batna og umfram allt að verða tryggari og þar eru jarðgöng eini öruggi kosturinn. Til viðbótar þeim tölulegu gögnum sem stuðst er við kemur þetta heim og saman við álit forsvarsmanna í atvinnulífi og sveitarstjórnnum á svæðinu. (Samtal við Tryggva Harðarson bæjarstjóra, 23. mars 2006).

10.3.5. Fljótsdalshérað

Miklar breytingar hafa átt sér stað á sveitarfélagaskipan á landsvæðinu sem nú er sveitarfélagið Fljótsdalshérað og verður sú saga rekin hér í stuttu máli.

Árið 1699 var Vallahreppi á Fljótsdalshéraði skipt í Vallahrepp, Eiðahringhá og Hjaltastaðahringhá með lögréttusamþykkt, en í manntalinu 1703 er Vallahreppur sagður skiptast í Egilsstaða- og Hjaltastaðahringhókn. Á því svæði sem nú er Sveitarfélagið Fljótsdalshérað voru á þessum tíma einnig sveitarfélögin Jökuldalshreppur (Jökulárdalshlíðarhreppur, sem 1886 var skipt í Jökuldalshrepp og Hlíðarhrepp), Tungu- og Fellnahreppur (Tunga er sögð úr Brúarþingsókn en Fell í Áspingsókn) og Skriðdalshreppur. Árið 1947 var Egilsstaðahreppur myndaður við sameiningu hluta af Eiðahreppi og Vallahreppi. 1987 varð Egilsstaðahreppur bær, Egilsstaðabær. 1997 sameinuðust Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur og Tunguhreppur undir nafninu Norður-Hérað. 1998 sameinuðust Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðabær, Eiðahreppur og Hjaltastaðahreppur undir nafninu Austur-Hérað.

Sveitarfélagið Fljótsdalshérað varð til 1. nóvember 2004, við sameiningu Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs.

Fljótsdalshérað er fjölmennasta sveitarfélag á Austurlandi með 3.905 íbúa þann 1. desember 2005 og þar af búa um 2200 manns í þéttbýlinu á Egilsstöðum og í Fellabæ sem er stærsti þéttbýliskjarni á Austurlandi. Þéttbýlið styður sterk byggð í dreifbýlinu með blómleg landbúnaðarsvæði og smærri þjónustukjarna á Hallormsstað, Eiðum og Brúarási. Sveitarfélagið er mjög víðfeðmt og er nú það landmesta á Íslandi. Það afmakast af Biskupshálsi í vestri (sem þjóðvegur 1 fer yfir skammt austan Jökulsár á Fjöllum), Héraðsflóa í norðri, Austfjarðafjallgarði í austri og Vatnajökli og Öxi í suðri. Stærð þess er 8.884 ferkílómetrar.

Aðalskrifskrifstofa sveitarfélagsins er við Lyngás 12 á Egilsstöðum. Á skrifstofu í Fellabæ er til húsa sú starfsemi sem tilheyrir tækni- og umhverfismálum. Í sveitarfélaginu eru reknir leikskólar, grunnskólar, tónlistarskólar bókasafn, áhaldahús, íþróttamiðstöð, aðstaða fyrir hestaíþróttir, golfvöllur, frjálsíþróttavöllur, knattspyrnuvelli, sundlaug, og félagsmiðstöðvar og félagsheimili svo helstu atriði séu nefnd. Heilbrigðisstofnun Austurlands rekur heilsugæslu og sjúkrahús á Egilsstöðum og sveitarfélagið rekur dvalarheimili aldraðra. Þetta sýnir í hnotskurn hve þjónustan er fjölpætt og það gefur Egilsstöðum enn aukið vægi að flugsamgöngur við staðinn eru orðnar nokkuð tíðar og að umferð vegna Norrönu fer þarna um hlað.

Landbúnaður, verslun og margþætt þjónusta hafa lengi verið undirstöður atvinnulífsins í sveitarfélaginu. Á seinni árum hefur ýmis verktakastarfsemi aukist mikið og er núna verulegur þáttur í atvinnulífi staðarins. Einnig hefur skólastarf sett svip sinn á samfélagið til margra ára og má þar nefna skólasetrin á Eiðum, Hússtjórnarskólann á Hallormsstað og síðar Menntaskólann á Egilsstöðum ásamt háskólanámssetri sem nú er verið að byggja upp.

Ef ýmsar kennitölur eru skoðaðar svo sem álagningarstofn útsvars eða fasteignaskatts kemur í ljós að breytingar milli árána 2000 og 2004 eru nokkuð mismunandi. Álagningarstofn (fasteignamat) í A flokki (íbúðarhúsnæði) til fasteignaskatts hefur hækkað um 50% umfram verðlag á sama tíma og íbúum hefur fjölgað um 20%. Af því má sjá að mikið hefur verið byggt og jafnframt hefur verð á fermetra hækkað eins nánar er fjallað um í kafla 8.2.1, einkum á árunum 2003 og 2004, þ.e. eftir að ljóst var að ráðist yrði í umfangsmikla stóriðju á Austurlandi. Nærtækast er að rekja þessar breytingar til þessara framkvæmda, enda fátt annað sem gæti skýrt umskiptin. Til samanburðar má t.d. taka Hornafjörð á suðursvæði, en þar virðist áhrifa framkvæmdanna ekkert gæta þegar sömu atriði eru tekin til skoðunar.

Útsvarsstofninn hefur meira en tvöfaldast í sveitarfélaginu milli áráanna 2000 og 2004 á föstu verðlagi þó íbúum hafi ekki fjölgað nema um 20%, sem sýnir verulega aukin umsvif og mikla hækkun tekna, enda hefur útsvar á hvern íbúa hækkað mikið þrátt fyrir fjölgun íbúanna. Erfitt er að meta varanlegu áhrifin annars vegar og hins vegar tímabundna þenslu. Þó má reikna með að hlutfallið milli þessara þátta sé hagstæðara á Fljótsdals- héraði og varanlegum áhrifum í vil, fremur en t.d. í Fjarðabyggð og þó einkum Fljótsdalshreppi, þar sem hátt hlutfall aukinnar veltu er tímabundið, þó varanlegu áhrifin verði einnig til staðar. (Samtal við Óðinn Gunnar Óðinsson þróunarstjóra og Stefán Snædal Bragason skrifstofustjóra, 5/4 2006).

10.2.2. Fljótdalshreppur

Þegar manntal var tekið á Íslandi árið 1703 er Fljótsdalshreppur, (Fljótsdalshreppskálfur) meðal þeirra hreppa sem þar eru tilgreindur. Stærð hreppsins er nú 1.516 ferkílómetrar. Íbúum fækkaði nokkuð stöðugt til margra ára, t.d. voru þeir 118 árið 1990 en 84 árið 2002. Árið 2003 voru þeir 93 og síðan kom stóra breytingin 2004 þegar íbúar urðu 242 og fjölgunin hélt áfram því 1. desember 2005 voru íbúarnir hvorki meira né minna en 355! Þetta sveitarfélag er sér á parti hvað breytingu á fjölda íbúa snertir á þessum árum og ástæðan er augljós, þ.e. virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka en erlendir starfsmenn í vinnubúðum eru jafnan skráðir til heimilis í viðkomandi sveitarfélagi. Stór hluti vinnubúðanna er innan sveitarfélagamarkanna.

Skrifstofa sveitarfélagsins er í félagsheimilinu Végarði. Leikskóli, grunnskóli, tónskóli, íþróttahús og sundlaug sveitarfélagsins er á Hallormsstað (Hallormsstaður er í sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði) og er rekin í samstarfi við Fljótsdalshérað. Heilsugæslusel er á staðnum, tímabundið vegna virkjunarframkvæmda og það er hluti af starfsemi Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Atvinnulíf í Fljótsdalshreppi snýst að mestu leyti um landbúnað og skógrækt.

Hinar miklu framkvæmdir sem nú eiga sér stað á Austurlandi hafa haft afgerandi áhrif á rekstur sveitarfélagsins. Skráður íbúafjöldi hefur fjórfaldast á skömmum tíma og þó vitað sé að um tímabundna fjölgun sé að ræða að verulegu leyti eru áhrifin mikil. Útsvarsstofninn hefur t.d. tólfaldast og þrátt fyrir mikla fjölgun íbúa hefur útsvar á hvern íbúa liðlega fimmfaldast frá árinu 2000 til 2004. Þetta sýnir svo ekki verður um villst að þeir sem eru skráðir með lögheimili í sveitarfélaginu um þessar mundir hafa verulega hærri tekjur en þeir sem fyrir voru, sem skilar sér í hækkun á útsvarstofni, hærri útsvari á hvern íbúa og miklum tekjum til sveitarfélagsins.

Stofn til fasteignaskatts í A flokki (íbúðarhúsnæði) hefur lítið breyst milli umræddra ára, en hins vegar hefur stofninn í B flokki (atvinnuhúsnæði) meira en þrefaldast. Það er þó ekki tengt virkjunarframkvæmdum, heldur endurbótum og endurmati á félagsheimili, enda hefur stöðvarhúsið í Teigsbjargi ekki enn komið til mats. Eins ber að geta þess að þar sem álagningarstofninn er afar lítill ber að túlka hlutfallstölur af varúð.

Það er nokkuð sérstakt fyrir breytingarnar í Fljótsdalshreppi að tekjur sveitarfélagsins hafa aukist mjög mikið án þess að kostnaðarsamar aðgerðir hafi þurft að koma á mót. Venjulega fylgir mikilli íbúafjölgun aukin þörf fyrir leikskóla, grunnskóla og ýmsa þjónustu frá sveitarfélaginu, t. d. skipulagningu nýbyggingarsvæða og gatnagerð. Vegna þess hvernig málum er háttað við framkvæmdirnar í Fljótsdalshreppi er þessu ekki til að dreifa þar. Fjölgun íbúanna er að verulegum hluta til tímabundin þar sem viðkomandi starfsmenn eru þarna einungis vegna vinnu við tiltekið verk og hverfa síðan á braut. Fjölskyldur þessara starfsmanna hafa í fæstum tilvikum fylgt þeim og þar af leiðandi hefur sveitarfélagið ekki þurft að huga að þjónustu fyrir þær.

Áhrifin á rekstur sveitarfélagsins eru því að verulegu leyti tímabundin, en þó munu tilteknir tekjustofnar standa eftir til lengri tíma. Áhugavert verður á næstu árum að fylgjast með hvernig sveitarstjórn kemur til með að nýta aukið fjárhagslegt svigrúm og jafnframt verður fróðlegt að sjá hvaða breytingar verða á fjölda íbúa, þ.e. hver hin varanlega fjölgun verður eftir framkvæmdirnar þegar farandfólkið hefur flutt burt.

Ekki er raunhæft að reikna með mikilli fjölgun íbúa, en ef lítið er til þeirrar fækkunar sem hefur orðið á undanförunum árum er það vissulega nokkur árangur ef tekist hefur að snúa þeirri þróun við. (Samtal við Gunnþórunni Ingólfssdóttur, oddvita 21. mars og 4. apríl 2006).

10.2.3. Fjarðabyggð

Fjarðabyggð varð til við sameiningu Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps þann 7. júní 1998. Íbúar voru 3.895 þann 1. desember 2005. Árið 2006 stækkaði sveitarfélagið mikið þegar það sameinaðist Mjóafjarðarhreppi, Fáskrúðsfjarðarhreppi og sveitarfélaginu Austurbyggð. Stærð sveitarfélagsins er 1164 ferkílómetrar og samanlögð íbúatala þessara sveitarfélaga 1. desember 2005 var 4.844.

Neskaupstaður er nyrstur byggðarkjarnanna og stendur við Norðfjörð. Norðfjarðar er getið í landnámu. Þar segir: “Egill inn rauði hét maðr, er nam Norðrfjörð ok bjó á Nesi út; hans sonr var Óláfr, er Nese menn eru frá komnir.” (Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 182).

Þegar manntal var tekið 1703 er Norðfjarðarhrepps getið og einnig Reyðarfjarðarhrepps. Árið 1913 var þorpið aðskilið frá sveitinni (Norðfjarðarhreppi) og nefnt Neshreppur. Neshreppur fékk kaupstaðaréttindi 1928, sem tóku gildi þann 1. janúar 1929 og nefndist Neskaupstaður. Árið 1943 var mörkum sveitarfélaganna breytt. Haustið 1993 var samþykkt að sameina Norðfjarðarhrepp og Neskaupstað undir nafni Neskaupstaðar og tók sameiningin gildi 11. júní 1994 og voru þá mörk sveitarfélagsins orðin þau sömu og fyrir 1913.

Árið 1907 var Reyðarfjarðarhreppi skipt í Eskifjarðarhrepp, Helgustaðahrepp og Reyðarfjarðarhrepp, en 1968 var mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps breytt. Eskifjarðarhreppur fékk kaupstaðarréttindi 1974 (fékk þau reyndar fyrst árið 1786, en var síðar breytt) og varð Eskifjarðarkaupstaður og 1988 sameinaðist hann Helgustaðahreppi undir nafni kaupstaðarins. Kaupstaðurinn stendur við Eskifjörð, sem gengur inn úr Reyðarfirði og er byggðin með ströndinni við norðanverðan fjörðinn.

Búðareyri við Reyðarfjörð er syðst byggðarkjarnanna. Árið 1930 voru íbúar Búðareyrar um 300. Árið 1990 bjuggu 730 manns í sveitarfélaginu en nú eru íbúar á Reyðarfirði 650 talsins.

Sjávarútvegur og fiskvinnsla er aðalvinnuvegur íbúa Fjarðabyggðar. Góðar hafnir eru í öllum byggðarkjörnum sveitarfélagsins. Nokkur landbúnaður er í sveitarfélaginu, einkum í Norðfjarðarsveit, og í Neskaupstað er starfrækt mjólkurstöð.

Í Fjarðabyggð er rekinn öflug og fjölbreytt þjónusta. Meðal þjónustustofnana má nefna Fjórðungssjúkrahús Austurlands, Verkmenntaskóla Austurlands, útibú Vegagerðar Ríkisins, Skólaskrifstofu Austurlands, Náttúrustofu Austurlands, Heilbrigðiseftirlit Austurlands og útibú Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins. Þá eru öflugir grunnskólar, tónskólar, leikskólar og æskulýðsmiðstöðvar starfræktar í öllum byggðarkjörnunum. Verslun er einnig fjölbreytt ásamt þjónustu svo sem rekstri hótela, gistihúsa og veitingahúsa.

Ef ýmsar kennitölur eru skoðaðar svo sem álagningarstofn útsvars eða fasteignaskatts kemur í ljós að breytingar milli árána 2000 og 2004 eru nokkuð mismunandi. Álagningarstofn í A flokki (íbúðarhúsnæði) til fasteignaskatts hefur hækkað um líðlega 60% umfram verðlag á sama tíma og íbúum hefur fjölgað um 3%. Af því má sjá að mikið hefur verið byggt og jafnframt hefur verð á fermetra hækkað eins nánar er fjallað um í kafla 8.2.1, einkum á árunum 2003 og 2004, þ.e. eftir að ljóst var að ráðist yrði í

umfangsmikla stóriðju á Austurlandi. Nærtækast er að rekja þessar breytingar má til þessara framkvæmda, enda fátt annað sem gæti skýrt breytingarnar.

Fasteignaskattsstofn atvinnuhúsnæðis (B flokkur) hefur hækkað mun minna á sama tímabili eða um 30% sem á sér trúlega þá skýringu að það álverið sem verið er að byggja er ekki komið til mats og þar eiga því eftir að verða miklar breytingar.

Nokkra eftirtekt vekur að útsvarsstofn hefur einungis hækkað um 20% á þessu árabili, sem er svipuð hækking og útsvar á hvern íbúa. Þetta eru miklu minni breytingar en t.d. á Fljótsdalshéraði, sem skýrist væntanlega af því að meðaltekjur hafa verið mun hærri í Fjarðabyggð en og þess vegna gætir breytinganna hlutfallslega minna þar.

Þessar tölur eiga við um sveitarfélagið í heild, en vitað er að innan þess er þetta mjög mismunandi. Hin beinu áhrif byggingar álvers eru mest í Reyðarfirði, eins og við var að búast, en það sem kemur á óvart er að þau virðast ennþá staðbundnari en búist var við. Þeirra gætir t.d. nánast ekki neitt á Seyðisfirði og lítið í Neskaupsstað. Það er út af fyrir sig ekki neikvætt þar sem það bendir til þess að atvinnulífið á þessum stöðum sé traust og atvinnuástand gott og þar af leiðandi hafi íbúar þessara staða næga atvinnu heimafyrir og þurfa ekki að sækja hana um lengri veg. Fróðlegt verður að fylgjast með framvindunni þegar framkvæmdum vegna uppbyggingar lýkur og hinn daglegi rekstur tekur við. Vænta má bakslags á þeim stöðum þar sem þenslan er mest svo sem á Reyðarfirði og Fljótsdalshreppi, með tilheyrandi áhrifum á rekstur viðkomandi sveitarfélaga, en þá kemur í ljós það sem mestu máli skiptir fyrir rekstur viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. hvernig hlutfallið verður milli varanlegs kostnaðar og tekna.

Eins og fram kemur að hér að framan sameinuðust þrjú sveitarfélög Fjarðabyggð, þ.e. Mjóafjarðarhreppur (42 íbúar 1. des. 2005), Fáskrúðsfjarðarhreppur (48 íbúar) og Austurbyggð (859 íbúar). Ekkert bendir til að stóriðjuframkvæmdir sem nú standa yfir á Austurlandi hafi haft áhrif á rekstur hreppanna tveggja samkvæmt fyrirliggjandi tölulegum staðreyndum. Í Austurbyggð eru áhrif fjölbreyttari. Atvinnulífið snýst að miklu leyti um sjósókn og fiskvinnslu. Á Stöðvarfirði er góð hafnaraðstaða fyrir fiskiskip og báta og sérstaklega góð aðstaða fyrir smábáta. Á Búðum er skjólgóð höfn og aðdýpi mikið, aðstaða er góð fyrir öll skip og báta.

Áhrif af byggingu álvers í Reyðarfirði eru þó minni en ætla mætti í Austurbyggð, en leiða má líkur að því að sú sameining sem átti sér stað 2003 hafi að nokkru leyti átt rætur í því umróti sem varð vegna framkvæmdanna við álverið. Það á einnig við um þá samþykkt sem gerð var um sameiningu og tók gildi sumarið 2006. Hins vegar kom annað til á

Þessum tíma en það var gerð Fáskrúðsfjarðarganga og eflaust hafa þau haft áhrif á viðhorf fólks og framtíðaráform, enda eru þau ein af forsendunum fyrir sameiningu við Fjarðabyggð. Erfitt er að meta þátt hvorrar framkvæmdarinnar fyrir sig, enda eru áhrifin tvímælalaust samverkandi.

Það sem hefur haft áhrif á rekstur sveitarfélagsins en einkum tvennt. Annars vegar fjölgun íbúa eftir langvarandi stöðnun eða fækkun og hins vegar aukin eftirspurn eftir húsnæði og þar með lóðum til nýbygginga.

Ef ýmsar kennitölur eru skoðaðar svo sem álagningarstofn útsvars eða fasteignaskatts kemur í ljós að breytingar milli árána 2000 og 2004 eru svipaðar eftir flokkum eða 15-20%. Álagningarstofn í A flokki (íbúðarhúsnæði) til fasteignaskatts hefur þó hækkað mun minna, um 8% umfram verðlag, á sama tíma og íbúum hefur fjölgað um 3%. Ef skoðuð er hækkan fasteignaskatts á íbúa og útsvar á íbúa á þessu árabili er ekki að sjá að áhrifa af stóriðjuframkvæmdum sé farið að gæta að ráði. Þó er varla um það að efast að umsnúningur í breytingu á fjölda íbúa megi að mestu rekja til þessara framkvæmda þó Fáskrúðsfjarðargöng eigi þar einnig sinn þátt eins og nefnt hefur verið.

10.2.4. Samantekt

Eins og framangreind umfjöllun ber með sér er mjög greinilegt að áhrif af virkjunarframkvæmdum við Kárahnjúka og byggingu álvers á Reyðarfirði eru staðbundin. Í grófum dráttum má segja að þeirra gæti aðeins með beinum hætti í Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppi og Fljótsdalshéraði og að hluta til í Austurbyggð. Samkvæmt skoðanakönnunum og viðtölum við einstaklinga eru áhrifin staðbundnari en flestir höfðu reiknað með. Þetta á sérstaklega við um skammtímaáhrif en meiri óvissa er um áhrifin til lengri tíma litið. Það er tilgangur vöktunarverkefnisins að fylgjast með framvindunni og þá koma væntanlega í ljós ýmsar staðreyndir sem nota má til frekari ályktana.

11. ÞJÓNUSTA

11.1. Þjónusta á Austurlandi

Í þessum kafla verður fjallað um þá þjónustupætti er skipta máli fyrir íbúa svæðisins og hvernig bregðast megi við hinum miklu breytingum er eiga sér stað í samfélaginu á Austurlandi.

„Rannsóknir benda til þess að efnahagslegir þættir ráði í raun mestu um búsetuval fólks. Þjónusta skiptir hins vegar miklu fyrir búsetuskilyrði og þegar hér er rætt um þjónustu er litið til hinna margvíslegu þjónustupátta sem hinn almenni íbúi þarf á að halda.“ Heimild: Verkáætlun 2004-2009, bls. 24.

Samfara fólksfækkun á Austurlandi á árunum 1990-2001 má álykta að ekki hafi átt sér stað mikil uppbygging varðandi þá þjónustupætti er verða skoðaðir í köflunum á eftir, m.a. hvað varðar skóla, heilbrigðisþjónustu, almannavarnir, félagsþjónustu, verslun, tómstundir og útivist.

Útlit er þó fyrir að breyting verði þar á samfara stóriðjuframkvæmdum sem nú eiga sér stað og fólksfjölguninni sem fylgir í kjölfarið. Umbætur og þróun á þessum þjónustupáttum verður þó brýnust þar sem fjölgunin verður mest, þ.e.a.s. í Fjarðabyggð og á Fljótdalshéraði. Í þeim sveitarfélögum sem upplifa fækkun eða stöðnun verður hagræðing í rekstri lykilatriði. Sameining fleiri sveitarfélaga, t.d. sameining Mjóafjarðarhrepps, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Austurbyggðar við Fjarðabyggð sem tók gildi um mitt ár 2006 gæti auðveldað þetta ferli eitthvað.

11.2. Skólar

Leikskólar

Skólabyggingar verða byggðar upp af viðkomandi sveitarfélögum þar sem fólksfjölgunar gætir og í samræmi við aukið útsvar, sem m.a. fjármagnar byggingar og rekstur. Leikskólar eru á öllum þéttbýlisstöðum á Austurlandi og virðast vera vel búnir til að sinna fjölgun leikskólabarna næstu árin. Þróunin í fjölda leikskólabarna á Austurlandi árin 2000-2005 hefur ekki alltaf verið í samræmi við íbúapróun, t.d. á sumum jaðarsvæðum þar sem þeim fjölgaði meðan íbúum fækkaði. Mesta fjölgun einstaklinga

varð hinsvegar í Fjarðabyggð og á Fljótdalshéraði en þetta eru þau sveitarfélög þar sem mestar breytingar hafa átt sér stað undanfarið.

Miklar sveiflur í fjölda barna í árgöngum geta haft talsverð áhrif á skipulag og framkvæmd skólastarfs. Á Fljótdalshéraði varð þróunin óvenjuleg þar sem grunnskólabörnum fjölgaði meira en leikskólabörnum. Þetta hefur þó breyst þar sem börn fædd 2004 eru nær 50% fleiri en í venjulegum árgangi meðan börn fædd 2005 eru enn einungis 28 en þar er um „venjulegan“ árgang að ræða. Í Fjarðabyggð var þessu öfugt farið með fjölgunina en mikla fjölgun leikskólabarna þar má að einhverju leyti skýra með að biðlistar voru tæmdir. Fjölgun íbúa í sveitarfélögunum leiðir til stækkunar árganga en þessi sveifla er talsvert meiri en skýrt verður með þeim hætti.

Þrátt fyrir þetta eru ekki fyrirhugaðar byggingar fleiri leikskóla hvorki í Fjarðabyggð né á Fljótdalshéraði þar sem skólarnir hafa þegar verið stækkaðir. Á Fljótdalshéraði eru t.d. 3 ónotaðar deildir til góða og í Fjarðabyggð er búið að fjölga rýmum um helming sem ætti að duga næstu árin. (Bæjarskrifstofur Fljótdalshéraðs og Fjarðabyggðar, samtal)

Athygli vekur fjölgun leikskólabarna á jaðarssvæðum sem stríða við fólksfækkun t.d. í Skeggjastaða-, Vopnafjarðar-, Borgarfjarðar- og í Djúpvogshreppi. Hinsvegar er ekki um mikla fjölgun einstaklinga að ræða þó hlutfallið í % sé hátt.

Grunnskólar

Grunnskólum fækkaði um 18 á landsvísu árin 1998-2004 þar af um þrjá á Austurlandi. Ástæðurnar eru einkum fækkun barna, samgöngubætur og hagræðing í rekstri en nemendum á Austurlandi fækkaði um 12% á þessum árum meðan þeim fjölgaði um 5% á landsvísu. Árið 2002 var fjölgunin á Austurlandi sú þriðja mesta á landinu og árið 2003 var hún sú mesta. Greinilegt er því að Austurland hefur verið að sækja í sig veðrið og snúa við neikvæðri þróun seinustu árin.

Til að mæta áðurnefndri fjölgun grunnskólabarna á Fljótdalshéraði verður Egilsstaðaskóli stækkaður og á nýbyggingu skólans að verða lokið árið 2008. Hið sama er að segja um Fjarðabyggð er þar er búið að stækka rýmið um helming. (Bæjarskrifstofur Fljótdalshéraðs og Fjarðabyggðar, samtal)

Þróun í fjölda grunnskólabarna á Austurlandi virðist þó vera meira í takt við íbúaþróun almennt en hjá leikskólabörnum. Varðandi vegalengdir frá áhrifasvæði stóriðju er þó athyglisvert að nemendafjöldi hefur staðið í stað á Bakkafirði en fækkað á Vopnafirði, fjölgað á Stöðvarfirði en fækkað á Fáskrúðsfirði. Mögulegar skýringar gætu verið mismunandi atvinnuástand þar sem barnafólkið flytur sig um set og aldurssamsetningin

verður ójöfn en einnig misstórir árgangar. Athygli vekur hin litla hlutfallslega fjölgun grunnskólabarna í Fjarðabyggð samanborið við Fljótaldshérað en á móti kemur að leikskólabörnum fjölga meira í Fjarðabyggð. Á svæðinu frá Djúpvaggi að Höfn virðist hafa orðið mest fækkun nemenda bæði í fjölda og hlutfallslega (Árbók sveitarfélaga, 2005)

Framhaldsskólar

Framhaldsskólar eru fimm á rannsóknarsvæðinu, þar af tveir á Norðursvæði, tveir á Miðsvæði og einn á Suðursvæði. Skólarnir á Norðursvæði eru Framhaldsskólinn á Laugum með 90 nemendur haustið 2005 og Framhaldsskólinn á Húsavík með 162 nemendur. Á Suðursvæði er starfræktur Framhaldsskólinn í Austur – Skaftafellssýslu með 300 nemendur haustið 2005. Greint verður nánar frá skólunum á Miðsvæði, en þetta eru Menntaskólinn á Egilsstöðum með ríflega 400 nemendur og Verkmenntaskólinn í Neskaupstað með um 200 nemendur. Auk þess er hússtjórnarskóli á Hallormsstað með um 20 nemendur. Í þessum tölum eru allir nemendur, óháð skólastigi, og hefur þeim fjölgað lítilsháttar frá árinu 2000 (hagstofa.is)

Verkmenntaskólinn er vannýttur og getur tekið við fleiri nemendum og ný viðbygging Menntaskólans á Egilsstöðum verður tekin í notkun haustið 2006. Ekki virðist því vera brýn þörf á þriðja framhaldskólanum á Austurlandi samkvæmt þessu. Hinsvegar eru bættar samgöngur lyklatríði til að auðvelda nemendum að sækja þann skóla er hentar þeim best og stuðla að fjölgun nemenda. Með þessu móti myndu þeir framhaldsskólar er fyrir eru styrkjast og eflast öllu Austurlandi til hagsbóta. Rétt er að hafa í huga að þó hlutfallsleg fækkun í Hússtjórnarskólanum sé nokkur er ekki um marga einstaklinga að ræða.

Samkvæmt skýrslu Nýsis frá 2002 voru um 54% brottfluttra Austfirðinga frekar eða mjög óánægðir með tækifæri til náms eftir grunnskóla á Austurlandi samanborið við sitt núverandi byggðarlag. Á Mið-Austurlandi voru 37% ungs fólks á aldrinum 18-28 ára sömu skoðunar (Nýsir 2002:117). Sé þessi niðurstaða borin saman við niðurstöður úr spurningakönnuninni sem framkvæmd var haustið 2004 þar sem um 73% fólks á Austur- og Norðausturlandi voru ánægðir með aðgengi að framhaldsskólamenntun má ef til vill draga þá ályktun að ánægja með framhaldsskólamenntun á svæðinu hafi batnað.

Háskóli

Enginn háskóli er á Austurlandi en um 150-200 nemendur stunda fjarnám og er mikill vilji er til þess að koma á fót þar menntastofnum á háskólastigi. Í viðhorfskönnun

Byggðarannsóknarstofnunar Íslands frá haustinu 2004 kemur í ljós að um 63% fólks á Austur- og Norðausturlandi voru óánægðir með aðgengi að háskólamenntun.

Fræðslunet Austurlands eða FNA var stofnað árið 1998 og með tilkomu þess buðust betri möguleikar til að sækja háskólanám án þess aðflytjast búferlum. Í desember 2005 fólu Menntamálaráðuneyti og Iðnaðarráðuneyti síðan FNA það verkefni að byggja upp Þekkingarnet Austurlands. Í byrjun árs 2006 var svo undirritaður samningur milli 11 aðila á Mið-Austurlandi um stofnun þekkingarseturs sem gæti orðið fyrsti vísir að háskóla á Austurlandi. Þetta felur í sér að endurskipuleggja Fræðslunetið, auka námsframboð til símenntunar og háskólanáms og að tengja saman og efla rannsóknir á svæðinu. Vonir standa til þess að þessi vinna skili sér og muni efla háskólalífið á Austurlandi í framtíðinni.

11.3. Heilbrigðisþjónusta

Heilbrigðisstofnun Austurlands er með starfsvæði frá Bakkafirði til Djúpavogs, þ.e. rúmlega því svæði sem hér kallað Miðsvæði og er aðalskrifstofa hennar á Reyðarfirði. Á öllum þéttbýlisstöðum eru starfræktar heilsugæslustöðvar sem sjá m.a. um sjúkraflutninga og að auki er Fjórðungssjúkrahús í Neskaupstað.

Heilbrigðisstofnun Austurlands, sem starfar á níu stöðum í fjórðungnum, stendur um þessar mundir frammi fyrir samdrætti í þjónustu, lokunum og uppsögnum starfsfólks vegna fjárhagsvanda. Talið er að um 100 milljónir króna vanti til að reksturinn geti gengið eðlilega fyrir sig, en álag á stofnunina hefur aukist mjög síðan bygging Kárahnjúkavirkjunar og álvers á Reyðarfirði kom til sögunnar. Heimild: ruv.is 27.03.2006

Stóriðjufyrirtæki hafa að einhverju leyti sinnt aðhlyningu sinna starfsmanna með eigin heilsugæslu á framkvæmdarsvæðum en hefur ekki dugað til. Greinilegt er að framkvæmdirnar hafa kostað heilbrigðisþjónustuna sitt og eins eru margar aðrar framkvæmdir eins og t.d. bygginga- og vegaf framkvæmdir sem gætu aukið þörfina á heilsugæslu.

Stofnanir með vistrými fyrir aldraða eru á Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Neskaupstað, Seyðisfirði, Vopnafirði, Djúpavogi, Egilsstöðum, Höfn og Breiðdalsvík (http://heilbrigdisraduneyti.is/stofnanir//nr/1244#Oldrunarstofnanir_a_Austurlandi).

Fjöldi öldrunarrýma á Austurlandi á hverja 1.000 íbúa er það næstlægsta á landinu og því greinilegt að úrbóta er þörf. Sveitarfélögin virðast þó vera að taka við sér og í bígerð er fjölgun vistrýma fyrir aldraða bæði í Fjarðabyggð og á Fljótaldshéraði. Á Reyðarfirði er

verið að leggja lokahönd á 23 þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara sem mun væntanlega slá nokkuð á eftirspurnina í Fjarðabyggð og fleiri hugmyndir eru á teikniborðinu. Auk þess er í bígerð bygging nýs fjölbýlishúss á Egilsstöðum fyrir aldraða. Eftirspurn fer vaxandi og smá biðtími er þar en ekkert sem skapar vandamál á næstunni. En úrbóta er greinilega þörf víða þegar fram líða stundir og í Fjarðabyggð er ástandið ekki viðunandi. Heimild: Bæjarskrifstofa Fljótdalshéraðs og Fjarðabyggðar

Öldruðum er að fjölga en í lok árs 2005 voru 15% íbúa Austurlands 60 ára og eldri. Almenn þróun, s.s. aukið langlífi, að aldraðir búi síður hjá börnum sínum og auknar kröfur um betri aðbúnað auka eftirspurn eftir húsnæði fyrir aldraða. Stóriðjuframkvæmdir hafa ekki bein áhrif á fjölgun aldraðra heldur er þetta sú þróun sem hefur átt sér stað samfara áralangri fólksfækkun á Austurlandi þar sem aldurs samsetningin varð ójöfn. Hinsvegar mætti ætla að sveitarfélögin væru betur í stakk búin til að mæta þessu og gera átak í byggingu fleiri vistrýma fyrir aldraðra samfara aukinni velmegun Austurlands

Töluverð fjölgun ungs fólks og barnafjölskyldna á Mið-Austurlandi á næstu árum krefst aukinnar heilsugæslu bæði vegna fleiri barna og aukinnar fæðingartíðni.

Í viðhorfskönnun Bygðarannsóknarstofnunar Íslands frá haustinu 2004 kemur í ljós að um 75% fólks á Austur- og Norðausturlandi voru ánægðir með framboð á heilbrigðisþjónustu. Þó fólk sé ánægt með framboð á heilbrigðisþjónustu er spurningin hinsvegar sú hvort framboðið sé nóg þegar fram líða stundir og hvernig tekst að leysa ofangreindan fjárhagsvanda Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

11.4 Almannaþingarnir

Sýslumannsembætti á Austurlandi er staðsett bæði á Eskifirði og Seyðisfirði og bera ábyrgð á löggæslu á svæðinu sem og ýmis konar neyðarþjónustu. Fjöldi lögreglumanna stóð nokkurn veginn í stað á árunum 2002-2004 þrátt fyrir fjölgun íbúa og má því búast við að starfsmönnum fjölgi lítillega næstu árin (sjá: <http://www.logreglan.is/>)

Tafla 11.1. Hlutfallsleg dreifing brota samkvæmt málaskrá árið 2004 eftir landsvæðum.

	Hegningarlag-brot	Sérrefsilagabrot	Umferðarlagabrot	Öll brot
Höfuðborgarsvæðið	77,1%	62,7%	56,4%	60,9%
Vesturland og Vestfirðir	3,3%	5,8%	8,6%	7,4%
Norðurland	7,4%	9,7%	13,9%	12,3%
Austurland	1,5%	7,1%	3,2%	3,2%
Suðurland	10,6%	14,6%	17,9%	16,2%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Afbrot eru og hafa verið fátíð á Austurlandi miðað við landsmeðaltal. T.d. voru hegningar- og umferðarlagabrot miðað við íbúafjölda fæst á Austurlandi bæði árin 2003 og 2004. Sérrefsilagabrot önnur en umferðarlagabrot voru hins vegar flest á Austurlandi og skýrist það að miklu leyti af fjölgun tollalagabrota á Seyðisfirði. Þörf á aukinni löggæslu gæti þó aukist í takt við íbúafjölgun t.d. vegna fleiri samkoma, dansleikja og viðburða. (Heimild: <http://www.logreglan.is/>). Langfæst brot eru framin á Austurlandi á landsvísu og munar meira en helming á næsta landsvæði á eftir enda er það fámennasta landsvæðið sem þessi greining tekur til. Í könnuninni haustið 2004 kemur í ljós að um 91% fólks á Austur- og Norðausturlandi voru ánægðir með persónulegt öryggi sitt.

Slökkvilið er staðsett í og rekin af öllum sveitarfélögum á Austurlandi en aðeins þau stærstu hafa þjálfaða slökkviliðsmenn. Aukin byggð skapar meiri brunahættu og krefst vel búins og mannaðs slökkviliðs.

Þörf fyrir fjölgun starfsmanna í viðkomandi starfstéttum mun ráðast af fólksfjölgun og þar sem fækkun íbúa hefur átt sér stað mun tilfærsla starfsfólks verða meiri til svæða þar sem þörfin er meiri. En á heildina litið virðast almannavarnir almennt vera vel í stakk búna fyrir aukna fólksfjölgun á svæðinu.

11.5. Félagsþjónusta

Búast má við að þörf fyrir félagslega þjónustu aukist í takt við fjölgun íbúa. Hins vegar má leiða að því líkum að með aukinni hagsæld verði sumir hópar ekki eins háðir aðstoð og því auknið svigrúm til að gera betur við aðra.

Viða hefur gengið illa að selja félagslegar íbúðir á undanförunum árum einkum vegna fólksfækkunar og lítillar eftirspurnar en þó hefur tekist að leigja út flestar á Mið-Austurlandi. Má gera ráð fyrir að þetta hafi aukið tekjur sveitarfélaganna eitthvað og hjálpað til við afborganir af áhvílandi lánum. Hugsanlega gæti sala þeirra gengið

auðveldar fyrir sig með fólksfjölgun ef skortur verður á húsnæði í framtíðinni og ætti það að geta styrkt sveitarfélögin enn frekar fjárhagslega.

Fatlaðir, eldri borgarar og langveikir ættu að fá betri þjónustu og aðhlyningu samfara auknum tekjum sveitarfélagana. Huga þarf að byggingu fleiri öldrunarheimila, auka aðgengi fatlaðra og skapa langveikum viðunandi aðstöðu miðað við fjölda þeirra.

Með auknum umsvifum á svæðinu eru líkur til þess að atvinnulausum og lágtekjufólki fækki eitthvað og má því búast við minni þörf á stuðningi við þessa hópa. Þetta gæti gefið sveitarfélögum meira svigrúm til aðstoðar við öryrkja sem kannski geta ekki sinnt fullri vinnu og við vímuefnaneytendur sem þarfnast viðunandi meðferðar og hjúkrunar.

11.6. Verslun

Fólk mun gera meiri kröfur um fjölbreyttari verslun og þjónustu samfara aukinni hagsæld og bættari samgöngum. Þetta skapar fleiri möguleika fyrir verslunareigendur og aðra er reka þjónustufyrirtæki. Þær verslanir og fyrirtæki er hyggjast þjóna þessum markaði verða að vera samkeppnishæfar við fyrirtæki í öðrum landshlutum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Fjölgun fólks og hækkaðar tekjur leiða almennt til meiri fjölbreytni í verslun en þessir þættir þróast með misjöfnum hætti á rannsóknarsvæðinu. Umfjöllun hér að neðan á fyrst og fremst við um stöðu og þróun verslunar á Miðsvæðinu en fram hefur komið í þessari skýrslu að vænta megi mestra breytinga á þessum þáttum þar.

Samkvæmt viðhorfskönnun Nýsis frá 2002 voru um 76% brottfluttra Austfirðinga mjög eða frekar óánægðir með verðlag samanborið við núverandi heimabyggð og 56% óánægðir með fjölbreytni og vöruúrval í verslunum. Á Mið- Austurlandi voru 70% og 51% ungs fólks á aldrinum 18-28 ára sömu skoðunar. (Nýsir 2002:116). Í könnuninni haustið 2004 kemur í ljós að um 49% fólks á Austur- og Norðausturlandi voru óánægðir með framboð á almennri verslun/þjónustu.

Þetta bendir til mikillar óánægju með verslun áður fyrr en það hefur breyst nokkuð milli ára enda er verslun þegar búin að aukast töluvert og margar verslunarkeðjur hafa opnað útibú á Mið-Austurlandi undanfarin ár. Þannig hefur orðið til fjölbreyttari og samkeppnishæfari verslun íbúum til hagsbóta. Þessi þróun á væntanlega eftir að halda áfram sem verður til þess að verslun á svæðinu styrkist og síður þarf að sækja aðföng til annarra landshluta. Margar sérvöruverslanir og þjónustufyrirtæki hafi sett upp útibú á

undanförnum árum meðan mestu umsvifin eru á svæðinu, dæmi um þetta eru ráðgjafarfirmir og verslanir með byggingarvörur, vélar, tæki og skyldar vörur.

Á döfinni er að byggja nýtt 2500 fermetra verslunarhús á Egilsstöðum með nýrri byggingavöruverslun auk annarra verslana. Fleira er á dagskrá m.a. er auglýst eftir rekstraradilum á svokölluðum *franchise* fyrirtækjum með þekkt vörumerki í Fjarðabyggð, þ.e. fyrirtækjum sem fá sérstakt leyfi til að versla með þessar tilteknu vörur. (www.ruv.is 01.03.2006)

Athyglisverð er einnig það sem kalla mætti „útrás austfirskra fyrirtækja innan Austurlands“ sem felst í því að þau opna útibú annarsstaðar á Austurlandi. Þetta skapar bæði atvinnu og styrkir stöðir atvinnulífsins og austfirsk fyrirtæki í leiðinni.

11.7. Tómstundir

Á flestum þéttbýlisstöðum á Miðsvæði, þar sem mestra áhrifa framkvæmdanna gætir er að finna íþróttavöll, íþróttahús, sundlaug og félagsheimili. Auk leikfélaga, kóra, og fjölbreytts ungmenna- og æskulýðsstarfs.

Búast má við auknum áhuga á tómstundaiðkun samfara fólksfjölgun og velmegun. Fleiri börn á svæðinu skapa meiri eftirspurn eftir íþróttum, tónlistarnámi og fleiru þar sem þau eru oftast áhugamestu iðkendurnir og stunda oft fleiri áhugamál en eitt. Einnig geta foreldrar veitt börnum sínum meira af skipulögðu tómstundastarfi og annarri afþreyingu í samræmi við aukinn kaupmátt.

Samkvæmt fréttum Ríkisútvarpsins hefur Fræðslunefnd Fljótsdalshéraðs lagt til að unnið verði að byggingu húsnaðis fyrir Tónlistarskólann á Egilsstöðum svo fremi að hann rúmist á lóð skólans. Í dag er tónlistarskólinn í leiguhúsnaði við ágætis aðstæður og mun duga þar til nýr skóli verður byggður.

Samkvæmt skýrslu Nýsis frá 2002 voru um 66% brottfluttra Austfirðinga frekar eða mjög ánægðir með möguleika til að stunda tómstundir eða útivist á Austurlandi samanborið við sitt byggðarlag. Á Mið- Austurlandi voru 56% ungs fólks á aldrinum 18-28 ára sömu skoðunar (Nýsir 2002:117).

Í könnuninni frá 2004 kemur í ljós að um 52% fólks á Austur- og Norðausturlandi tekur þátt í einhverskonar félags-, íþrótt- eða tómstundastarfi og 77% eru ánægðir með möguleika til að sinna tómstundum og áhugamálum. Þess má geta að ríflega 70% eru ánægðir með félags- og menningarlíf.

11.8. Útivist

Austurland er þekkt náttúruparadís og stutt í ósnortna náttúruna. Hægt er að stunda fjallgöngur, hestamennsku, golf, veiði í vötnum og ám, skíði og skotveiði eru meðal annarra áhugamála sem hægt er að stunda á svæðinu. Golfvöllir eru m.a. í Fellabæ, á Eskifirði og í Neskaupstað.

Útivist íbúa mun líklega aukast þegar nýtt fólk flyst inná svæðið sem er forvitið um umhverfið og kannski þá sérstaklega útlendingar og fólk frá öðrum landshlutum.

Austurland er dreifbýlt og því mikið um óbyggð svæði. Ferðamannastraumur um landsfjórðunginn á líklega eftir að aukast sem gæti kallað á meiri verndun svæða utan alfaraleiðar. Þarna eru vaxtartækifæri fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu sem gæti boðað betri afkomu þeirra og aukið atvinnu.

Úrbóta er samt víða þörf t.d. í göngustígum og vegum innanbæjar til að auka útiveru fólks. Einnig að gera fleiri svæði fyrir utan þéttbýlisstaði útivistarvæn með göngustígum og opnum svæðum til útiveru.

12. SAMFÉLAG OG LÍFSSTÍLL

12.1. Andinn í samfélaginu

Í gegnum tíðina hefur samfélag á Austurlandi byggst að mestu á landbúnaði og sjávarútvegi. Samfélag á Austurlandi hefur áður þurft að aðlaga sig að erlendum áhrifum ásamt miklum sveiflum í atvinnulífi. Sem dæmi um það má nefna fjölda erlendra hermanna í síðari heimstyrjöld m.a. á Reyðarfirði. Seint á 19 öld og byrjun þeirrar 20 starfræktu Norðmenn nokkrar hvalveiðistöðvar á Austurlandi og voru þeir einnig í forystu við uppbyggingu síldveiða í landsfjórðungnum. Mikill fjöldi aðkomufólks var á Austfjörðum vegna síldveiða á síðari hluta 7. ártugarins. Á síðustu árum hefur fólk af erlendu bergi brotið sest að víða um landið Í sjávarbyggðum líkt og á Austfjörðum hefur erlendu fólk fjölgað mikið og starfa flestir þeirra við fiskvinnslu. Með tilkomu stóriðjuframkvæmdanna fjölgar erlendu starfsfólki á Austurlandi enn frekar er þá um að ræða fólk sem kemur tímabundið til að vinna við ákveðið verkefni.

Á árunum 1990-2002 varð talsverð fólksfækkun á Austurlandi. Fækkunin var mismikil eftir byggðalögum en segja má að hún hafi einkennst af vexti á Egilsstöðum og í Fellabæ en stöðnun eða fækkun á útgerðarstöðum og töluverðri fækkun í sveitum. (Nýsir hf. 2001:37) Þessa fækkun má að hluta rekja til einhæfni í atvinnulífi samfara færri atvinnutækifærum meðal annars vegna samdráttar í fiskveiðum sem og landbúnaði. Fólksfækkun hefur óhjákvæmilega haft áhrif á samfélag og lífsstíl fólks á Austurlandi. Nú eru að verða miklar veigamiklar breytingar á samfélaginu á Austurlandi með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar og álvers á Reyðarfirði. Frá árinu 2003 hefur fólk fjölgað á Austurlandi og þá mest á þeim svæðum sem næstu eru stóriðjuframkvæmdunum en aftur á móti fækkað á þeim stöðum sem lengra eru í burtu. (Jón Þorvaldur Heiðarsson og Valtýr Sigurbjarnarson. 2005:14-15)

Ljóst er að álvers- og virkjanaframkvæmdir hafa víðtæk og margvísleg áhrif á samfélag og mannlíf á Austurlandi meðan á framkvæmdum stendur og í raun er ekki hægt að gera sér grein fyrir hver áhrifin verða til langframa.

Tvær skýrslur um mat á samfélagsáhrifum voru gerðar árið 2001 þar sem var reynt að greina þau áhrif sem stóriðjuframkvæmdirnar munu hafa á Austurlandi. Annars vegar

vann Nýsir ehf. skýrslu fyrir Reyðarál um mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers í Reyðarfirði. Hinsvegar var unnin skýrsla fyrir Landsvirkjun af Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri um mat á samfélagsáhrifum vegna Kárahnjúkavirkjunar. Báðar þessar skýrslur leitast við að greina efnahagsleg og félagsleg áhrif framkvæmdanna. Farið var yfir helstu staðreyndir og kennitölur á þeim sviðum samfélagsins sem talið er að helst muni verða fyrir einhverjum áhrifum af framkvæmdunum. Þessar greiningar eru nokkuð ýtarlegar, en athygli vekur að nánast ekkert er fjallað um undirliggjandi þætti í samfélaginu, áhrif sem verða bæði á framkvæmdatíma sem og rekstartíma.

Á Austurlandi er byggð dreifð og víða fámenn. Samfélag af þessu tagi verður einskonar „fjölskyldu- eða vina- og kunningjasamfélag“. Sumar fjölskyldur hafa búið á staðnum í marga ættliði og verið vinir stóran hluta ævinnar. Tengsl milli fólks í slíkum samfélögum verða meiri og sterkari. Í spurningakönnun sem Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri framkvæmdi á Austurlandi árið 2004 koma þessi tengsl glögglega í ljós. Þegar spurt var hversu margir af þínum nánustu vinum búa á sama svæði og þú? Svöruðu 55% því til að allir eða flestir af þeirra nánustu vinum byggju á sama svæði. Þegar spurt var hversu oft hittir þú nánustu vini þína? Þá svöruðu 64% að þeir hittu nánustu vini sína daglega eða a.m.k. vikulega. Þegar spurt var hversu margir af nánustu ættingjum (systkini, foreldrar, uppkomin börn) búa á sama svæði og þú? Svöruðu 46% að allir/flestir búa á sama stað. Í sama sveitarfélagi eða á nærliggjandi stöðum.

Í viðtölum frá árinu 2002 koma glögglega fram þessi sterku fjölskyldu- og vinatengsl sem skapast oft á tíðum meðal íbúa lítilla samfélaga.

Já, það er það. Hér er svo lítið samfélag. Allir eru svo nálægt öllum, allar vegalengdir svo stuttar. Það er meira sem fólk - kannski, heldur oft saman.

En þetta er auðvitað lítið samfélag, bara ein fjölskylda.

Í matskýrslum á samfélagsáhrifum vegna byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers á Reyðarfirði er gert ráð fyrir mikilli fjölgun starfa á svæðinu. Reiknað er með að um 25% ársverka við Kárahnjúkavirkjun séu unnin að mönnum sem búsettir eru á Austurlandi (Grétar Þór Eypórsson og fl. 2001:61) en við álverið á Reyðarfirði er gert ráð fyrir að 15% starfsmanna sé heimafólk (Nýsir hf 2001:65). Líklegt er að aðrir starfsmenn setjist að tímabundið á svæðinu eða dvelji í vinnubúðum. Ekkert er kemur fram í matskýrslum

hvaða áhrif það hefur þegar mikill fjöldi aðkomufólks, Íslendinga og útlendinga, kemur inn í lítið samfélag sem byggir á sterkum tengslum heimafólks.

Félagsfræðingar hafa fjallað um ólíka hópa innan samfélags. Fólk innan sama hóps getur þótt sér ógnað af öðrum hóp sérstaklega ef hann kemur af öðrum menningarsvæði eða er af öðrum kynþætti. Félagfræðingar greina þetta sem „við“ og „þeir“. Í „við“ hópnum eru þeir sem telja sig falla inn í hópinn eða samfélagið og eiga þar heima. „Við“ nær yfir alla þá sem telja sig sem „við“ eða okkur. Í þessum hópi eru heimamenn og má gera ráð fyrir að þeir telji brottflutta sem snúa til baka falla innan hópsins. Í „þeir“ eða „hinir“ hópnum falla þeir sem ekki finnast þeir falla inn í hópinn eða samfélagið. „Þeir“ eða „hinir“ eru í flokk sem telur sig ekki falla inn í hópinn eða samfélagið eða ekki eiga þar heima. Í þessum hópi má gera ráð fyrir að séu starfsmenn sem koma tímabundið til starfa og dvelja í vinnubúðum. Einnig fólk sem kemur nýtt inn í samfélagið og á eftir að sanna að þeir geti fallið í hinn hópinn. Oft á tíðum skapast árekstrar milli þessara hópa. (Schaefer, R. 2004:69-70)

Í viðtölum frá árinu 2004 og 2005 koma í ljós viðhorf heimamanna til aðkomufólks, sem eru bæði jákvæð og neikvæð. Aðkomufólkið er að hluta flokkað upp, fólk sem fellur inn í samfélagið og fólk sem heldur sig utan við það.

Ég held að það gangi ágætlega, ég held að hluti af þessu eru brott fluttir þannig að þeir eiga kannski fjölskyldur og rætur hér. En aðrir eru kannski án tengslanets en eru þá með börn í skóla eða leikskóla og það er náttúrulega verið að byggja við bæði skólann og leikskólann. Þannig að ég heyri ekki annað en þetta sé að gera sig.

Við höfum svo sem lítið af þessu erlenda fólki að segja nema í gegnum fjölmiðla því þeir hafa gaman að öllu sem er neikvætt og gera lítið úr því sem er jákvætt er í samskiptum okkar. Þeir tóku t.d. þátt í þjóðahátíð hér í haust og ég held að það hljóti að teljast jákvætt en maður hefur frekar lítið af þessu fólki að segja nema eins og ég segi vegna lélegs aðbúnaðar eða einhverju slíku sem fjölmiðlar hafa gaman af að tíunda. En í rauninni hefur maður heldur ekki mikið af Íslendingunum að segja því þetta er fólk sem vinnur þarna í 10 daga og fer svo heim til fjölskyldunnar og er þar í 4 daga þannig að það dvelur ekki hér á sínum frídögum en þessir erlendu hafa þennan eina frídag og menn sjá þá aðeins þá. Eins og ég segi þetta er aðallega fjölmiðlaumræðan sem maður verður var við í kringum erlendu verkamennina en auðvitað myndu kannski fleiri fjölskyldur flytja hingað ef það væru fleiri íslendingar að vinna þarna, hlutfallslega, það eru náttúrulega alltaf einhverjir sem vilja hafa fjölskylduna með.

Á Reyðarfirði er reynt að lágmarka samskipti fólks í vinnubúðunum og heimamanna er það gert til að reyna að draga úr samfélagslegum áhrifum.

Sko – það sem ég heyri núna, sko, af því að það á allt að vera þarna innan svæðis, hárgreiðslustofan – ein héðan verður með aðstöðu út á svæði til að þeir þurfi ekki að koma hér inn í bæinn. Þeir eru búnir að ráða skemmtanastjóra. ... því það á allt að vera þarna á svæðinu. Þarna verður fullkomin líkamsræktarstöð – eitthvað sem vantar hér. O.s.frv. Þannig að fólk er svona aðeins að undrast það að þeir megi ekkert blandast og nýta sér þá þjónustu sem er hér til staðar. ... Þeir [Bechtel] eru bara markvisst að reyna að draga úr þessum samfélagslegu áhrifum.

Já og það er líka neikvætt að þau eru ekki hluti af þessu samfélagi og við erum alveg ótengd þeim þannig að ef eitthvað kemur upp á þá verður svolítið flókið að taka á því. Því venjulega ef eitthvað kemur upp á þá vita allir af því og hverjir áttu hluta í því o.s.frv.

Ljóst er að við gerð skýrslna um mat á samfélagsáhrifum var ekki litið þessara mikilvægu þátta né heldur annarra undirliggjandi þátta samfélagsins. Búseta á litlum stöðum á landsbyggðinni er val fólks. Margir sækja þangað vegna smæðarinnar og rólegheitanna en við stórframkvæmdir eins og eiga sér stað á Austurlandi núna verða óhjákvæmilega breytingar á samfélaginu.

... við sem kjósum að búa út á landi erum hér af því að smæð samfélagana togar í okkur, nánari samskipti, félagslíf, minni fjarlægðir, meira öryggi, rólegheit, afslappaðra andrúmsloft. Nú er þetta algjörlega öfugt því Reyðarfjörður var mjög rólegur bær og þeir hafa áttað sig á þessu fyrirfram því það var margbúið að segja í öllu þessu ferli að þetta yrðu gifurlegar breytingar það var erfitt að halda og sleppa bæði vilja álver og rólegheit en menn hafa náð góðri samvinnu við verktakana að menn svona reyni að hemja sig og gleymi sér ekki alveg þó það hafi gengið vel.

Ég held að í dag sé fólk á Reyðarfirði að verða dálítið þreytt á öllu þessu umstangi. ...Ég hef heyrt það á fólki, húsmæður kvarta undan því að það er alltaf allt fullt af ryki því það er stöðug umferð stórra bíla - menn hafa áhyggjur af börnunum í umferðinni. Það er nú stutt síðan ég fór þarna í grunnskólana með forvarnarfulltrúa VÍS og við vorum með forvarnarverkefni með litlu krökkunum. Já, maður heyrir það aðeins á fólki að því finnst þetta þreytandi. ... Já, og ég held að fólk hafi ekki gert sér grein fyrir því hversu stór þessi framkvæmd yrði.

En það gjörbreyttist alveg mórallinn í samfélaginu þegar þessi ákvörðun lá fyrir. Þannig að menn finna kannski einna helst fyrir því þannig. Fasteignaverðið fauk upp og allt í einu fóru menn að mála hjá sér þökin og jafnvel þó menn ætluðu ekki að selja það en allt í einu sáu menn sér einhvern hag í að halda húsinu sinu við og þetta var bara svona vítamínsprauta að öllu leiti. Ég held að menn séu miklu jákvæðari fyrir því en áður að búa þarna. Jafnvel þó að menn hafi kvartað og kveinað áður, barmað sér yfir fasteignaverðinu og að hafa ekki komist í burtu þá held ég að margir hafi bara hætt við það þegar menn gátu hvort sem það var að ótta við umheiminn eða að menn vilji vera á Norðfirði.

... það vilja ekki allir vera í ys og þys. Ég hef bara heyrt á þeim sem eru að vinna þarna núna, það er svo mikil klikkun þarna á Reyðarfirði sérstaklega, og fólk héðan sem er að vinna þarna segist vera agalega fegið að komast hingað heim í kyrrðina á kvöldin.

Ljóst er að framkvæmdir eins og eiga sér stað á Austurlandi núna hafa bæði neikvæð og jákvæð áhrif eins og sjá má hér að ofan. Í viðhorfskönnun sem framkvæmd var á Austur- og Norðausturlandi haustið 2004 var spurt hvort viðkomandi teldi að stóriðjuframkvæmdirnar muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf í þeirra byggðarlagi. Töldu 59% svarenda að framkvæmdirnar hefðu jákvæð áhrif, 32% töldu þær hafa engin áhrif en 9% töldu þær hafa neikvæð áhrif. Ef niðurstöðurnar eru greindar eftir svæðum þá telja um 42% svarenda á norðursvæði þær hafa jákvæð áhrif og um 50% þær hafa engin áhrif. Á miðsvæði töldu um 83% þær hafa jákvæð áhrif og um 8,5% engin áhrif. Íbúar á suðursvæði töldu þær hafa einna minnst áhrif eða um 26% þeirra töldu framkvæmdirnar hafa jákvæð áhrif, 61% töldu þær ekki hafa nein áhrif.

12.2. Efnahagsgerð

Efnahagsgerð samfélagsins hefur byggst að mestu á tveim stöðum. Á Fjörðunum hefur samfélagið byggst í kringum fiskveiðar en á Héraði hefur samfélagið hins vegar byggst að mestu á þjónustugreinum og landbúnaði.

Á þeim svæðum sem byggja að mestu á sjávarútvegi, líkt og á Fjörðunum, hefur fólksfækkun orðið einna mest. Hagræðing í sjávarútvegi, flutningur starfa út á sjó sem og aukin vélvæðing í fiskvinnslu eru stórir þættir í fækkun starfa í sjávarútvegi. (Stefán Ólafsson 1997). Störf við sjávarútveg eru mjög kynjaskipt. Karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem starfa til sjávar meðan kynjahlutfallið í fiskvinnsluhúsunum er um 70% konur (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2004.). Því er ljóst að með fækkunum starfa í sjávarútvegi og flutningi þeirra út á sjó hafa atvinnumöguleikar kvenna í sjávarþorpum minnkað verulega. Í viðtölum sem tekin voru á Austfjörðum árið 2002 kemur fram að ekki skiptir eins miklu máli þó að kona missi vinnuna en „...ef karlinn missir vinnuna. Þá er allt búið. Þá er bara að flytja“. Hjón flytja síður í burtu ef konan verður atvinnulaus, „hún fer bara heim“ en ef maðurinn verður atvinnulaus er lítið annað að gera en flytja á brott.

Ákveðin óstöðugleiki og óöryggi hefur einkennt sjávarbyggðir á Austurlandi á undanförunum árum. Fólksfækkun, atvinnuleysi, sérstaklega hjá konum, og einhæfni í atvinnulífi hafa lagt mark sitt á samfélagið. Væntingar og von um álver komu sterkt fram í viðtölum sem tekin voru 2002. Ákveðin stöðnun hafði verið í samfélaginu á Austurlandi, margir biðu eftir stóriðju og höfðu beðið lengi. Einn viðmælandi sagði:

...ef það verður af þessari stóriðju og öllu því dæmi, þá verður mikil breyting, sérstaklega á Reyðarfirði. Því Reyðarfjörður er búinn að vera í biðstöðu í 30 ár að bíða eftir þessu. Það er bara eins og litli strákurinn sem sagði við afann þegar þeir voru að labba úti á sunnudeginum. Afinn spurði hvað hann ætlaði að gera þegar hann yrði stór ... Ég ætla að bíða eftir álverinu eins og þú afi minn.

Þetta er nokkuð lýsandi fyrir samfélagsandann á Fjörðunum áður en ákvörðun um stóriðjuframkvæmdir var tekin. Fólk sá að hefðbundnar atvinnugreinar nægðu ekki til að skapa næga og tryggja atvinnu til frambúðar. Fjölgun starfa og aukin fjölbreytni er það sem horft er til.

Á Fljótshéraði starfa flestir við þjónustu, opinbera starfsemi og landbúnað, ólíkt því sem er niðri á Fjörðunum þar sem sjávarútvegur er aðalvinnugreinin. Á Egilsstöðum hefur byggst upp nokkurskonar miðstöð þjónustu á Mið-Austurlandi. Á undanförunum áratugum hafa hinar ýmsu þjónustugreinar vaxið hratt og margir fræðimenn telja að þær séu orðnar undirstaða efnahagslífs líkt og iðnaðarframleiðslan hefur verið um alllangt skeið (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2004). Á Egilsstöðum hefur fólki fjölgað lítillega á undanförunum árum í takt við aukningu í þjónustugreinum. Bættar samgöngur geta orðið þess valdandi að þjónusta vex og atvinnutækifæri batna í þéttbýliskjörnum meðan hún dregst saman á smærri stöðum (Bygðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003:105). Þetta viðhorf má finna í viðtölum frá árinu 2002 en þar sagði Egilsstaðabúi:

En ég held að Héraðið, eins og með álverið það verði langmesta vítamínsprautan hérna á Egilsstöðum. Þessir starfsmenn sem þarna ætla að vinna eru starfsmenn sem munu byggja eða kaupa hér og búa í húsum hér. Ekki á Reyðarfirði. Þó að það sé eins og ég sá auglýst í Dagskránni, það var verið að opna glæsilega verslunarmiðstöð í hjarta austurlands á Reyðarfirði. Auðvitað er ágætis viðleitni til að reyna að búa til eitthvað, en þetta er ekki neitt neitt. Það er ekki einu sinni apótek á staðnum! Eins og þeir hjá Norsk Hydro - komu hér einu sinni og voru að gera grín að Reyðfirðingum. Þeir gætu ekki einu sinni þvegið þvott af starfsmönnum! Þetta fúnkerar aldrei. Það verður náttúrulega alltaf einhver stækkun þar. En fjölgunin verður hér á Egilsstöðum. Þetta er ekki nema 30 mínútur héðan og niður í álver.

Í viðtali sem tekið var árið 2004 lýsti viðmælandi því hvers vegna Egilsstaðir myndu vaxa þegar Reyðarfjörður hefði alla burði til þess að vaxa.

Persónulega finnst mér að fyrst að þeir eru með flugvöllinn og það þá er meiri hugur í fólki það er „heimsborgaralegra“ Ég held af því að þetta er gamalt bændasamfélag. Bændur hugsuðu öðruvísi. Hér er gamalt fiskisamfélag æ – ég veit það ekki. Það er öðruvísi menning í fólki. Bændur hafa öðruvísi hefðir og þeir fara öðruvísi að. Ég held að ef fólk ætlar að krækja að sér þjónustu þá fari bændur betur að heldur en sjávarfólk. Ég veit ekki, þetta er bara svona óljós tilfinning hjá mér.

Reyðarfjörður hefur nú verið að vaxa svolítið sem þjónustubær og hrist svolítið skipin af sér sem er nú ekki alveg 100% gott. Það þarf að vera svolítil fjölbreytni.

Aukning hefur orðið í þjónustu sem og verslun á Egilsstöðum. Sem dæmi um það hefur veitinga- og kaffihúsum fjölgað talsvert. Viðmælandi á Egilsstöðum lýsir þessari breytingu:

Jú, en núna eru orðin 3 kaffihús hérna og fleiri staðir búnir að opna, einn staður sem mér finnst mjög sniðugur en þar er hægt að fara á kvöldin og fá sér svona heimilismat, sem er alveg snilld, fyrir ekki mikinn pening. ...

Já, eitthvað aðeins og ég veit að niður á fjörðum er líka komin mikið af matsölum, það er búið að opna nokkra staði t.d. á Reyðarfirði.

Svo virðist vera sem stóru verslanakeðjurnar hafi séð hag sínum betur komið til að byrja með á Egilsstöðum. Fyrsta lágvöruverslunin á Austurlandi sem og byggingavöruverslunin voru opnaðar á Egilsstöðum. Verslanir númer tvö voru opnaðar á Reyðarfirði. Einn viðmælandi taldi að aukning í þjónustu yrði á Egilsstöðum en Reyðarfjörður myndi vaxa samhliða sem þjónustupláss.

Án þess að fullyrða það þá myndi ég halda að þróunin yrði áfram í þá átt að það verði aukning á Egilsstöðum í verslun og þjónustu en ég held að það muni líka gerast á Reyðarfirði þó ekki sé nema vegna þess að það er svo mikið um að vera og það mun væntanlega spretta upp nokkuð öflug verslun á næstu árum enda eru þeir að byggja þarna verslunarmiðstöð sem verður bara nokkuð stór á austfirskan mælikvarða og ef að það yrði þarna veruleg fjölgun og ég á fastlega von á að vel flestir sem koma til með að vinna í verksmiðjunni muni vilja búa á Reyðarfirði bara til að sleppa við þennan akstur. Þá myndi maður sjá Reyðarfjörð vaxa sem þjónustupláss, samhliða Egilsstöðum.

Uppbygging þjónustu og verslunar virðist vera mest á Egilsstöðum og Reyðarfirði einnig eru breytingar á þeim stöðum sem næstu eru framkvæmdasvæðinu. Viðmælandi á Eskifirði lýsti breytingum á verslun og þjónustu:

... bílaverkstæðin, þau eru farin að byggja stærri hús, stækka um helming. Olís keypti verkstæði hér af því að þeir eru að koma með Select búð. Núna eru fjórar-fimm hárgreiðslustofur hér á Eskifirði og Reyðarfirði en aftur á móti engin á Fáskrúðsfirði. Ég veit ekki hvað eru margar á Egilsstöðum fimm eða eitthvað. Þannig að svona breytingar eru töluverðar.

Breyting hefur orðið á verslun og þjónustu á minni svæðum lengra frá framkvæmdarsvæðinu. Íbúi á Fáskrúðsfirði ber þetta saman við það sem gerðist á Vestfjörðum við tilkomu Vestfjarðagangna.

... hér talar einn um það að Vestfjarðagöngin hafi drepið niður verslun en bjargað búsetunni. Þetta er hlutur sem kemur til með að gerast hérna. Maður sér það alveg að þegar það verður orðið styttra að fara í lágvöruverslanirnar, Bónus er á Egilsstöðum og Krónan á Reyðarfirði, og þetta kemur til með að drepa niður verslunina.

Á Stöðvarfirði var versluninni á staðnum lokað. Viðmælandi þar sagði að rekstur hennar hafi ekki gengið eftir að Bónus var opnað á Egilsstöðum. Viðmælandi lýsti breytingum á þjónustu á eftirfarandi hátt.

En það er náttúrulega alltaf verið að skera niður við okkur þjónustu. Bæði náttúrulega engin verslun lengur og svo er Pósturinn fluttur í bankann og það er bara töluverð skerðing á þjónustu því að nú getum við sótt á pósthúsið í þrjá og hálfan tíma í staðinn fyrir átta eða sjö. Það var opið frá níu til fjögur eða fimm en bankinn er opinn frá hálf eitt til fjögur. ... Það er bara rekinn sjálfsali við kaupfélagshúsið og svo hefur verið rekinn „innan gasalappa veitingastaður“ en sá náungi er að hætta núna í febrúar þannig að við vitum ekki hvort einhver tekur við – þannig að það er voða lítið svigrúm til að gera eitthvað

Efnahagsgerð á Austurlandi hefur verið að breytast undanfarna áratugi, líkt og annarsstaðar. Störfum í framleiðslu, sjávarútvegi og landbúnaði fækkar en aukning er í störfum tengdum þjónustu. Með tilkomu stóriðjuframkvæmdanna hefur atvinnumögu- leikum fjölgað, atvinnuleysi minnkað og fjölbreytni í verslun og þjónustu aukist. Gera má ráð fyrir að verslun og þjónusta byggist upp á Egilsstöðum sem er vel í sveit sett með tilliti til samgangna og í nálægð við athafnasvæðið á Reyðarfirði. Með bættu samgöngukerfi má gera ráð fyrir að þegar lengra dregur frá framkvæmdastað minnki þjónusta við íbúa.

12.3. Félagsgerð

Í umræðu um samfélagið getur verið gagnlegt að nýta hugtakið félagsgerð. Með félagsgerð er átt við ýmsa innviði samfélagsins sem hafa gildi fyrir einstaklingana á þeim sviðum sem ekki tilheyra efnahagslífinu. Almenn er fólk ánægt með búsetu þrátt fyrir að ýmsa þjónustu vanti á minni stöðunum. Flestir telja þó að það hafi fleiri kosti en ókosti að búa á þessum stöðum. Í áður nefndri spurningakönnun var fólk spurt að því hversu ánægt eða óánægt það sé með þann stað (sveitarfélag/byggðarlag) sem það hefur búsetu í. Um 72% svarenda sögðust vera mjög ánægðir eða ánægðir með búsetu og einungis 5% sögðust vera mjög óánægðir. Einnig var spurt um hversu líklegt eða ólíklegt er að viðkomandi muni flytja frá því byggðarlagi sem hann býr í innan þriggja ára. Þar svöruðu 82% því að ólíklegt væri að þeir myndu flytja innan þriggja ára.

Viðhorf íbúa til búsetu kemur fram í viðtölum teknum árið 2002. Eftirfarandi sagði íbúi á Reyðarfirði.

Ég hef alltaf búið hérna. Og þegar sérstaklega einu sinni, þegar það kom alvarlega til greina að flytja, þá samt hef ég alltaf séð betri kostinn að búa hér. Ég er búinn að ákveða það að það [er sumt] sem ég get ekki sótt í hér. Það er bara svoleiðis. Mér finnst ég ekki vera að fórna neinu fyrri það.

Í viðtölum frá árinu 2002 kom fram að margir töldu þjónustu s.s. verslanir, apótek og fl. vera ábótavant. Var þetta þó nokkuð misjafnt eftir búsetu. Margir töluðu um að þeir versluðu talsvert í öðrum byggðarlögum til dæmis á Akureyri eða í Reykjavík. Í þessum sömu viðtölum voru væntingar um að lágvöruverslun kæmi á svæðið miklar og svo virtist sem að fólk á fjörðunum myndi ekki víla fyrir sér að skreppa á Egilsstaði til að versla kæmi lágvöruverslun þangað. Hér ber að líta nokkrar tilvitnanir úr viðtölum frá árinu 2002. eru þau lýsandi fyrir viðhorfið til verslunar og þjónustu sem var í samfélaginu á þeim tíma.

Já, ég stend mig að því að ég fer suður. Kannski í og með til að versla.

Okkur vantar lágvöruverslun hérna. Úrval af sérvöru hérna er ekki nógu gott. Íþróttavörur og slíkt.

En það er fullt af fólki sem leitar á Akureyri í Nettó. Það er mjög þægilegt að fara til Akureyrar núna. Það er betri vegur. Þetta er engu stund farið. Það er bara af því að það er ódýrara.

Þjónustulega séð, það er oft verðið sem þú myndir vilja sjá annað. Það er auðvitað hærra verð. Bæði að það er flutningskostnaðurinn og það eru minni innkaup í heildina. Og svo eru auðvitað ekki keðjurnar. Það er það sem maður öfundar mest. En þjónustulega séð, er þessi kjarni á Miðausturlandi mjög vel settur. Það er eiginlega öll þjónusta sem þú leitar eftir og þarfnast er meira og minna á svæðinu.

Nei. Það er það versta við það að við misstum búðina sem var rekin hérna. Það eru orðin nokkur ár síðan. Þá var henni lokað. Það hreinlega fór á hausinn það fyrirtæki sem rak hana. Síðan höfum ekki haft þannig séð verslun sem heita má hérna. Við þurfum að fara yfir. Það er reyndar bakari hérna opið, sem reynir að selja hitt og þetta með. Svo sjoppan hérna hefur reynt að komast til móts við þetta með því að selja mjólk og aðrar nauðsynjavörur. En annars þarf maður alltaf að leita yfir í Egilsstaði til að kaupa í matinn. Og það er pósthús og banki þar líka og sú þjónusta. Sem mér finnst allt í lagi með pósthús og bankann, en það hefði verið betra að geta skroppið út í búð hérna megin við fljótið.

Já. Við getum verslað allt sem við þurfum. Og ef við þurfum að versla eitthvað sem við höfum ekki hérna, þá pöntum við það. Eða fáum aðila til að panta það fyrir okkur. En það sem mér blæðir

mest. Ég var að koma frá Akureyri um daginn. Að það er 30 % munur á lágvörverslun í Reykjavík og hérna hjá okkur. Það munar alveg svakalegu. Reyndar stendur fyrir dyrum að opna Bónus hérna. En þá kemur togstreitan. Hvað á að gera? Á að versla þar ... og spara ... Eða á ég að versla við kaupfélagið og halda uppi hringrásinni. Þetta er nefnilega ekkert sjálfsagt mál. En fólk hugsar ekkert þannig. Það er náttúrulega. Ef Bónus kemur hérna og þeir standa sig í verðlagningu, eins og er gert í Bónus á hinum stöðunum, þá munu menn versla þar. Það er alveg á hreinu. Því ég segi alveg eins og er. Ég sé ekki réttlætninguna í því að muni 30 % af vörum. Ég sé það ekki alveg. Þú sérð það. Að þegar það er farið að borga sig næstum bensínið, að keyra til Akureyrar til að versla og koma heim. Það kemur svipað út eða betur, Heldur en að fara í kaupfélagið og versla sömu hlutina. Þá er eitthvað að. En málið er, að kaupfélagið hefur miklu færri kaupendur heldur en.... Það þarf ákveðinn fjölda til að standa undir lágvörverslun. Það var lágvörverslun á Reyðarfirði. Menn fóru svolítið í hana héðan. En hún bar sig ekki. Það er spurning... þetta er stærra svæði og þarna er verið að tala um nauðsynjar, þannig að ég veit ekki hvernig það þróast.

En það er til orðatiltæki hér í sveitinni...“ Ef það fæst ekki í kaupfélaginu þá þarftu það ekki“. Það er einfalt mál.

Ákveðin breyting hefur orðið á Austurlandi frá því að byrjað var á stóruíðjuframkvæmdum. Ýmis fyrirtæki og stofnanir hafa séð hag sinn í því að setja sig niður á Austurlandi til dæmis eru komnar lágvörverslanir, byggingavörverslanir og ýmis þjónusta aukist, eins og þegar hefur komið fram. Því er ljóst að á ákveðnum stöðum þ.e. næst framkvæmdasvæðum er orðin meiri fjölbreytni í þjónustu og verslun. Í viðtölum frá 2004 og 2005 kemur fram ánægja með þessa fjölbreytni í verslun og þjónustu.

Veiðiflugan frábær útivistarbúð hér ... Núna eru fjórar-fimm hárgreiðslustofur hér á Eskifirði og Reyðarfirði en aftur á móti engin á Fáskrúðsfirði. Ég veit ekki hvað eru margar á Egilsstöðum fimm eða eitthvað. Þannig að svona breytingar eru töluverðar.

... því þjónustan er ótrúlega góð og bara á háu stigi hér á Egilsstöðum. ... það kom „ríkið“ hér fyrir nokkrum árum [ÁTVR] og núna síðustu eitt – tvö ár hefur verslunum fjölgað hér.

Í viðtölum frá árunum 2004 og 2005 kemur fram aukin bjartsýni er í samfélaginu, atvinnutækifærum fjölga og atvinnuleysi að hverfa.

Það sem kemur kannski mest á óvart eru kannski samfélagsleg áhrif framkvæmdanna, hvað þau voru fljót í gang. Nú eru tvö ár síðan við skrifuðum undir samninginn við Alcoa og við höldum gríðarmiklar kynningar og við höldum nýbúafundi og það voru gefin út allskyns kynningarefni og komið á framfæri að þetta væri vinnuferli framkvæmdanna en þensla byrjaði ekki strax en það varð bara kippur nánast daginn eftir. Bjartsýni jókst gífurlega. ... Já, verktakar t.d. smáverktakar fóru að fjárfesta og bæta við sig og styrkja sig gagnvart yfirvofandi verkefnum. Húsbyggingar jukust bara strax. ... Húsnæðisverð jókst hér. Seljanleiki sömuleiðis. Ég bjóst við bjartsýni en ekki strax, ekki

svona fljótt og ekki af svona miklum krafti ég átti svo von á því kannski það þessa myndi gæta á Reyðarfirði, á Eskifirði aðeins minna en svo minnst hér útfrá. Það hefur sko alls ekki gengið eftir hér eru menn að byggja hús, hér selst allt og íbúðarverð margfaldaðist.

Atvinnutækifærum hefur almennt fjölgað, fáir bændur orðnir eftir sem eru bara bændur og gera ekkert annað, það er allavega annar aðilinn útivinnandi þó að það hafi nú svo sem verið töluvert um það líka fyrir þessar framkvæmdir.

Nú, atvinnuleysi er að hverfa. Ég held að það sé mjög lítið atvinnuleysi hérna á Eskifirði og á Reyðarfirði og ég veit að það er erfitt að fá fólk til starfa t.d. eins og fyrir okkur ef okkur vantar í afleysingar, það er mjög erfitt.

Ég held að launin í heild séu að hækka svolítið. Menn eru að tapa starfsmönnum ef þeir gera ekki betur við þá og það er bara mikið um það að það er verið að fara með starfsmenn í utanlandsferðir, beint flug til Kaupmannahafnar, gera kannski einhverja aðra dila heldur en beint í launum, eitthvað sem í raun hefur aldrei sést hérna.

... miklu meira úrval af störfum og betur launað en var. Eins er það með menntun á svæðinu, það er komið hérna háskólasetur og annað og fólk er að bæta við sig menntun samhliða vinnu vegna þess að það sér fram á betur launuð störf með aukinni menntun og kemst þá kannski í störf til frambúðar. Þetta hefur allt aukist með tilkomu fjarnáms, það eru ótrúlega margir sem eru að bæta við sína menntun með 100% vinnu og öllum pakkanum. Það er allt í botni.

Íbúar á Austur- og Norðausturlandi voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með framboð á almennri verslun/þjónustu árið 2004. 51% svarenda sögðust vera ánægðir með verslun og þjónustu í því byggðarlagi sem þeir búa. Ef lítið er á niðurstöðurnar út frá áður nefndri svæðaskiptingu þá kemur í ljós að íbúar á miðsvæði eru mest ánægðir með framboð á almennri verslun og þjónustu eða um 56,% þeirra, á norðursvæði eru 43% íbúa ánægðir og á suðursvæði eru um 53% íbúa ánægðir með framboð á almennri verslun og þjónustu. Þegar spurt var um hversu ánægðir þeir væru með framboð á heilbrigðisþjónustu svöruðu 75% því að þeir væru ánægðir með það framboð sem væri til staðar.

Ákveðin togstreita hefur skapast milli Héraðs og Fjarðabyggðar varðandi uppbyggingu á Austurlandi, þá hvar á að vera miðstöð verslunar og þjónustu á svæðinu. Fyrsta lágvöruverslunin á Austurlandi setti sig niður á Egilsstöðum einnig fyrsta byggingavöruverslunin. Fyrirtæki númer tvö í báðum flokkunum settu sig niður á Reyðarfirði. Í viðtali teknu árið 2004 taldi viðmælandi á Egilsstöðum að Egilsstaðir yrðu ekki endilega fyrsti valkostur fyrir ný fyrirtæki til að setja sig niður á. Þó telja margir

aðspurðra á uppbygging verði meiri í verslun og þjónustu á Egilsstöðum heldur en á t.d. Reyðarfirði.

Svo mun náttúrulega byggjast upp heilmikil þjónusta, þessi afleiddu störf sem eru fleiri heldur en störfin hjá álverinu og þau geta náttúrulega dreifst víða og auðvitað mun mikill hluti af þeim koma til Egilsstaða annað finnst mér bara fásinna þegar menn eru að berjast á móti því að Egilsstaðir fái að byggja upp þessa þjónustu og þeir hafa vissa sérstöðu markaðslega séð. Það er markaðssett nafnið Egilsstaðir eða Fljótsdalshérað.

Í upphafi framkvæmdanna snerust væntingar fólks um aukin atvinnutækifæri og aukna þjónustu sem myndi fylgja í kjölfar uppbyggingu stóriðju á Austurland. Af viðtölum má greina að þær væntingar virðast hafa gengið eftir.

12.4. Félagslegur auður

Hugtakið félagsauður (e. social capital) er notað yfir margvísleg félagsleg tengsl fólks eins og nágrannasamfélög og frjáls félagasamtök. Félagsauður vísar meðal annars til þess sem gert er í samfélagi eins og ýmis tengslanet, siði og venjur, samstarf og samstöðu þar sem hagsmunir aðila eru gagnkvæmir. Oft er litið á hann sem magn og gæði einstaka stofnana þjóðfélagsins. Því meiri sem félagsauður er því sterkari eru stofnanir samfélagsins. Í minni samfélögum hefur félagsauður sterkari stöðir þar sem þau byggja oft á tíðum á sterkari og meiri tengslum heldur en í stærri samfélögum. Félagsauður leiðir til betri frammistöðu og meiri ánægju.

Í áðurnefndri könnun sem gerð var á Austur- og Norðausturlandi haustið 2004 er spurt um hvort viðkomandi sé virkur félagi eða þátttakandi í einhverskonar félags- íþrótt- eða tólmstundastarfsemi. 52% svarenda sögðust taka þátt í slíku starfi. Ef svörunin er skoðuð út frá búsetu þá eru þátttaka íbúa á norður- og suðursvæði mjög svipuð eða um 54% en þátttaka íbúa á miðsvæði er heldur minni eða tæplega 50%. Þegar spurt var um hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) viðkomandi er með félagslíf í sínu byggðarlagi. Svöruðu 75% því til að þeir væru ánægðir með félagslíf í sínu byggðarlagi. Heldur meiri ánægja var á suður- og norðursvæði heldur en miðsvæði og munaði það um þrem prósentum. Mjög svipuð niðurstaða var þegar spurt var um menningarlíf í byggðarlagi viðkomandi. Svöruðu 73% því að þeir væru ánægðir með menningarlíf í byggðarlaginu. Mest ánægja var á suðursvæði eða 76% á norðursvæði 75% og miðsvæði 70%. Athyglisvert er að þetta eru þau svæði þar sem áhrifa stórframkvæmdanna gætir almennt minna.

Í viðtölum kom fram að breytingar í samfélaginu eftir að framkvæmdir hófust eru miklar. Þensla í atvinnulífi, lengri vinnutími, fjölgun fólks og aukin umferð eru atriði sem fólk talar um. Allt þetta hefur áhrif á undirliggjandi þætti samfélagsins eins og til dæmis félagsauð. Aukið álag og minni frítími verða til þess að fólk getur ekki sinnt hugðarefnum sínum eins vel og áður. Dæmi um það má sjá í viðtölum frá árununum 2004-2005.

Þú færð nú engan í dag til að gera eitthvað fyrir ekki neitt, sjálfboðastarfi hefur farið mjög aftur. Ég veit reyndar ekki hvernig það hefur gengið hjá leikfélaginu en það gekk djöfullega á Reyðarfirði í nýja verkinu þeirra, það voru bara allir á fullu í vinnu og menn höfðu bara ekki tíma í þetta. Það var sett upp barnaverk hérna, það er náttúrulega nóg af krökkum – leystist líka farsælega þegar kennaraverkfallið kom, þá höfðu þau nægan tíma til að æfa það. Maður er að sjá....., ja, það var gott dæmi hérna um daginn - það var lítill karlakór hérna á svæðinu, sem margir eiga tengingu í, sem hélt tónleika hérna í Egilsstaðakirkju og það komu rétt um 30 manns þannig að fólk hefur bara ekki þrek aflögu, það þarf náttúrulega að sinna sínum heimilum, fólk er bara búið eftir daginn – alla vegu á virkum dögum

Samt er það náttúrulega mjög misjafnt hversu samfélög eru opin fyrir aðkomumönnum og við sjáum að á þessu litla samfélagi hér hefur orðið gríðarleg breyting á undanförunum árum með tilkomu bæði náttúrulega Pólverja og Tælendinga sem hafa komið hingað til að vinna og þetta er fólk sem er ekki eins virkt í samfélaginu og fólk sem fór. Þannig að svo sálin í þessu litla samfélagi er alltaf að minnka og minnka og maður finnur það sérstaklega ef það er eitthvað sérstakt sem hefur verið í gegnum tíðina eins og við vorum um jólin í hjónaballs-nefnd og það er alltaf erfiðara og erfiðara að finna hópinn sem á að gera þetta en það er ekki bara að aðkomufólk sé minna virkt heldur ótrúlega stórt hlutfall heimafólks.

Svo virðist vera að eftir því sem samfélög stækka verði fjarlægðin meiri og fólk gefur sér minni tíma í að efla tengsl sín á milli og njóta þess sem lítið samfélag hefur uppá að bjóða.

Nei það er það nú ekki og frekar að aukast í kirkjukórnum frekar en hitt. Og það hefur flutt hingað rosalega mikið af fólki, nú er t.d. Þorablótið á föstudaginn og það eru 260 miðar og þá er búið að troða vel. Það var tekin sú ákvörðun að engin kemst að nema þeir sem hér búa. Þannig að þetta er orðið svo stórt að ekki komast allir sem vilja. Þetta er nú svona toppurinn á samkvæmislífinu á Fjörðunum. Það eru þorablótin. Það gerist nú ekki öllu hátíðlegra hér. Þannig að ég ímynda mér að þetta verði í síðasta skipti sem við getum haldið þorablót þarna í þessu samkomuhúsi. Þannig að það eru tölurverðir vaxtaverkir í gangi.

12.5. Breytt samfélag

Af viðtölum frá árinu 2002 má sjá að væntingar fólks á Mið-Austurlandi og Austfjörðum byggjast kringum tilkomu stóriðju á svæðinu. Þegar árið 2002 var kominn hugur í fólk og ákveðin þensla þegar komin í gang og aukinnar bjartsýni gætti í samfélaginu.

Mér finnst maður eiginlega upplifa pólana bæði til hægri og vinstri, t.d. minn nánasti vinahópur, fólk sem er á mínum aldri og sum þeirra vinna mjög mikið að þessari vinnu sem er í gangi núna gagnvart t.d. álveri og virkjun. Þessi hópur er rosalega jákvæður og er bjartsýnn og nú er bara að koma að því og bara ofsalega gaman ... Þetta er bara framtíðin og þau trúa því að loksins sé komið að einhverjum framförum. ... Mér finnst þetta skiptast alveg svona, sumir hlæja bara að þessu, það er bara verið að draga okkur á asnaeyrunum á meðan aðrir eru mjög bjartsýnir og trúa því að nú sé komið að þessu. Ég held samt að það sé meirihlutinn sem að bindur vonir við þetta. Stelpan mín var að segja mér frá vinum hennar sem eru jafnvel að hugsa út í það að kaupa sér hús og gera þau upp og þá jafnvel að selja þau þegar fasteignamarkaðurinn rýkur upp. Ég myndi nú segja að yfir höfuð væri fólk bjartsýnt á þessar framkvæmdir og bindi vonir við það, já, ríkjandi viðhorf.

Vonin um breytingar í samfélaginu með tilkomu stóriðjuframkvæmdanna koma einnig í fram í viðtölum frá árinu 2002.

Ég trúi allavega að það verði úr þessum framkvæmdum, ég vona það og þá sé ég bara fram á stærra og litríkara samfélag, meiri þjónustu, fleira fólk og allt sem því fylgir, það skapast grundvöllur fyrir fjölbreyttara menningarlífi, fjölbreyttari atvinnu, afþreyingu. Það er nú sennilega afþreyingin sem að maður horfir mest á af því að kannski er maður ekki bara að hugsa þetta út frá manni sjálfum heldur líka það að afþreyingin er svo mikið aðdráttarafl það vegur svo þungt gagnvart ungu fólki.

Í viðhorfskönnun frá 2004 var spurt „hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með umhverfið í því byggðarlagi sem þú býrð núna“. 94% íbúanna reyndust ánægðir með sitt nánasta umhverfi. Ef litið er á niðurstöðurnar út frá búsetu þá eru íbúar á suðursvæði ánægðastir með sitt byggðarlag eða um 96% íbúa næst koma íbúar norðursvæðis eða um 95,5% íbúa að lokum eru íbúar á miðsvæði eða um 91%.

Í viðtölum sama ár kemur fram ánægja með samfélagið og ástæða þess að fólk velur sér búsetu á landsbyggðinni. Einnig koma fram bæði jákvæðar og neikvæðar raddir gagnvart þeim breytingum sem verða í samfélaginu við tilkomu stóriðjuframkvæmdanna.

... við sem kjósum að búa „út á landi“ erum hér af því að smæð samfélagana togar í okkur, nánari samskipti, félagslíf, minni fjarlægðir, meira öryggi, rólegheit, afslappaðra andrúmsloft. Nú er þetta algjörlega öfugt því Reyðarfjörður var mjög rólegur bær og hvað þeir hafa áttað sig á þessu fyrirfram því það var margbúið að segja í öllu þessu ferli að þetta yrðu gífurlegar breytingar – það var erfitt að

halda og sleppa, bæði vilja álver og rólegheit, en menn hafa náð góðri samvinnu við verktakana að menn svona reyni að hemja sig og gleymi sér ekki alveg þó það hafi gengið vel.

Ef marka má fyrir nefnda viðhorfskönnun þá er mikil ánægja með möguleika til að sinna tómstundum og áhugamálum á svæðinu. 77% aðspurðara voru ánægðir með möguleikana í sínu byggðarlagi. Íbúar á norðursvæði voru mest ánægðir eða um 79%, íbúar á suðursvæði komu næst á eftir eða 77% og 76% íbúa á miðsvæði.

Áður en framkvæmdir hófust voru væntingar til þeirra miklar eins og sjá má hér að framan. Í viðtölum teknum eftir að framkvæmdir hófust talar fólk um þau jákvæðu áhrif sem urðu með tilkomu framkvæmdanna s.s. aukna atvinnumöguleika og fjölbreyttari störf, hækkun íbúðarverðs, brott fluttir flytja til baka, fólksfjölgun á svæðinu og fleira.

Það var náttúrulega mikil lyftistöng á Reyðarfirði og maður veit að þar er óskaplega mikið um að vera í bænum og maður heyrir það á fólki þarna niður frá að það er uppgangur í öllu nema náttúrulega umferðin og skítur sem því fylgir. Auðvitað hefur þetta áhrif hérna á allt svæðið og varð mjög jákvætt allt sem gerðist eftir þetta.

Atvinnutækifærum hefur almennt fjölgað, fáir bændur orðnir eftir sem eru bara bændur og gera ekkert annað, það er allavega annar aðilinn úti vinnandi þó að það hafi nú svo sem verið töluvert um það líka fyrir þessar framkvæmdir.

Ég held að það sé líka það að núna fær fólkið eitthvað fyrir húsin sín og gerir þá frekar eitthvað fyrir þau. Manni hefur aðallega fundist fasteignaverð hækka og það mikið miðað við hvernig þetta var orðið.

Ennþá er þetta fyrst og fremst að hafa áhrif á byggingaverktaka, vélaverktaka og öll þessi verkstæði, rafeinda- og rafmagnsverkstæði, bílaverkstæði, það er nú þvílíkt að gera við að gera við Kárahnjúkablána, þeir koma nú bara vikugamlir hálfónýtir niður! Kannski eru það mikið svoleiðis áhrif sem menn reikna kannski ekki með. Það er t.d. teljandi á fingrum annarrar handar af fólki hérna sem er að vinna beint við byggingu virkjunarinnar þ.e. á vegum Impregilo, það er þá frekar að það séu áhrif, eins og inn í Fljótsdal, að þar sé fólk sem er með lítil bú sem er farið að vinna hjá Fosskraft við byggingu stöðvarhússins.

Ég get tekið sem dæmi stráka sem hafa verið að byrja hjá þessum verktökum, bæði í véla- og byggingaiðnaði, menn hafa verið að byrja á einhverjum 7-800 kalli og þeir eru komnir í 900-1000 jafnvel 1100 svona þeir sem eru bara í raun ófaglærðir verkamenn.

Já, það er náttúrulega ekki spurning og miklu meira úrval af störfum og betur launað en var.

Á þeim tíma síðan þetta byrjaði allt saman þá erum við búin að fá mikla fjölgun af gömlu heimafólki, menntafólki, iðnaðarmönnum, þ.e. þeir sem fluttu hingað í bæinn. En eins og verkamenn eru t.d. mjög mikið upp frá og eru ekki....., jú það eru líka heimamenn uppfrá líka en þar er líka mikið aðkomufólk. Ég held að það sé mikið þannig að þeir sem eru að flytja í bæinn eru mikið að vinna þessi afleiddu störfin af þessu.

Já, verktakar t.d. smáverktakar fóru að fjárfesta og bæta við sig og styrkja sig gagnvart yfirvofandi verkefnum. Húsbyggingar jukust bara strax

Sko, jú maður er farinn að finna það að það kemur fólk sem maður þekkir ekki og það fjölgar ókunnugum eða nýjum andlitum. Það kannski byggist á mínu starfi – ég er búinn að vinna hjá bænum lengi og þar af leiðandi þekkti ég mjög vel til. Hef verið virkur í félagsstarfi þannig að það gerir það að verkum að ég þekki eiginlega andlitið á öllum

... en áhrifin eru svo öllum augljós. Vegna þess hve mikil fækkun hafði orðið á þessum litlu stöðum víða, þá voru margir farnir að trúá því að það væri bara ekki hægt að búa á svona litlum stöðum úti á landi. Jákvæðnin í samfélaginu er engu lík, íbúðaverð hefur hækkað, hús seljast og hér er ekki lengur hægt að fá leiguhúsnæði, það er allt fullt en áður stóð hér allt tómt bara fyrir tveimur árum. Áhrifin hafa verið mjög mikil.

En ekki geta öll verkefni verið fullkomin og svona miklum breytingum í litlu samfélagi fylgja líka neikvæð áhrif. Þar sem áður voru ólæst hús er fólk farið að læsa, bílar standa ekki lengur opnir, þeim er læst. Hér getur að líta nokkur dæmi frá íbúum á svæðinu.

Það hefur verið haldinn fundur í skólanum fyrir foreldra til að minna á að stækkun á þorpinu hefur ýmislegt neikvætt í för með sér og ef maður á t.d. táningsstelpu að brýna þá fyrir þeim að maður fer ekki upp í bíl með ókunnugum og ekki taka rúnt með einhverjum sem þær hafa aldrei séð áður og allt þetta. Maður þarf að passa börnin miklu betur. Þau þurfa að vera meðvitaðri. Þetta er ekki lítið þorp lengur, það er ekki verið að spyrja liðið þarna útfrá hverra manna það er.

Já og það er líka neikvætt að þau eru ekki hluti af þessu samfélagi og við erum alveg ótengd þeim þannig að ef eitthvað kemur upp á þá verður svolítið flókið að taka á því. Því venjulega ef eitthvað kemur upp á þá vita allir af því og hverjir áttu hluta í því o.s.frv.

... ég var að lesa Gletting um daginn og gerði mér þá grein fyrir því hvað vatnsmagnið í Fljótinu og jökulsánum hérna eykst mikið og þá hugsaði ég, er þetta hægt? En ef maður veltir því ekki fyrir sér þá....., eins er það líka að það er erfitt að venjast ljósadýrðinni hérna í sveitinni, þetta er mikil breyting en það er erfitt að gera það upp við sig hvort það er jákvætt eða neikvætt. Ég segi við gesti þegar þeir spyrja mig - ertu með eða á móti? að maður geti eiginlega ekki annað en verið 50% með og 50% á móti. Það er ekki alveg hægt að vera öðrum megin því þetta spilar hvort tveggja saman. Auðvitað hefur þetta haft gífurleg áhrif á viðskipaumhverfi hér, það spretta upp fyrirtæki hér en ein

önnur hlið sem er neikvæð á því, eins og með verslanir, er það að verslunarhúsnæði hefur hækkað í verði og þá hafa verslanir hætt sem maður hefði alls ekki búist við og það eru mjög neikvæð áhrif t.d.

Ef ég segi það sem mér dettur fyrst í hug þá er það eitthvert skipulagsleysi. Sko, ef það er byggt mjög hratt og ómarkvisst að við fáum ekki svona hverfi eða þar sem er eru einhver svona félagsleg vandamál og líka að við náum ekki að halda andanum og samheldninni sem er óneitanlega á þessu svæði.

Ég held að stærðin á verkefninu hafi komið manni mest á óvart, þetta er svo mikið, mikið stærra heldur en maður gerði sér nokkurn tíma grein fyrir. Það var ekki fyrr en maður fór að sjá t.d. Reyðarfjörð breytast, þetta er bara orðið eins og gullnámubær, það er verið að framkvæma út um allan bæ og þarna eru vörubílar á ferðinni nánast allan sólarhringinn. Álverssvæðið t.d. - þetta er svo miklu stærra verkefni heldur en mann óraði fyrir

Já og nei, ef við myndum taka út fólkið sem býr hérna og hefur alltaf búið og svo er náttúrulega annar þáttur í þessu líka en....., er það ekki vinsælt á Akureyri að tala alltaf um aðkomumennina? Það er mjög mikið af verkamönnum af öllu landinu og farið að koma talsvert af erlendum verkamönnum hingað líka og það er náttúrulega misjafn sauður í mörgu fé og við höfum aðeins fundið fyrir því að það er kannski meira framboð af fikniefnum og slíku.

Ég held að í dag sé fólk á Reyðarfirði að verða dálítið þreytt á öllu þessu umstangi. ... Ég hef heyrt það á fólki, húsmæður kvarta undan því að það er alltaf allt fullt af ryki því það er stöðug umferð stórra bíla, menn hafa áhyggjur af börnunum í umferðinni. Það er nú stutt síðan ég fór þarna í grunnskólana með forvarnarfulltrúa VÍS og við vorum með forvarnarverkefni með litlu krökkunum. Já, maður heyrir það aðeins á fólki að því finnst þetta þreytandi.

12.6. Samantekt

Af því sem hér hefur verið rætt og sem snýr að hinni oft á tíðum óáþreifanlegu upplifun sem fólk hefur af sínu nánasta umhverfi má ráða að stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hafi haft og muni hafi mikil áhrif í samfélaginu þegar til lengri tíma er litið. Í því sambandi er mikilvæg sú alda bjartsýni sem virðist hafa farið um samfélagið á Mið-Austurlandi við upphaf framkvæmdanna og sem gæti mögulega virkjað sköpunarkraft einstaklinga á svæðinu. Í rannsókn sem framkvæmd var á völdum svæðum á Vesturlandi og Norðurlandi vestra árið 2003 (Elín Aradóttir og Kjartan Ólafsson, 2004) kom fram að bjartsýni og trú á framtíðina er veigamikill þáttur til að skýra mismunandi nýsköpunarvirgni á ólíkum landssvæðum.

13. FERÐAÞJÓNUSTA

Í þessum kafla verður einkum fjallað um fernt. Í fyrsta lagi ýmsar tölulegar upplýsingar svo sem fjölda gistinátta og fjölda ferðamanna. Í öðru lagi tölur um nýtingu herbergja og rúma og í þriðja lagi almenn áhrif virkjana- og stóriðjuframkvæmda til skemmri og lengri tíma. Þar er skoðað hvaða áhrif virkjunarframkvæmdir á Þjórsársvæðinu hafa haft á ferðaþjónustu og einnig er tekið mið af reynslu Norðmanna í þessum efnum. Í fjórða lagi er fjallað um áhrif Kárahnjúkavirkjunar á hreindýr á Austurlandi, enda eru þau umtalsverður þáttur í ferðaþjónustu á svæðinu auk þess að vera mjög sérstök í íslenskri náttúru.

13.1. Tölulegar upplýsingar

Þær tölulegu upplýsingar sem birtar eru í þessum kafla eru að mestu byggðar á upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Hafa ber í huga að opinber gögn eru gjarnan því marki brennd að þau eru tekin fyrir landsvæði sem ekki falla allskostar að rannsóknarsvæðinu eins og það er skilgreint í þessari rannsókn. Þannig er sjaldan hægt að greina mismun á þróun norður-, mið- og suðursvæði. Oft er í þessum gögnum um landfræðilega skiptingu að ræða sem er í stórum dráttum sú sama og kjördæmaskiptingin 1959-1999.

Gistinætur

Hagstofa Íslands hefur með reglubundnum hætti tekið saman upplýsingar um fjölda gistinátta eftir landshlutum. Þar sem grunnurinn er hinn sami frá ári til árs ættu tölurnar að gefa góða vísbendingu um breytingar, jafnvel þó eitthvað vanti upp á þær upplýsingar sem aðilar í ferðaþjónustu láta frá sér.

Ef árabilið frá 1998 til 2004 er skoðað má sjá að breytingar á Austurlandi eru nokkuð aðrar en á landinu öllu eða t.d. á Norðurlandi eystra.

Á landinu öllu, Norðurlandi eystra og Austurlandi var aukning milli árána 1998 og 1999 á bilinu 5-11%, mest á Austurlandi. Þá tekur við stöðnum til og með 2001, eða fækkun á Austurlandi. Síðan kemur mikil aukning milli árána 2001 og 2004, 24% fyrir landið allt, 12% á Norðurlandi eystra og 29 % á Austurlandi.

Þetta eru eftirtektarverðar tölur. Vitað er að gistirými hefur aukist mikið á landinu öllu, einkum á höfuðborgarsvæðinu og þar hefur öflug markaðssetning skilað mikilli fjölgun ferðamanna. Það vegur þyngst í aukningu fyrir landið allt. Með tilliti til stóriðjuframkvæmda á Austurlandi er afar fróðlegt að bera saman Austurland og Norðurland eystra. Þetta eru tvö svæði á landsbyggðinni sem ætla mætti að væri svipað ástatt um hvað ferðaþjónusta snertir. Þarna skilur þó mikið á milli í fjölgun gistingu, 29% á Austurlandi og 12% á Norðurlandi eystra. Nærtækt er að álykta að munurinn skýrist fyrst og fremst af stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi. Hinu má þó ekki gleyma að ný Norröna hóf siglingar til og frá Seyðisfirði vorið 2003 og það kann að skýra hluta aukningarinnar á Austurlandi. Hafa ber einnig í huga að ferðaþjónusta stendur á gömlum merg á Norðurlandi eystra og fjöldi gistingu var rúmlega 230 þúsund þar 1998 á móti rúmlega 150 þúsund á Austurlandi.

Nýting herbergja og rúma

Nýting hótela og gistiheimila skiptir að sjálfsögðu höfuðmáli fyrir afkomu í þessum rekstri. Fróðlegt er að bera tiltækar tölur um nýtingu saman við breytingar á fjölda gistingu. Þar er tölurverður munur á eftir landsvæðum. Í öllum þeim tilvikum sem hér er ræðir er nokkuð stöðugt hlutfall milli nýtingar herbergja og nýtingar rúma, eins og eðlilegt er, nema eitthvað sérstakt komi til, en þó eru svolitlar sveiflur milli ára.

Á landinu öllu breyttist nýting rúma og herbergja lítið á árabílinu 1998-2004 og raunar var nýting herbergja aðeins minni árið 2004 en 1998. Þetta gerðist þrátt fyrir 33% aukningu gistingu á sama tíma, sem sýnir að framboð á gistirými hefur aukist mikið.

Á Norðurlandi var staðan alveg hliðstæð við landið allt, nema hvað nýtingartölurnar voru nokkru lægri.

Á Austurlandi hefur nýtingin hins vegar aukist umtalsvert og hlutfallslega svipað hvort heldur er miðað við herbergi eða rúm. Breytingin til batnaðar kom reyndar ekki fram fyrr en árið 2004. Árin 1998-2003 rokkaði nýting rúma í kringum 30% og fór árið 2004 í liðlega 35%, en hvað herbergin snertir var nýtingin í kringum 37% fyrri árin en fór í rúmlega 43% árið 2004. Aukning á gistirými hefur því orðið minni en fjölgun gistingu, þrátt fyrir að þeim hafi fjölgað mikið eins og fram hefur komið. Þetta ætti að öðru jöfnu að hafa bætt afkomu í greininni á Austurlandi, og þess vegna gefur þessi þáttur ekki til kynna að svonefnd ruðningsáhrif vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi hafi haft neikvæð áhrif á rekstur hótela og gistiheimila.

13.2 Almenn áhrif stóriðjuframkvæmda á ferðaþjónustu

Hér að framan hefur verið fjallað um fjölda gistinguátta og nýtingu hótela og gistiheimila og af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki séð að stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi hafi haft neikvæð áhrif. Þvert á móti sýnast áhrifin jákvæð ef borið er saman við t.d. Norðurland eystra þar sem áhrifa þessara framkvæmda hefur ekki gætt með beinum hætti.

Hins vegar er vert að velta því fyrir sér hver önnur áhrif kunni að hafa verið eða líklegt er að verði á ferðaþjónustu almennt vegna þessara framkvæmda, enda er gisting og það sem að henni snýr aðeins einn þáttur af mörgum sem skoða þarf þegar þessi atvinnugrein er annars vegar.

Vitað er að skoðanir eru skiptar um hvaða áhrif það rask sem er samfara virkjunar- og stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi muni hafa á ferðaþjónustu. Viðhorfin eru allt frá því að þarna hafi átt sér stað stórslys með hrikalegum óafturkræfum landspjöllum sem muni hafa mjög neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna til þess að þetta komi ferðaþjónustunni til góða með bættum samgöngum, fjölgun ferðamanna og aukinni hagsæld.

Þarna geta átt sér stað hagsmunaárekstrar milli virkjunarsinna, aðila í ferðaþjónustu og náttúruverndarsinna svo dæmi séu tekin. Á vef umhverfisráðuneytis er eftirfarandi skilgreining:

Ósnortið víðerni er landsvæði

- þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags vegna mannlegra umsvifa,
- sem er í a.m.k. 5 km. fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, s.s. raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum (sbr. vegalög),
- sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu. (Sótt 30. mars 2006 frá <http://www3.umhverfisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/277>)

Ljóst er af þessari skilgreiningu að engin umsvif mannsins eiga heima á þeim svæðum sem standa undir nafni sem ósnortin víðerni. Ferðaþjónustuaðilar sem byggja á aðgengi að slíkri náttúru vilja því að sjálfsögðu ekki virkjanir á þessum svæðum eða í nágrenni þeirra. Flestir geta verið sammála um að landspjöll sem slík séu neikvæð, enda er það jafnan fordæmt þegar þau eru gerð án tilgangs eða eitthvað annað komi í staðinn. Öðru máli gegnir þegar vega þarf og meta fórnir á móti því sem ávinnst. Þar hlýtur heildin að skipta mestu vegna þess að oft er misjafnt hvernig ávinningur eða óhagraði skiptist milli

þeirra sem málið varðar. Fyrirtæki sem hefur það sem meginverkefni að selja ferðir á óbyggðar slóðir þar sem ósnortin náttúra er í aðalhlutverki hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera í verri stöðu en ella ef ráðist er í framkvæmdir á þeim svæðum sem verið hafa bakland starfseminnar. Hins vegar geta þær verið öðru fyrirtæki í ferðaþjónustu, sem byggir t.d. á sölu veitinga og gistingar, hinn mesti hvalreki.

Mat á því jákvæða og neikvæða er ennþá flóknara þar sem annars vegar eru skammtímaáhrif og hins vegar langtímaáhrif. Á Austurlandi er auðveldara að meta skammtímaáhrifin, enda eru þau að hluta til þegar komin fram, en til lengri tíma litið er óvarlegt að fullyrða mikið. Að einhverju leyti má byggja á reynslu annarra og leiða líkur að því að niðurstaðan verði svipuð hér. Það verður þó aldrei annað en tiltekin nálgun út frá þeim forsendum sem þar eru til staðar og framtíðin ein getur svarað því hvort reyndin verði sú sama á Austurlandi og á þeim stöðum sem miðað er við.

Hér verður einkum tvennt tekið til skoðunar og viðmiðunar. Annars vegar Þjórsársvæðið og áhrif virkjana þar á ferðaþjónustu og hins vegar reynsla Norðmanna af sambúð virkjana og ferðaþjónustu.

Þjórsársvæðið

Búrfellsvirkjun (nú 270 MW) var fyrsta stórframkvæmd Landsvirkjunar. Hún var tilbúin 1970. Næstu virkjanir sem Landsvirkjun byggði voru Sigölduvirkjun (150 MW) 1977 og Hrauneyjafossvirkjun (210 MW) 1981, Sultartangavirkjun (120) 1999 og Vatnsfellsvirkjun (90 MW) 2001.

Virkjanir hafa í flestum tilvikum í för með sér bætt aðgengi að nálægum svæðum og það leiðir oftast til aukinnar umferðar ferðamanna. Landsvirkjun hefur í samvinnu við hagsmunaaðila merkt gönguleiðir og gert kort af svæðum í nágrenni virkjana. Jafnframt hefur verið hugað að fræðastofu um hálendið í samstarfi við ferðaþjónustuaðila í Hálendismiðstöðinni í Hrauneyjum. Þetta er einn liður í að auka samvinnu og gagnkvæman skilning milli þeirra sem standa fyrir nýtingu náttúruauðlinda og hinna sem lifa af ferðaþjónustu og um leið er reynt að setta sjónarmið ferðamanna og þeirra sem breyta náttúrunni með framkvæmdum.

Virkjunum fylgja óhjákvæmilega miklar breytingar á landslagi t.d. eru vegir lagðir um landsvæði sem áður voru óaðgengileg. Virkjanir hafa bætt aðgengi ferðamanna og besta dæmið um þetta eru Þjórsár- og Tungnaársvæðið. Með tilkomu Búrfellsvirkjunar var lagður vegur um Þjórsárdal, sem gerði hann að vinsælum áningastað ferðamanna. Það sama er upp á teningnum við virkjanir innar á hálendinu. Þar má nefna Kjalveg upp með Blöndu, veginn um Fljótsdalsheiði, svæðið við Leirhnjúk

og Víti ofan Kröflustöðvar og einnig liggur malbikaður vegur að Vatnsfellsvirkjun við Þórisvatn. (Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, 2002, bls. 4)

Rannsóknir eru af skörnum skammti á Íslandi á áhrifum virkjunarframkvæmda á ferðaþjónustu, en þó hefur ýmislegt komið fram á síðustu árum, bæði jákvætt og neikvætt. Í umræðu liðinna ára og áratuga hafa þau sjónarmið komið fram að þar hafi verið óvarlega farið og óafturkræf náttúruspjöll átt sér stað. Þær raddir koma sjaldnast frá aðilum í ferðaþjónustu. Þvert á móti hafa þeir sem hana stunda yfirleitt verið jákvæðir og benda á ýmislegt sínu máli til stuðnings. Þar vegur bætt aðgengi þungt, en í tengslum við virkjanir á þessu svæði voru vegir í uppsveitum Árnessýslu endurbættir og 70-80 km vegakerfi lagt inn fyrir Þórisvatn. Miðað við hvernig miðað hefur með gerð hálendisvega almennt eru litlar líkur á að þetta aðgengi væri fyrir hendi ef ekki hefði verið virkjað á svæðinu.

Það síðasta á þessum vettvangi er upplýsinga- og umræðufundur sem haldin var á vegum Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) 23. mars 2006, en efni fundarins var Samskipti ferðaþjónustu og virkjana.

Á fundinum komu fram mörg og fróðleg sjónarmið, m.a. um reynsluna af samspili ferðaþjónustu og virkjana á Tungna- og Þjórsársvæðinu. Mikill samhljómur er í því sjónarmiði að formlegt heildarskipulag vanti. Aðkomuleiðir þurfi að vera greiðfærar og góðir göngustígar út frá þeim að tilteknum stöðum sem fjöldi fólks sækir til, svo sem Landmannalauga. Á slíkum stöðum verði að vera góð aðstaða og þjónusta sem mikilvægt er að sé samræmd betur en nú er. Jafnframt verði að vera góðar jaðarmiðstöðvar, en frá þeim fara ferðamenn til að njóta náttúrunnar, víðáttu hennar og hreinleika. Á sumum stöðum verði að takmarka aðgang en það þurfi að gera af skynsemi og lagni. Einn ferðaþjónustuaðili svarar spurningunni um samspil virkjana og ferðaþjónustu á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu með mjög afgerandi hætti og telur það til fyrirmyndar. (Sótt 30. mars 2006 frá <http://www.saf.is>)

Spyrja má þeirrar spurningar hvort líklegt sé að reynslan verði á svipuðum nótum á svæðinu norðan Vatnajökuls og verður nánar fjallað um það síðar, en fyrst hugað að reynslu Norðmanna.

Reynsla Norðmanna

Segja má að áhrifa virkjana gæti strax og umræða um viðkomandi virkjunarkost hefst. Mörg dæmi eru um að það veki væntingar um aukna atvinnu og betri afkomu. Reynsla Norðmanna í Suldal þar sem Statkraft og Norsk Hydro reistu virkjanir á árunum 1968-1983 var sú að fólksfjöldi sveitarfélagsins hafi aukist verulega að loknum virkjunarframkvæmdum. Stafaði það m.a. af aukinni

þjónustu, bæði opinberri og einkaaðila sem byggðist upp á framkvæmdatímanum og stækkaði þannig þjónustusvæði sveitarfélagsins. (Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, 2002, bls. 6)

Sumarið 1969 samþykkti norska Stórþingið virkjunarframkvæmdir í Aurlandsdal. Málið hlaut mikla umfjöllun og ferðamönnum fjölgaði mikið þar, en strax ári seinna þegar framkvæmdir hófust fækkaði ferðamönnum aftur.

Tíu árum eftir að framkvæmdir hófust, eða árið 1981, voru ferðamenn um 59% færri en árið áður en framkvæmdirnar hófust. Frá árinu 1976 til 1983 hélst fjöldinn nokkuð stöðugur en árið 1984 lauk framkvæmdum og eftir það tók ferðamönnum aftur að fjölga og árið 1991 var fjöldi gönguferðamanna orðinn sá sami og fyrir framkvæmdir. Auk þess var nokkuð um að ferðamenn óku um dalinn. (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 1998, bls. 33)

Framkvæmdirnar í Aurlandsdal höfðu umtalsverð skammtímaáhrif en áhrifin á ferðaþjónustu til lengri tíma hafa lítil verið samkvæmt upplýsingum um fjölda ferðamanna. Til að reyna að greina áhrif framkvæmdanna frá öðrum og almennum breytingum í ferðaþjónustu voru tvö samanburðarsvæði skoðuð samtímis, en það eru Jötunheimur og Hardangervidda. Þessi svæði þóttu heppileg til samanburðar þar sem þau eru, eins og Aurlandsdalur, vinsæl göngusvæði í ósnertri náttúru þar sem ekki er hægt að fara um á bílum. Fækkun ferðamanna sem fram kom í Aurlandsdal á framkvæmdatíma þar kom ekki fram á hinum stöðunum, þó ferðamönnum hafi fækkað þar nokkuð um 1980. Þeir sem stóðu að þessum rannsóknum telja þessar niðurstöðu ekki sönnun þess að virkjunarframkvæmdir hafi valdið fækkun ferðamanna í Aurlandsdal, þó það hljóti að teljast nærtæk skýring.

Fram kom í þeirri könnun sem hér er nefnd að þeir ferðamenn sem leggja leið sína um Aurlandsdal eftir að framkvæmdum lauk finnst hann góður ferðamannastaður. Ein af röksemdunum fyrir virkjuninni var að við opnun svæðisins fyrir umferð bíla fengju fleiri ferðamenn tækifæri til að skoða svæðið. Það hefur gengið eftir og ferðamönnum hefur fjölgað úr um 3000 í milli 50 og 60 þúsund manns árið 1990 og það sem einnig vekur eftir tekt er að árið 1991 voru göngumenn orðnir fleiri en þeir voru fyrir virkjunarframkvæmdir.

Kárahnjúkavirkjun og hreindýr

Ýmsar kannanir hafa verið gerðar væntanlegum áhrifum Kárahnjúkavirkjunar á umhverfið. Ein af þeim er lokaverkefni við auðlindadeild Háskólans á Akureyri sem Anna Björk Hjaltadóttir skilaði í apríl 2005. Verkefnið heitir Kárahnjúkavirkjun og Snæfellshjörðin – Hvernig er hægt að meta áhrif Kárahnjúkavirkjunar á hreindýrastofninn á Vesturöræfum?

Markmið verkefnisins var að finna hvernig hægt væri að meta áhrif Kárahnjúkavirkjunar á hreindýrastofninn. Hér er í stuttu máli farið yfir helstur niðurstöður, enda liggur fyrir að ferðaþjónusta á Austurlandi nýtur góðs af tilvist hreindýra í landshlutanum, bæði beint og óbeint. Síðustu talningar sýna að hreindýrastofninn er nú um 4000 dýr. Svokölluð Snæfellshjörð er talin verða fyrir mestum áhrifum af Kárahnjúkavirkjun, enda heldur hún sig mikið á því svæði sem verður fyrir breytingum vegna virkjunarinnar. Þessi hjörð er allt að helmingur allra hreindýra á landinu, 1500-2000 dýr. Um tveir þriðju hluta hjarðarinnar ganga á sumrin á Vesturöræfum sem eru þýðingarmesta samarbeitsland hreindýranna. Á þessu svæði er gróðurlendi sem kallast Háls og er eitt mikilvægasta burðarsvæði Snæfellshjarðarinnar.

Með Kárahnjúkavirkjun verður til stórt uppistöðulón í Jökulsá á Dal, svokallað Háslón. Þegar það er fullt verður stærð þess um 57 ferkílómetrar, og gróið land sem fer undir vatn í Hálsinum austan Jöklu er um 19 ferkílómetrar. Vestan fljótsins í Kringilsárrana, norðan hans og í Múla og Hraunum fara samtals um 19 ferkílómetrar undir vatn.

Náttúrustofa Austurlands komst að eftir farandi niðurstöðu um varanleg áhrif Kárahnjúkavirkjunar á Snæfellshjörðina:

Sterkar líkur eru fyrir því að Kárahnjúkavirkjun hafi mikil áhrif á Snæfellshjörðina, einkum ef höfð eru í huga uppsöfnuð langtímaáhrif. Afleiðingarnar gætu orðið til þess að: Hreindýr komist ekki í eða úr Kringilsárrana og Saudafelli, truflun á vorfari raski burðarstað, truflun á haustfari seinki fengitíma og þar með burði, vöxtur og fitusöfnun að haustlagi minnki. Frjósemi minnki, dánartíðni aukist og hreindýrum á Snæfellsöræfum fækki og þar með öllum hreindýrastofninum. (Skarphéðinn G. Þórisson og Inga Dagmar Karlsdóttir, 2001, bls. 81)

Þá er nærtækt að spyrja, þar sem hér er fjallað um ferðaþjónustu, hvaða áhrif þetta muni hafa á hana. Annars vegar eru beinar tekjur af hreindýraveiðum (arðgreiðslur) og hins vegar óbeinar tekjur, þ.e. margfeldisáhrif veiðanna. Hreindýraveiðar standa yfir í sex til sjö vikur að sumri, frá seinni hluta júlí fram um miðjan september.

Heildartekjur af seldum veiðileyfum hafa farið hækkandi undanfarin ár og voru um 52,4 mkr árið 2005. Þar af var arður til landeigenda um 44,7 mkr, um 5,7 mkr til Umhverfisstofnunar vegna umsýslu og um 2,3 til Náttúrustofu Austurlands til vöktunar hreindýrastofnsins. Næstliðin ár hafa verið felld 600 til 800 dýr. Fjöldi veiðimanna hefur á sama tíma verið frá um 500 til liðlega 700. Fyrir utan skráða veiðimenn, þ.e. þá sem kaupa veiðileyfin eru félagar oft með í för. Hver veiðimaður þarf gistingu og fæði, leiðsögumann og jafnframt fellur oft fleira til svo sem þjónusta kjötiðnaðarmanns.

Anna Björk Hjaltadóttir komst að eftirfarandi niðurstöðu í lokaverkefni sínu:

Hreindýr eru gífurlega mikilvæg auðlind fyrir þá sem stunda ferðaþjónustu í kringum þau, þessar sex til átta vikur sem veiðitímabilið stendur yfir. Þetta er mikilvæg viðbót við þá hefðbundnu ferðaþjónustu sem fyrir er á Austurlandi. Það má því segja að gróflega metið séu hreindýr auðlind upp á u.þ.b. 100 – 200 milljónir fyrir Austurland. Til að fá þetta nákvæmar og betur út væri gott að gera nánari útreikninga og mat á virði auðlindarinnar. (Anna Björk Hjaltadóttir, 2005, bls. 18)

Í óformlegri viðhorfskönnun meðal landeigenda kom fram að almennt teldu menn að áhrifin af Kárahnjúkavirkjun yrðu lítil á hreindýrin, nema ef veðurfar versnaði. Áhrifin yrðu mest í slæmum árum þar sem skerðing yrði á góðu burðarsvæði, t.d. í Hálssum. Almennt má því segja að bændur telji veðurfarið hafa meira að segja um afdrif hreindýrastofnsins en virkjunarframkvæmdirnar.

14. NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Hér að framan hefur verið leitast við að lýsa áhrifum stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi á samfélagið. Í meginatriðum hefur sjónarhornið verið almennt og miðast við að gefa sem víðtækast yfirlit um stöðu ýmissa þátta í samfélaginu við upphaf framkvæmda ásamt því að lýsa breytingum eða þróun það sem af er framkvæmdatímanum. Það liggur í augum uppi að í verkefni sem þessu verður aldrei dregin upp tæmandi mynd af samfélaginu og þeim breytingum sem þar eru stöðugt að eiga sér stað. Í þessum kafla verður leitast við að draga saman það sem skýrsluhöfundar telja mikilvægustu áhrif eða breytingar vegna stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi. Óhjákvæmilegt er að slík upptalning orki tvímælis og þá ekki síst í ljósi þeirrar gríðarlegu umræðu sem verið hefur um áhrif framkvæmdanna í samfélaginu. Það á ekki síst við um Kárahnjúkavirkjun en á árunum 1999-2005 komast fá mál með tærnar þar sem hún hefur hælana hvað varðar fjölda greina og fréttu í fjölmiðlum (Kjartan Ólafsson, 2006).

Þegar rætt er um forsögu þess að ráðist var í stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi verður að líta til þeirra tengsla sem eru milli uppbyggingar velferðarkerfisins á Íslandi þar sem rík áhersla er á fulla atvinnu og lágmarksbætur til þeirra sem standa utan vinnnumarkaðar (Stefán Ólafsson, 1999) og svo atvinnu- og byggðastefnu hins vegar þar sem áhersla hefur verið á nýtingu orkulinda landsins til iðnaðar (Gunnar Helgi Kristinsson o. fl., (1992) Allir stjórn mála flokkar seinni hluta síðustu aldar (fjórflökkarnir) studdu stóriðju á Íslandi þó deilt væri um rekstrarform og hlutdeild erlendra aðila í slíkri starfsemi. Í samræmi við þetta hafa með reglulegum hætti, allt frá því á níunda áratug 20. aldar, komið fram hugmyndir um mögulega iðnaðaruppbyggingu á Austurlandi. Seinni tíma hugmyndir um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og lagasetning þar að lútandi í lok síðustu aldar (sjá Tuija Hilding-Rydevik og Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, 2004) hefði átt að leiða til endurskoðunar á framkvæmd þeirrar atvinnustefnu sem á allra síðustu árum hefur fengið á sig nafnið stóriðjustefna. Að einhverju leyti eru þau átök sem verið hafa um álvers- og virkjunarframkvæmdirnar á Austurlandi því ekki átök um þær tilteknu framkvæmdir heldur birtingarmynd samræðu sem hefði þurft að eiga sér stað með öðrum hætti og á öðrum vettvangi. Óhjákvæmilegt er að það sem rætt er í þessari áfangaskýrslu verði túlkað í ljósi þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað og hér er því rétt

að leggja áherslu á þá skoðun höfundar þessarar skýrslu að breytingar á samfélaginu séu ekki góðar eða slæmar í sjálfu sér heldur túlka einstaklingar og hópar innan samfélagsins tiltekna þróun sem jákvæða eða neikvæða í ljósi eigin stöðu og viðhorfa.

Varðandi forsendur þeirrar greiningar sem hér er byggt á vísast til kafla 3 og 4 hér að framan þar sem gerð er grein fyrir ýmsum lykil hugtökum og skilgreiningum sem notast er við. Hér er ekki tilefni til að endurtaka það sem þar er sagt utan að rétt er að benda á að í þessu verkefni er rannsóknarsvæðinu ekki skipt með hefðbundnum hætti í kjördæmi og sveitarfélög heldur er notast við hugtökin norðursvæði, miðsvæði og suðursvæði.

Austurland hefur ekki farið varhluta af þeirri búsetuþróun sem varð á Íslandi á 20. öld. Flestir fræðimenn líta á búferlaflutninga sem órjúfanlegan hluta af iðnvæðingu samfélagsins og að sú þróun hafi orsakað (kallað á) þéttbýlismyndun (Shresta, 1988). Á öldinni sem leið þróaðist samfélagið í stórum dráttum úr landbúnaðarsamfélagi þar sem verkaskipting var takmörkuð og yfir í tæknivætt borgarsamfélag með síhækkandi menntunarstigi og síaukinni verkaskiptingu. Þrátt fyrir umtalsverðan brottflutning fólks frá Austurlandi alla 20. öld voru árin frá 1957 og fram til 1982 eða þar um bil, tímabil hægfara fólksfjölgunar og í byggðaþróunaráætlun fyrir Austurland frá miðjum áttunda áratug síðustu aldar (Hagvangur, 1975:27) var því spáð að íbúafjöldi á Austurlandi myndi verða á bilinu 12.400 til 12.700 árið 1980. Sú spá gekk eftir og gott betur því árið 1980 voru íbúar á Austurlandi orðnir nærri 12.900 en eftir það stóð íbúafjöldinn því sem næst í stað (komst hæst í 13.200 árið 1989) og frá árinu 1990 tók íbúum að fækka og það nokkuð hratt. Frá 1991 og fram til 2000 fækkaði íbúum á Austurlandi þannig um rétt rúmlega 1% á ári. Af hálfu stjórnvalda var því ekki haldið fram að markmið með stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi væri að snúa við þessari mannfjöldaþróun. Ýmsir aðrir og þá ekki síst sveitarstjórnarmenn á Austurlandi lögðu hins vegar ríka áherslu á stóriðjuuppbygginguna sem leið til að bregðast við íbúafjöldaþróuninni. Í skýrslu um samfélagsleg áhrif álvers í Reyðarfirði var þannig fullyrt: „Fyrirhugað Álver í Reyðarfirði er stærsta tækifærið sem er í sjónmáli til að snúa byggðarþróun á Austurlandi við og auka samkeppnishæfni svæðisins þannig að það laði til sín fjármagn og atgervisfólk.“ (Nýsir, 2002:43). Þessi spá hefur að hluta til ræst og íbúafjöldi á rannsóknarsvæðinu hefur vaxið nokkuð. Hins vegar er þar einkum um að ræða erlenda starfsmenn við framkvæmdir og fram á mitt árið 2006 hafði íbúum með íslenskt ríkisfang ekki fjölgað að neinu marki á miðsvæðinu næst framkvæmdunum. Framkvæmdirnar virðast engin teljandi áhrif hafa haft á íbúafjölda á svæðum norðan og sunnan miðsvæðisins. Enn er þó of snemmt að draga þá ályktun að væntingar um íbúafjölgun sem meðal annars er að finna í

áðurnefndri skýrslu vegna mats á samfélagsáhrifum álversins hafi verið óraunhæfar enda hafði álver Fjarðaáls um mitt árið 2006 aðeins ráðið í litinn hluta þeirra starfa sem þar verða í boði. Hins vegar virðist ljóst að vegna framkvæmdanna sem slíkra hafi ekki orðið íbúafjölgun.

Áhrif framkvæmdanna á Austurlandi eru greinileg á efnahag íbúanna á Austurlandi. Atvinnutekjur þeirra hafa hækkað mikið á undanförunum árum og meira en á landinu í heild. Mikill vöxtur atvinnutekna hefur verið á svæðinu í iðnaði en lækkandi tekjur í frumvinnslugreinum (landbúnaður og fiskveiðar). Þessi tilfærsla milli fyrrnefndra sviða atvinnulífsins er megin breytingin sem hefur orðið á tímabilinu. Má velta því fyrir sér hvort þetta sé til marks um hraða þróun samfélagsins til iðnaðar- og þjónustusamfélags. Hvort þessar breytingar halda áfram, eru yfirstaðnar eða ganga að einhverju leyti til baka er hins vegar erfitt að segja um. Framkvæmdunum lýkur á næstu árum og núverandi íbúar Austurlands sem eru útlendingar til heimilis í vinnubúðum munu flestir fara aftur af landi brott. Í staðinn koma hundruð starfa í iðnaði og er þá verið að tala um störfín í álverinu sjálfu. Ljóst er því að iðnaður verður meiri á svæðinu en var fyrir stórframkvæmdirnar og mun skapa þar miklar tekjur til framtíðar. Meiri óvissa er um frumvinnslugreinarnar.

Almennt má segja að fyrir stóriðjuframkvæmdirnar hafi ekki verið meira atvinnuleysi á Austurlandi en annarsstaðar á landinu. Atvinnulíf hafi þó verið einhæft. Atvinnuþátttaka hafi jafnframt verið meiri en almennt á Íslandi. Eftir að framkvæmdir hófust hefur orðið mikil breyting á vinnumarkaðinum. Mikið af erlendu vinnuaflí hefur komið inn og gert það að verkum að ýmsar stærðir eru ekki samanburðarhæfar við fyrri gögn. Atvinnuleysi hefur minnkað og orðið mun minna en annarsstaðar á landinu. Atvinnuþátttaka er mun meiri en áður en óljóst er hvernig hún hefur þróast hjá þeim íbúum sem ekki eru tímabundið á vinnumarkaðnum á Austurlandi. Athyglisvert er að atvinnusókn á milli bæja á Austurlandi hefur verið lítil þrátt fyrir litla fjarlægð milli þeirra. Þetta er eitt af því sem stóriðjuframkvæmdirnar og rekstur álversins er líklegt til að breyta varanlega. Töluverður áhugi er hjá íbúum Austurlands að starfa í álverinu, mestur er áhuginn hjá körlum búsettum í nágrenni við það.

Stóriðjuframkvæmdirnar hafa haft mikil áhrif á húsnæðismarkaðinn á Austurlandi. Áhrifin virðast þó vera bundin við Mið-Austurland. Þar hefur mikið verið byggt og verð hækkað mikið. Engin áhrif eru t.d. merkjanleg í Hornafirði. Verð á íbúðarhúsnæði hefur hækkað verulega á Austurlandi en verð hefur að vísu hækkað mikið annarsstaðar líka svo

sem á Suðvesturhorninu og í Eyjafirði. Verð á íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi virðist stefna í að verða svipað og á Akureyri en er þó enn aðeins lægra. Verð á Akureyri og á Mið-Austurlandi er töluvert lægra en í Reykjavík. Minni gerjun virðist hafa átt sér stað á markaði með atvinnuhúsnæði og hefur ekki verið byggt áberandi meira af því síðastliðin 2-3 ár en árin þar á undan.

Þegar litið er til áhrifa framkvæmdanna á einstök sveitarfélög er greinilegt að áhrif af þeim eru staðbundin. Í grófum dráttum má segja að þeirra gæti aðeins með beinum hætti í Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppi og Fljótsdalshéraði og að hluta til í Austurbyggð. Samkvæmt skoðanakönnunum og viðtölum við einstaklinga eru áhrifin staðbundnari en flestir höfðu reiknað með. Þetta á sérstaklega við um skammtímaáhrif en meiri óvissa er um áhrifin til lengri tíma litið.

- HEIMILDIR

Prentaðar heimildir

- Anna Björk Hjaltadóttir (2005). *Karábnjúkavirkjun og Snæfellsbjörðin. Hvernig er hægt að meta ábrif Karábnjúkavirkjunar á breindýrastofninn á Vesturörfum?* Óbirt BS. ritgerð, Háskólinn á Akureyri.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir (1998). *Ábrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku.* Reykjavík: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Landsvirkjun.
- Berglund, A., Johansson, S. og Molina, I. (2005). *Med periferien i sentrum – En studie av lokal velferd, arbeidsmarked og kjønnsrelasjoner i den nordiska periferien.* Alta: Norut NIBR Finnmark.
- Bishop, C., E. (1964). *Geographic and occupational mobility of rural manpower.* Paris: OECD.
- Byggðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2003). *Fólk og fyrirtaki: Um búsetu og starfskilyrði á landsbyggðinni.* Akureyri og Reykjavík: Byggðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun.
- Denzin, N. (1970). Strategies of multiple triangulation. Í Denzin, N. (ritsj.), *The research act in sociology. A theoretical introduction to sociological method (297-313).* New York: McGraw Hill.
- Framkvæmdastofnun Ríkisins (1982). *Mannaflí við virkjanaframkvæmdir.* Reykjavík: Framkvæmdastofnun Ríkisins – Áætlanadeild.
- Fréttablaðið 14.mars 2006, Iðnaðarblaðið-sérblað um íslenskan iðnað.
- Grétar Þór Eyþórsson, Kjartan Ólafsson og Hjalti Jóhannesson (2001). *Karábnjúkavirkjun: Mat á samfélagsáhrifum.* Reykjavík: Landsvirkjun; LV-2001/031.
- Grétar Þór Eyþórsson, Kjartan Ólafsson og Hjalti Jóhannesson (2001). *Karábnjúkavirkjun. Mat á samfélagsáhrifum.* Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (1995). *Kvinnofack eller integrering som strategi mot underordning. Diskussion kring kvinniliga fackforeningar på Island*. Lund: University Press.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2001). *Hér liggur fiskur undir steini. Um ábirf tækni á vinnuskipulag og líðan fólks í fiskkvinnslu*. Reykjavík: Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands.
- Gunnar Helgi Kristinsson, Halldór Jónsson og Hulda Þóra Sveinsdóttir (1992). *Atvinnustefna á Íslandi 1959-1991*. Reykjavík: Félagsvísindasofnun Háskóla Íslands.
- Hagvangur (1975). *Austurlandsáætlun*. Reykjavík: Framkvæmdastofnun ríkisins.
- Hjalti Jóhannesson (2003). Um tilfærslu mannfjöldans á 20. öldinni og viðleitnina til að hamla á móti straumnum. Í greinasafninu *Afmáliskevðja til Háskóla Íslands*. Akureyri: Bókaútgáfan Hólar.
- Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson (2003). *Forgangsröðun framkvæmda í vegakerfinu: Félags- og efnahagsleg ábrif samgöngubóta*. (Áfangaskýrsla II. Akureyri: RHA.
- Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson (2004). *Samgöngubætur og félags- og efnahagsleg ábrif þeirra – Þróun Matsaðferða*. Akureyri: RHA.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. 2004. Uppruni og þróun íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ristj.), *Íslensk Félagsfræði. Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (156).. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingólfur V. Gíslason & Kjartan Ólafsson (2005). Könsmönster i flyttingar frá landsbygden på Island. Í Anna-Karin Berglund, Susanne Johansson & Irene Molina (ritsj.), *Med periferien i sentrum - en studie av lokal velferd, arbeidsmarked og kjønnsrelasjoner i den nordiske periferie*. (bls. 142-168) Alta: Norut NIBR Finnmark.
- Jón Þorvaldur Heiðarsson (2005). *Íbúafjöldi og þörf á íbúðarbúsnæði á Austurlandi árið 2008*. Akureyri: Bygðarannsóknastofnun Íslands.
- Jón Þorvaldur Heiðarsson og Valtýr Sigurbjarnarson (2005). *Jarðgöng á Austurlandi – Mat á samfélagsáhrifum og arðsemi*. Akureyri: Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.
- Kjartan Ólafsson (2005). *Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers og virkjunarframkvæmda á Austurlandi - Könnun meðal fólks á Austur- og Norðausturlandi haustið 2004*. Akureyri: Bygðarannsóknastofnun Íslands.

- Kjartan Ólafsson og Elín Aradóttir (2004). *Bjartsýni og búferlaflutningar: Greinargerð og hugleiðingar um niðurstöður nokkurra kannana árið 2004*. Akureyri: Byggðarannsóknastofnun.
- Kjartan Ólafsson og Hekla Gunnarsdóttir (2002). *Búsetuskilyrði á Íslandi: Rannsókn meðal fólks í fjórum landsblutum*. Akureyri: Byggðarannsóknastofnun Íslands.
- Kjartan Ólafsson og Ingólfur V. Gíslason (2006). Gender patterns of internal migration in Iceland. Í Elín Aradóttir (ritsj.), *Proceedings of NSN's Annual Conference Sept. 22-25 2005, Akureyri Iceland*. (bls. 49-64) Akureyri: University of Akureyri
- Lýður Björnsson (2001). Breytingar á skipun sveitarfélaga 1700-2001. *Sveitarstjórnarmál*, 3, 168.
- Myrdal, G. (1957) *Rich Lands and Poor*. New York: Harper and Row.
- Norræna ráðherranefndin (2002). *Nöjda sá in i Norden*. København: Nordisk Ministerråd.
- Nýsir hf. (2002). *A study of the socio-economic impact of the proposed Alcoa aluminum smelter plant in Reyðarfjörður, Iceland*. Reykjavík: Nýsir ltd.
- Nýsir hf. (2001). *Mat á samfélagslegum og efnabagslegum ábrifum álvers í Reyðarfirði*. Reykjavík: Reyðarálf hf.
- Nýsir hf. (2002). *Mat á samfélagslegum og efnabagslegum ábrifum álvers Alcoa í Reyðarfirði*. Reykjavík: Nýsir hf
- Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir (2002). *Hálendi Íslands – hver verður framtíð þess? Óbirt nemendaverkefni*, Háskólinn á Akureyri.
- Samband íslenskra sveitarfélaga (2005). *Árbók sveitarfélaga 2005*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Schaefer, Richard T. (2004). *Sociology Matters*. New York: The MCGraw-Hill.
- Shresta, N., R. (1988). A structural perspective on labour migration in underdeveloped countries. *Progress in Human Geography*, 12(2), 179-207.
- Silverman, D. (ritsj.) (1997). *Qualitative Research Theory, Method and Practice*. Sage Publications.

- Skarphédinn G. Þórisson og Inga Dagmar Karlsdóttir (2001). *Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á íslenska breindýrastofninn. Unnið fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands og Landsvirkjun. NA-36. LV-2001/023*. Egilsstaðir: Náttúrustofa Austurlands.
- Skipulagsstofnun (2001). *Kárahnjúkavirkjun allt að 750 MW – Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum*.
- Stefán Ólafsson (1999). *Íslenska leiðin. Almennatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Tryggingastofnun ríkisins.
- Stefán Ólafsson (1997). *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflluninga*. Reykjavík: Byggðastofnun
- Hilding-Rydevik, T & Ásdís Hlökk Theodórsdóttir (2004). *Planning for Sustainable Development – the practice and potential of Environmental Assessment*. Stockholm: Nordregio
- Ævar Þórolfsson, Guðrún Árnadóttir og Friðrik H. Jónson (2001). *Afstaða brottfluttra Austfirðinga til álvers í Reyðarfirði*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Örn D. Jónsson (1990). *Blönduvirkjun og atvinnulíf Norðurlands-Vestra*. Skýrsla samin fyrir ráðherraskipaða nefnd.

Rafrænar heimildir

- Alcoa (2003, 14. mars). *Signing of agreements on construction of the Fjarðaál sf. aluminum smelter in Reyðarfjörður*. Sótt frá http://www.alcoa.com/iceland/ic/news/news_release/agreement.asp
- Alþingi (1987, lög nr. 80, 16. október 1987). *Lög um kosningar til alþingis*. Sótt 22. september 2006, frá <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000024html#g130>
- Heibrigiðsráðuneytið (2006). *Öldrunarstofnanir á Austurlandi*. Sótt 29. september 2006 frá http://heilbrigdisraduneyti.is/stofnanir//nr/1244#Oldrunarstofnanir_a_Austurlandi
- Kjartan Ólafsson (2006) Sources of information for young people on nationally debated issues. Sótt 22. september 2006 frá <http://www.dream.dk/>
- Ríkislögreglustjórinn (2004a). *Ársskýrsla 2004*. Sótt 22. september 2006 frá http://www.logreglan.is/upload/files/RLS_ARSSK_04_light%281%29pdf
- Ríkislögreglustjórinn (2004b). *Afbrotatölfræði 2004*. Sótt 22. september 2006 frá <http://www.logreglan.is/upload/files/afbrotatolfraedi2004.pdf>
- Rúv (2006a, 27. mars). Sótt 27. mars 2006 frá <http://ruv.is>

Rúv (2006b, 01. mars). Sótt 01. mars 2006 frá <http://ruv.is>


Rúv (2006c, 08. febrúar). Sótt 08. febrúar 2006 frá <http://ruv.is>

Samtök ferðaþjónustunnar (2006, 30. mars) Sótt 30. mars frá <http://saf.is/is/>


Umhverfisráðuneyti (2006, 30. mars). *Ósnortin víðerni – niðurstaða starfbóps*. Sótt 30. mars 2006 frá <http://www3.umhverfisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/277>

Viðauki 1. Mannfjöldi eftir kyni og aldri 2002 og 2005


Mannfjöldi eftir kyni og aldri á miðsvæði Austurlands 2002




Mannfjöldi eftir kyni og aldri á norðursvæði 1. desember 2002




Mannfjöldi eftir kyni og aldri á suðursvæði 1. desember 2002




Mannfjöldi á Íslandi eftir kyni og aldri 1. desember 2002




Mannfjöldi eftir kyni og aldri á miðsvæði Austurlands 1. desember 2005




Mannfjöldi eftir kyni og aldri á norðursvæði 1. desember 2005



Mannfjöldi eftir kyni og aldri á suðursvæði 1. desember 2005



Mannfjöldi á Íslandi eftir kyni og aldri 1. desember 2005



Heimild: Hagstofa Íslands